**KOLBRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR**

*Brunaði á mótorfáki eftir þjóðvegi 66*

• ferðir • nám

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**GUÐFINNUR HALLDÓRSSON**

*Range Rover er geim óver*

Fólk situr uppi með lúxuskerrurnar

**FÓLK 30**




SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

5. nóvember 2008 — 303. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

**Ætla að efla starfsemina**



Barnavistun, félag dagforeldra í Reykjavík, er fimmtán ára um þessar mundir.

**TÍMAMÓT 16**

**Andspyrnuhreyfing**

Einar Már Jónsson segir frá þeim krókaleiðum sem áhrif stjórnmálamanna á menningarlíf fara stundum eftir.

**Í DAG 12**



**Hrærðir yfir Íslandsför**

Frank Hvam og Casper Christiansen himinlifandi með Íslandsferðina.

**FÓLK 24**

**Meistaradeild Evrópu**



Nokkuð var um óvænt úrslit í leikjum gærkvöldsins.

**ÍÞRÓTTIR 26**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA** Fram eftir degi verður allhvöss eða hvöss sunnanátt vestan til á landinu annars mun hægari. Skúrir á víð og dreif vestan til en yfirleitt bjart veður á Norðaustur- og Austurlandi. Milt.

**VEÐUR 4**

# Hluthöfum í Kaupþingi var mismunað

**Persónulegar ábyrgðir starfsmanna gamla Kaupþings af hlutabréfakaupum voru felldar niður. Óréttlátt og greinilega verið að mismuna hluthöfum segir stjórnarþingmaður. Logið að fólki segir formaður Félags fjárfesta.**

**VIÐSKIPTI** Persónulegar ábyrgðir starfsmanna gamla Kaupþings af lánum til hlutabréfakaupa í bankanum voru felldar niður með ákvörðun stjórnar bankans þann 25. September. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem stjórnin sendi frá sér síðdegis í gær.

Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, segir að allar ákvarðanir sem teknar séu innan þriggja mánaða frá því félög komast í þrot séu endurskoðaðar í gjaldþrotabúinu. Sérstaklega sé það gert við einhliða ákvarðanir eins og þá sem stjórn gamla Kaupþings tók í lok september. Hann segir mögulegt að skiptastjóri rifti ákvörðun stjórnarinnar og hefur stjórn Nýja Kaupþings þegar leitað eftir utanaðkomandi áliti lögmanns á því hvort ákvörðun stjórnarinnar sé riftanleg.

Vilhjálmur Bjarnason, formaður Félags fjárfesta, segir að með ákvörðun sinni hafi stjórn gamla Kaupþings gengið á rétt annarra hluthafa.

„Það er beinlínis verið að ljúga að þeim um stöðu bankans," segir Vilhjálmur. „Ég varð ekki var við að þetta hafi verið tilkynnt á vef Kauphallarinnar en þessi ákvörðun hefði auðvitað átt að birtast þar. Auðvitað er þetta riftanlegt."

Árni Páll Árnason, einn fulltrúa Samfylkingarinnar í viðskiptanefnd Alþingis, segir mjög eðlilegt og sjálfsagt mál að kanna hvort ekki sé hægt að rifta þessum gjörningi.

Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis, segir að ákvörðun stjórnarinnar sýni að hún hafi ekki séð það fyrir að hlutabréf í bankanum kynnu að lækka og það finnist honum klaufalegt.

„Það er afar óréttlátt að starfsmenn bankans séu leystir undan ábyrgð meðan aðrir hluthafa sitja uppi með hana," segir Pétur. „Þarna er ekki gætt jafnræðis heldur er greinileg mismunun í gangi. Almenni hluthafinn, sem kannski hefur tapað ævisparnaðinum eða er með lán á bakinu fyrir hlutabréfakaupunum, þarf að standa sína pligt."

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, var ekki tilbúin að tjá sig um málið í gærkvöldi.

**- bj, hhs. jse /** **sjá síðu 4**



**MEÐ FJÖLSKYLDUNNI Á KJÖRSTAÐ** Michelle, eiginkona Baracks Obama, og dætur hans, Malia og Sasha, fylgdu honum á kjörstað í Chicago í gærdag. Úrslit forsetakosninga Bandaríkjanna lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. NORDICPHOTOS / AFP

Willem H. Buiter hagfræðingur telur að í ár hefði fátt getað bjargað bönkunum:

# Íslendingar gátu beðið til guðs

**EFNAHAGSMÁL** Willem H. Buiter hagfræðingur telur að í raun hafi aðeins verið völ á þrennum úrræðum fyrir Íslendinga. Þeir hefðu getað leitað til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mun fyrr en raun varð á. Í öðru lagi nefnir hann að framtíðartekjum af orkuauðlindum hefði mátt breyta í fé. Þriðja úrræðið hafi einfaldlega verið að biðja til guðs.

Buiter, sem, ásamt Anne Sibert, skrifaði svarta skýrslu um stöðu íslensku bankanna í vor, segir að þegar þau hófu skoðun á íslensku bönkunum í byrjun árs hefðu veikleikar þeirra strax orðið ljósir. Þetta hefði hver sem er átt að sjá árið 2004 eða jafnvel enn fyrr. Lítið land með eigin mynt gæti ekki borið alþjóðlegar fjármálastofnanir. Þegar drög lágu fyrir að skýrslu þeirra í apríl hafi hún þegar verið send stjórnvöldum. Enn fremur hafi efni hennar verið rætt við menn úr Seðlabankanum í sumar.

**- ikh /** **sjá Markaðinn**



**STAÐAN TEKIN** Skuggabankastjórn Markaðarins hittist í gær. Seðlabankinn birtir vaxtaákvörðun á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óbreyttir vextir á óvissutíma:

# Vilja að stjórn Seðlabanka víki

**VIÐSKIPTI** Bankastjórn Seðlabanka Íslands á að sæta ábyrgð og víkja. Þetta segir skuggabankastjórn Markaðarins nauðsynlegan þátt í að endurvekja traust á hagstjórn landsins.

Seðlabanki Íslands kynnir stýrivexti og Peningamál, efnahagsrit bankans, á vaxtaákvörðunardegi sínum á morgun.

Skuggabankastjórnin segir að á meðan ekki liggi fyrir til hvaða aðgerða verði gripið í efnahagsáætlun þeirri sem stjórnvöld hafa lagt fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þurfi vextir að vera óbreyttir í 18 prósentum. Brýnast sé að ná tökum á krónunni.

**- óká /** **sjá Markaðinn**

Varalitshylki frá Truman:

# Gjöf til forsetafrúar á uppboði

**FÓLK** Athyglisverður munur, sem snertir sögu landsins, hefur nú skotið upp kollinum á uppboðsvef danska uppboðshaldarans Bruun Rasmussen. Um er að ræða Cartier-úr sem jafnframt er varalitshylki úr 14 karata gulli. Hluturinn er á uppboðsvefnum sagður gjöf til Georgíu Björnsson, konu Sveins Björnssonar fyrsta forseta landsins, og er gefandinn enginn annar en Harry S. Truman, fyrrverandi Bandaríkjaforseti. Samkvæmt gengi dagsins í gær er hluturinn metinn á milli 130 til 180 þúsund krónur. Uppboðinu lýkur 26. nóvember.

**- jbg /** **sjá síðu 30**




Fréttablaðið er með 116% meiri lestur en Morgunblaðið.

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.




10%

vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

spron – bankinn þinn



**SPURNING DAGSINS**



*Villi, ætlarðu að negla þetta?*

„Já, heilir 60 manns á sviðinu, alveg naglasúpa."

Rokktríóið 200 þúsund naglbítar ætlar að halda tónleika ásamt Lúðrasveit verkalýðsins á Akureyri. Vilhelm Anton Jónsson er söngvari Naglbítanna.

Tveir hundar gómaðir eftir að hafa bitið búfénað og fólk í Borgarbyggð:

# Tveir grimmir hundar aflífaðir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi hefur á skömmum tíma látið aflífa tvo hunda sem staðnir voru að því að bíta fólk og búfénað. Síðari hundurinn var svæfður um helgina.

Í öðru tilfellinu var um smáhund af terríerkyni að ræða. Hann rauk í fé ásamt tveimur öðrum hundum af sömu tegund. Hundurinn, sem var aflífaður, náðist eftir að hann hafði bitið lamb, að sögn lögreglu. Hinir komust undan. Hundarnir hafa ítrekað farið í fé á svæðinu.

Þessir sömu hundar hafa orðið uppvísir að því að veitast að börnum á skólalóð Varmalandsskóla í Borgarfirði. Hafa þeir stokkið að þeim, hangið í fötum þeirra og glefsað til þeirra. Málið er í frekari vinnslu, að sögn lögreglu.

Í hinu tilfellinu var um stærri hund að ræða, af blönduðu kyni. Hann hafði strokið að heiman ásamt öðrum hundi. Það ferðalag endaði með því að hann beit tvítugis sextán ára stúlku við sumarbústað í Skorradal. Stúlkan hlaut blæðandi áverka eftir annað bitið.

Lögreglan hefur fundað með fulltrúum frá Borgarbyggð og heilbrigðisfulltrúa Vesturlands um samræmdar aðgerðir yfirvalda gegn lausagöngu hunda í Borgarbyggð og aukið eftirlit með hundahaldi. **- jss**



**GRIMMIR HUNDAR** Tveir hundar voru drepnir nýverið, sá síðari um helgina, eftir að þeir höfðu bitið fólk og búfénað. Myndin er úr safni.

Þrír teknir vegna nauðgunar:

## Stúlkan mundi bílnúmerið

**LÖGREGLUMÁL Þrír karlmenn voru handteknir í gær í tengslum við nauðgun á 17 ára gamalli stúlku í heimahúsi á höfuðborgarsvæðinu. Kæra á hendur þeim hefur verið lögð fram.**

**Stúlkan leitaði til lögreglu snemma í gærmorgun. Hún lýsti atburðarás og gaf upp númer á bíl.**

**Skömmu síðar fann lögregla bílinn. Í honum voru þrír menn sem svöruðu til lýsingar stúlkunnar. Þeir voru handteknir og færðir á lögreglustöð, þar sem þeir sættu yfirheyrslum. Í gærkvöldi var gerð krafa um gæsluvarðhald yfir þeim. - jss**

# Staðgreiðslu krafist áður en borðað var

**Þess eru dæmi að Íslendingar í útlöndum hafi verið krafðir um staðgreiðslu fyrir bílaleigubíla, þjónustu og jafnvel mat áður en byrjað var að borða. Íslenskur ferðamaður var krafinn um sönnun þess að hann gæti framfleytt sér á Spáni.**

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneytinu hafa borist milli 20 og 30 tölvubréf frá Íslendingum erlendis sem telja sig hafa orðið fyrir óþægindum eða ósanngjarnri meðferð erlendis vegna ástandsins í efnahagsmálum. Þar segir meðal annars íslensk kona farir sínar ekki sléttar. Til þess að fá að komast inn í Spán sem ferðamaður var þess krafist að hún sannaði að hún hefði næga fjármuni meðferðis til að framfleyta sér.

„Mörg af þessum tölvubréfum eru vegna erfiðleika við millifærslu fjármuna," segir Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins. „Þau mál hafa flest ef ekki öll verið leyst.

Að öðru leyti er um að ræða einstök tilvik þar sem fólk hefur lent í því að vera krafið um staðgreiðslu, til dæmis fyrir bílaleigubíla, aðra þjónustu og jafnvel mat."

Urður segir að jafnframt hafi ráðuneytinu borist stöku kvartanir vegna neikvæðrar framkomu við Íslendinga, meðal annars í lánastofnunum erlendis.

„En það er erfitt að draga eindregnar ályktanir af því sem komið er inn, enda hefur aðeins verið boðið upp á þessa þjónustu í rúmlega tíu daga. Vissulega eru einstök dæmi um ósanngjarna meðferð en þau eru eðlilega einkum bundin við lönd þar sem margir Íslendingar eru, eins og Bretland og Danmörku. Við verðum að horfa á þessar tölur meðal annars með tilliti til þess hvar Íslendingar eru flestir og þá er einkum um að ræða erfiðleika með millifærslur."

Spurð hvort ráðuneytið hafi séð sig knúið til að grípa inn í einhver tiltekin mál segir Urður að það hafi haft milligöngu um að aðstoða fólk við að leysa millifærslumálin. Að öðru leyti hafi ekki komið til kasta ráðuneytisins, þar sem málin hafi ekki verið þess eðlis.

Urður undirstrikar enn fremur að umrædd þjónusta ráðuneytisins verði áfram til staðar. Þangað geti fólk sem telur sig hafa orðið fyrir óþægindum eða ósanngjarnri meðferð í útlöndum skrifað á netfangið borgarathjonusta@utn.stjr.is.

„Við viljum endilega heyra af slíkum atvikum ef þau eiga sér stað," segir hún. „Við getum þá brugðist við fljótt og vel, auk þess sem það gefur mögulega mynd af því hvernig viðhorfið er þegar lengra líður." **jss@frettabladid.is**



**UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ** Þangað má senda tölvupóst á borgarathjonusta@utn.stjr.is telji fólk sig hafa orðið fyrir óþægindum eða ósanngjarnri meðferð í útlöndum vegna efnahagsástandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**URÐUR GUNNARSDÓTTIR** Þjónustan heldur áfram.



**JÓLATRÉ ÚR HEIMAGARÐI** Þetta fallega, jólatré er ættað úr garði í Hafnarfirði en stendur nú við Reykjavíkurveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jólatré úr görðum íbúanna:

## Jólatré sett upp í Hafnarfirði

**UMHVERFISMÁL** Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar hófu í síðustu viku að setja upp jólatré. Að sögn Björns Bögeskov Hilmarssonar, garðyrkjustjóra Hafnarfjarðar, eru þau öll, utan tveggja gjafatrjáa frá Fredriksberg og Cuxhaven, fengin úr heimagörðum í bænum. Björn segir bæinn hafa auglýst eftir trjám sem íbúar vildu losna við úr görðum sínum. Kveikt verður á jólatrjám í Hafnarfirði 27. og 28. nóvember næstkomandi en Jólaþorpið á Thorsplani verður opnað 29. nóvember. **- ovd**

Bogi Nilsson hættir við:

## Skoðar ekki fall bankanna

**EFNAHAGSMÁL Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, ætlar ekki að stjórna skýrslugerð um aðdragandann að hruni viðskiptabankanna þriggja. Í tilkynningu sem Bogi sendi frá sér í gær sagðist hann ekki telja sig njóta nægilegs trausts almennings til þess.**

**Bogi telur nauðsynlegt að fá erlenda sérfræðinga að málum. Ófáir, ef nokkrir hér á landi, búi yfir sérfræðiþekkingu til að sinna nákvæmri úttekt á starfsemi bankanna síðustu mánuðina og geta talist óvilhallir og trúverðugir í því starfi. - hhs**



**HLUTU STYRK** Framkvæmdir hafnar í gamla frystihúsinu á Borgarfirði eystri.

Uppbygging á Austurlandi:

## Breyta frystihúsi í hótel

**FERÐIR** „Upphaflega var hugmyndin sú að reka fiskveitingastað í húsinu en tengdasyni mínum datt í hug að við keyptum allt húsið og byggðum upp hótel," segir Ásta Sigfúsdóttir glerlistakona sem er, ásamt fjölskyldu sinni, að breyta gömlu frystihúsi í hótel og listgallerí á Borgarfirði eystri. Framtakið hlaut nýverið styrk frá atvinnuaukningarsjóði Borgarfjarðar og hefur listgalleríið þegar verið opnað. Átta gistirými verða á hótelinu sem á að vera lista- og heilsumiðað. Þangað munu listamenn geta komið og unnið að list sinni. **- rat / sjá allt**

Þingnefnd EES og EFTA:

## Skilningur á málstað Íslands

**EVRÓPA „Við fundum fyrir miklum stuðningi við okkar málstað," segir Katrín Júlíusdóttir, formaður þingmannanefndar EFTA og EES, eftir fund nefndanna í Brussel í gær og fyrradag.**

**Hún segir að almennt hafi fundarmenn verið óánægðir með framgöngu Breta í garð Íslendinga á dögunum. Eins hafi þeir verið ánægðir með það hversu mikill stuðningur mælist meðal Íslendinga um aðild að ESB. Eins segir hún að Díana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins, hafi minnst á að ekki ætti að taka langan tíma fyrir Ísland að fá inngöngu, helst stæði á því að fara yrðu fram kosningar í millitíðinni á Íslandi. - jse**




Ágreiningur um Seðlabanka orsakar ekki bresti í stjórnarsamstarfi, segir Össur:

# Samstarf á traustum fótum

**STJÓRNMÁL** Forystumenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar segja ríkisstjórnarsamstarfið standa traustum fótum.

Þetta er fullyrt þrátt fyrir átök milli flokkanna um framtíð seðlabankastjóra. Þau átök birtust meðal annars í bókun Samfylkingarinnar á ríkisstjórnarfundi fyrir helgi þar sem ráðherrar flokksins firrtu sig ábyrgð á áframhaldandi setu Davíðs Oddssonar í starfi formanns bankastjórnar.

„Auðvitað gerir það það," sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra, spurður hvort ríkisstjórnarsamstarfið standi traustum fótum, að loknum ríkisstjórnarfundi í gær.

„Ég held að [ríkisstjórnarsamstarfið] standi mjög traustum fótum núna," sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra að fundi loknum. Hann segir fulltrúa Samfylkingu og Sjálfstæðisflokks hafa unnið saman af mikilli einlægni við að takast á við afleiðingar bankahrunsins.

Össur viðurkenndi þó að ágreiningur væri milli flokkanna í ákveðnum málum, til dæmis í afstöðu þeirra til seðlabankastjóra. Það sé þó ekkert sem orsaki bresti í stjórnarsamstarfinu.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**



**GEIR H. HAARDE**

Spurður hvort ólíkar áherslur um seðlabankastjóra og Evrópusambandið verði tilefni til stjórnarslita sagði Össur: „Allavega ekki núna, það er ekkert sem bendir til þess." **- bj**

**KARLAR SEM HATA KONUR** EFTIR **STIEG LARSSON**

# ÞESSI BÓK SÆTIR MIKLUM TÍÐINDUM*

*Sunday Times

„Glæpasagnaheimurinn hefur aldrei fyrr þurft að hylla og syrgja í sömu andrá jafn hæfileikaríkan höfund og **Stieg Larsson**,“ sagði Sunday Times í dómi um **Karlar sem hata konur**. Hann skrifaði þrjár glæpasögur sem selst hafa í milljónum eintaka um allan heim og sitja hvarvetna efst á metsölulistum – en Larsson lést áður en nokkur bóka hans kom út. Og Karlar sem hata konur er bara byrjunin ...

**ÞÝÐANDI:** HALLA KJARTANSDÓTTIR

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVIK




**LOKSINS Á ÍSLENSKU!**

**„ÓGJÖRNINGUR AÐ LEGGJA BÓKINA FRÁ SÉR“ – TIME OUT**

## GENGIÐ 04.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 128,22 | 128,84 |
| Sterlingspund | 203,55 | 204,53 |
| Evra | 163,54 | 164,46 |
| Dönsk króna | 21,97 | 22,098 |
| Norsk króna | 19,134 | 19,246 |
| Sænsk króna | 16,594 | 16,692 |
| Japanskt jen | 1,2927 | 1,3003 |
| SDR | 190,18 | 191,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 221,392

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfsmenn ekki dæmdir fyrir fram segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra:

# Glitnir og LÍ ekki undir grun

**EFNAHAGSMÁL** Hvorki Glitnir né Landsbanki Íslands liggja undir grun um að hafa fellt niður lán starfsmanna til kaupa á hlutabréfum, sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra að loknum ríkisstjórnarfundi í gær.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur viðskiptaráðherra óskað eftir því að Fjármálaeftirlitið rannsaki hvort stjórn Kaupþings hafi fellt niður skuldir starfsmanna vegna kaupa á hlutabréfum í bankanum skömmu áður en ríkið yfirtók bankann.

Spurður hvort rétt sé að starfsmenn, sem fengið hafa lán, víki úr starfi á meðan á rannsókn standi sagði Björgvin að hann ætlaði ekki að dæma nokkurn mann fyrir fram.



**SKIPAÐ Í RÁÐ** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að skipað verði í bankaráð viðskiptabankanna þriggja í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Bíða verði niðurstöðu rannsóknarinnar áður en frekari ákvarðanir verði teknar.

Björgvin sagði að lokið yrði við að skipa í bankaráð viðskiptabankanna í vikunni, þar fengju bæði stjórn og stjórnarandstaða fulltrúa.

Í kjölfar hruns íslensku bankanna þarf að rannsaka það sem úrskeiðis fór, sagði Björgvin.

„Það er örugglega margt sem hefur verið gert í okkar fjármálaumhverfi á undanförnum árum sem er löglegt en siðlaust. Við þurfum að fara í gegnum það núna, hvernig við byggjum upp nýtt, betra og heilbrigðara fjármálakerfi í landinu,“ sagði hann. - bj

Ráðherra tapaði sparifénu:

## Erum ekki gjaldþrota

**EFNAHAGSMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að skuldir Kristjáns Arasonar, eiginmanns hennar, við Kaupþing hafi ekki verið felldar niður. Kristján er framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, og átti hlut í bankanum.

„Það er algerlega óþolandi ef ég, eða ekki síður minn maður, er sett í einhverja tortryggilega stöðu,“ sagði Þorgerður Katrín. „Við ákváðum að setja okkar sparnað í þetta félag og trúðum því að íslenskt efnahagslíf myndi standa sig. [...] Við erum ekki gjaldþrota. Við höfum minna heldur en áður, en það er bara eins og lífið er.“ - bj

Kristinn H. Gunnarsson:

## Segir Þorgerði vera vanhæfa

**ALÞINGI Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er ekki hæf til að fjalla um málefni bankanna, að mati Kristins H. Gunnarssonar, Frjálslynda flokknum.**



KRISTINN H. GUNNARSSON

**Kristinn segir Þorgerði hafa átt persónulegra hagsmuna að gæta í málefnum Kaupþings þar sem hún og eiginmaður hennar, Kristján Arason, áttu hlutabréf.**

**Kristinn hefur lagt fram fyrirspurn í þinginu þar sem hann spyr Þorgerði hvort hún telji sig hafa fullt og óskorað hæfi til að koma að yfirtöku ríkisins á viðskiptabönkunum og ákvörðunum er varða þá.** - bþs

Jarðskjálfti í Grindavík:

## Munir hrundu úr hillum

**HAMFARIR** „Ég verð að viðurkenna það að mér stóð ekki á sama enda skalf allt innandyra,“ segir Sigurður Ágústsson aðstoðaryfirlögregluþjónn sem búsettur er í Grindavík. Það skók jarðskjálfti sem mældist um 4,3 á Richter jörð enda voru upptök hans einungis um fjóra kílómetra frá.

Ágúst Bjarnason, sem einnig býr í Grindavík, segir að hjá sér hafi munir hrunið úr hillum. - jse

### LEIÐRÉTTING

Í frétt um stöðu dagmæðra í Fréttablaðinu í gær var rangt farið með verð fyrir vistun barna í leikskólum Reykjavíkur. Verð fyrir barn giftra foreldra í níu klukkustunda er 22.459 krónur.

# Lagaprófessor telur mögulegt að rifta afnámi ábyrgðar

**Starfsmenn Kaupþings sem áttu hlut í bankanum tapa ekki standist ákvörðun stjórnar frá því í september. Stjórn Nýja Kaupþings segir að farið verði með skuldir starfsmanna eins og aðrar skuldir bankans.**

**EFNAHAGSMÁL** Stjórn Kaupþings felldi niður persónulegar ábyrgðir stjórnenda fyrirtækisins fyrir lánum vegna hlutabréfakaupa í bankanum í september.

Ákvörðunin er umdeilanleg, og gæti verið riftanleg í þrotabúi, enda gerð skömmu áður en ríkið yfirtók starfsemi bankans, segir Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Standi ákvörðun stjórnarinnar þurfa starfsmenn ekki að bera tap vegna hlutabréfa sem nú eru verðlaus. Lánin fyrir kaupunum verða þá eingöngu með veði í verðlausum hlutabréfum.

Í yfirlýsingu frá fyrrverandi stjórn Kaupþings kemur fram að persónulegar ábyrgðir starfsmanna hafi verið felldar niður á fundi stjórnar Kaupþings 25. september síðastliðinn. Á þeim tíma hafi verðmæti hlutabréfanna verið meira en skuldirnar.

Ákveðið var að grípa til þessara aðgerða til að koma í veg fyrir að starfsmenn seldu bréf sín, til að verja sig tapi, segir í yfirlýsingunni. Það segir að slík sala starfsmanna hefði haft mjög slæm áhrif á bankann á viðkvæmum tíma.

Stefán Már segir að allar ákvarðanir sem teknar séu innan þriggja mánaða frá því að félög komast í þrot séu endurskoðaðar í gjaldþrotabúinu. Sérstaklega sé litið til einhliða ákvarðana sem þessara. Í þessu tilviki sé því mögulegt að skiptastjóri geti rift þessari ákvörðun.

Fram til ársins 2005 voru samningar um hlutabréfakaup starfsmanna Kaupþings með innbyggðum sölurétti. Það þýddi að starfsmennirnir voru tryggðir gegn tapi af bréfunum, en gátu fengið hagnað í eigin vasa.

Í yfirlýsingu frá stjórn Nýja Kaupþings kemur fram að leitað hafi verið eftir áliti lögmanns á því hvort ákvörðun stjórnar sé riftanleg. Þegar slík álitsgerð liggi fyrir muni stjórnin innheimta kröfurnar. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um annað en að innheimta þessar kröfur eins og aðrar kröfur á viðskiptavini bankans.

brjann@frettabladid.is



**FYRRVERANDI STJÓRNENDUR KAUPÞINGS** Fram kemur í sex mánaða uppgjöri Kaupþings frá því í júlí síðastliðnum að skuldir stjórnenda og lykilstarfsmanna hafi numið um 36,8 milljörðum króna. Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður (til vinstri), og Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri, voru meðal þeirra starfsmanna sem hengið höfðu kaupréttarsamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### KAUPRÉTTARHAFAR TAPA Á SKATTINUM

Þó að starfsmenn tapi ekki á verðlausum hlutabréfum, standi ákvörðun stjórnar Kaupþings, hafa starfsmenn sem fengu að kaupa hlutabréf á undirverði greitt skatt vegna kaupanna, og eiga ekki rétt á endurgreiðslu þótt hlutabréfin hafi reynst verðlaus.

Skúli Magnús Eggertsson ríkisskattstjóri segir að þegar starfsmenn fái að kaupa hlutabréf í fyrirtæki sínu á undirverði greiði þeir tekjuskatt af mismun á kaupverði og gangverði á bréfunum þegar kaupin fara fram.



SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

Skúli Magnús segir þá sem greitt hafi skatt af bréfum sem nú eru verðlaus enga kröfu eiga á skattinn um endurgreiðslu eða niðurfellingu á skattgreiðslum. Hlutabréfakaup séu í eðli sínu áhættusöm, og þetta sé sú áhætta sem starfsmennirnir taki.

Undanfarið hafa ýmsir sett sig í samband við ríkisskattstjóra til að kanna hvort tap af hlutabréfum, peningamarkaðssjóðum eða lífeyrissparnaði geti orðið til lækkunar á sköttum. Skúli Magnús segir að svör ríkisskattstjóra séu alltaf á eina leið: engin heimild sé til þess að lækka skatta einstaklinga vegna taps af þessum orsökum.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**ÁGÆTT EYSTRA**
Einkar góðar veðurhorfur eru fyrir norðaustan og um austanvert landið. Til þess að gera milt og hægur vindur og horfur á sólskini mjög víða. Sé horft á veðurhorfur næstu daga verður almennt þungbúið á landinu með rigningu eða skúrum á víð og dreif. Um helgina bendir allt til að lægð verði yfir landinu með vætu í flestum landshlutum.




**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 18° |
| Amsterdam | 12° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 12° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 13° |
| New York | 17° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 4° |
| París | 12° |
| Róm | 21° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




Öflugt háskólasamfélag er hornsteinn í þeirri uppbyggingu sem nú bíður þjóðarinnar. Með miða í Happdrætti Háskólans leggur þú þitt af mörkum og átt um leið mikla möguleika á frábærum vinningum.

Þann 11. og 25. nóvember drögum við út fjöldann allan af nýjum vinningshöfum, þar á meðal 30 milljónamæringa. Gakktu í hópinn og brostu og brostu!

- Þú færð miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

**KJÖRKASSINN**

*Telur þú að eigendur íslenskra fjölmiðla hafi áhrif á efnistök þeirra?*

| | |
|---|---|
| Já | 78,3% |
| Nei | 21,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Treystir þú nýjum stjórnendum íslensku viðskiptabankanna?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Sala ÁTVR á föstudaginn var meiri en á föstudegi fyrir verslunarmannahelgi:

# Áfengi selt fyrir 397 milljónir

**NEYTENDUR** „Það er erfitt að segja til um hvort rekja megi þessa miklu sölu til allra þessara sögusagna, frétta og sms-sendinga, en það er ljóst að þessir þættir hafa að minnsta kosti ekki dregið úr sölunni,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR. Heildarsala ÁTVR á föstudaginn var, 31. október, var meiri en föstudaginn fyrir síðustu verslunarmannahelgi. Dagana á undan gengu sögusagnir um að allt að 25 prósenta hækkunar væri að vænta hjá ÁTVR um mánaðamótin. Hækkunin varð hins vegar 5,25 prósent að meðaltali á áfengi og 8,87 prósent að meðaltali á tóbaki.



**ÖRTRÖÐ** Viðskiptavinir ÁTVR hömstruðu áfengi á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sigrún segir almennt þrjá daga vera þá söluhæstu á árinu; föstudaginn fyrir verslunarmannahelgi, Þorláksmessu beri hana ekki upp á sunnudag og 30. desember, daginn fyrir gamlárskvöld. Á föstudaginn var komu tæplega 44.000 viðskiptavinir í Vínbúðir ÁTVR, sem er nánast sami fjöldi og föstudaginn fyrir síðustu verslunarmannahelgi. Áfengissalan í krónum á föstudaginn var tæplega 319 milljónir króna og tóbakssala um 78 milljónir, sem gerir 397 milljónir í heildina. Til samanburðar var heildarsala föstudaginn fyrir síðustu verslunarmannahelgi 387 milljónir.

Sala föstudagsins var tæplega þrefalt meiri en á hefðbundnum föstudegi í október. Meðaláfengiskaup viðskiptavinar voru fyrir 7.200 krónur á föstudaginn, en er um 4.200 krónur á hefðbundnum föstudegi. **- kg**

Skipti á númeraplötum:

# Fannst sofandi í stolnum bíl

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði afskipti af sofandi manni í bíl við bensínstöð í Suðurfelli í Reykjavík í gærmorgun. Kom þá í ljós að maðurinn hafði stolið bílnum, nýlegum bíl af Mazda-gerð, af bílasölu fyrr um nóttina.**

**Hafði maðurinn ekið bílnum að Naustabryggju þar sem hann tók númeraplötur af sams konar bíl og færði yfir á bílinn sem hann stal. Maðurinn var ölvaður og var hann færður á lögreglustöð þar sem hann fékk að sofa úr sér áfengisvímuna áður en hann gaf lögreglu skýrslu.** **- ovd**

Meðferð eftirlaunamálsins:

# Samfylkingin hneykslar Siv

**ALÞINGI** Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, segir hegðun Samfylkingarinnar í eftirlaunamálinu vera hneyksli. Flokkurinn hafi boðað endurskoðun eftirlaunalaganna, um hana sé fjallað í stjórnarsáttmálanum en ekkert hafi gerst þó eitt og hálft ár sé liðið frá því ríkisstjórnin tók við völdum.

Hún bar málið upp við Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra á Alþingi í gær sem sagði nauðsynlegt að vinna hratt að lausn. Sagði hann það ráðast af afstöðu stjórnarandstöðunnar hvenær lögunum yrði breytt. Á það gat Siv ekki fallist, fyrir lægi að stjórnarandstaðan vildi breytingar en málið væri í höndum stjórnarflokkanna. **- bþs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fullar fangageymslur

Fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu voru fullar í fyrrinótt. Að sögn varðstjóra er þetta fremur óvenjulegt ástand aðfaranótt þriðjudags en óvenju mikið var að gera hjá lögreglunni þá nóttina.

### Teknir við innbrot í gám

Lögreglumenn hlupu uppi tvo innbrotsþjófa sem höfðu brotist inn í gám við Klettsháls í Reykjavík í fyrrinótt. Til mannanna sást þar sem þeir voru að brjótast inn í gáminn en þeim tókst ekki að stela neinu.

### Stakk af með vörur á jeppa

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningu laust fyrir hádegi í gær um konu sem stungið hafði af með vörur úr verslun Hagkaupa í Skeifunni. Konan hafði hlaupið með vörurnar út úr versluninni og ekið burt á jeppabifreið. Hún náðist skömmu síðar skammt frá og var færð á lögreglustöð til skýrslutöku.

# Ítök Jóns Ásgeirs í fjölmiðlum of mikil

**Þingmenn telja of mikla samþjöppun hafa orðið á fjölmiðlamarkaði. Formaður Framsóknarflokksins vill að nýjustu vendingar verði látnar ganga til baka.**

**ALÞINGI** Þingmenn úr öllum flokkum lýstu áhyggjum af stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði í umræðum á Alþingi í gær. Voru stór orð viðhöfð og lýðræðið meðal annars sagt bíða hnekki vegna nýjustu vendinga.

Kaup fyrirtækisins Rauðsólar, sem er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, á fjölmiðlum 365, sem Jón Ásgeir á stærstan hlut í, voru tilefni umræðnanna. Fyrirhuguð sameining Fréttablaðsins og Morgunblaðsins í Árvakri var einnig gagnrýnd harðlega.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, hóf umræðuna og furðaði sig á að Landsbankinn, með sína bráðabirgðastjórnendur, hefði átt frumkvæðið að viðskiptum Rauðsólar og 365. Velti hann fyrir sér hvort ekki hefði verið réttara að bjóða fjölmiðlana upp fremur en að færa þá á milli félaga og hvatti til þess að kaupin yrðu látin ganga til baka.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði grafalvarlegt ef einn maður gæti öðlast yfirráð yfir nánast öllum fjölmiðlum landsins og var jafn undrandi og Guðni á að ríkisbanki hefði haft frumkvæði í málinu. Sagði hún að Landsbankinn þyrfti að skýra fyrir þjóðinni hvaða hagsmunir hefðu legið að baki viðskiptunum.

Þingmenn allra flokka gagnrýndu í kjölfarið fyrrnefnd viðskipti. Þá var staða Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði ýmist sögð til góðs eða ills.

Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, sagði að við kaup Rauðsólar ætti sér stað mesta samþjöppun sem orðið hefði á Íslandi.

Bjarni Harðarson, Framsóknarflokki, sagði grafalvarlegt að Jón Ásgeir sem, ásamt öðrum, hefði komið viðskiptalífinu í erfiða stöðu, ætlaði nú að koma hluta skulda sinna yfir á almenning en halda áfram völdum yfir fjölmiðlunum. Kvað hann stöðu RÚV á auglýsingamarkaði ekki óeðlilega. Róbert Marshall, Samfylkingunni, sagði á hinn bóginn að fyrirferð RÚV á markaðnum veikti lýðræðið og taldi fjölmiðlalög þörf.



**GRAFALVARLEGT** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir alvarlegt ef einn maður getur öðlast yfirráð yfir nánast öllum fjölmiðlum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Helgi Hjörvar, Samfylkingunni, og Jón Magnússon, Frjálslyndum, efuðust um að áform um sameiningu Fréttablaðsins og Morgunblaðsins stæðust samkeppnislög og Katrín Jakobsdóttir, varaformaður VG, sagði mikilvægt að setja lög um fjölmiðla sem sátt væri um.

Kolbrún Halldórsdóttir VG sagði alla umræðu um fjölmiðlun vera viðskiptalegs eðlis en fjölmiðlar væru ekki eins og önnur fyrirtæki þar sem þeirra hlutverk væri að stunda lýðræðislega umræðu og upplýsingu.

Grétar Mar Jónsson, Frjálslynda flokknum, kallaði stöðu Ríkisútvarpsins ægivald og sagði að frjálsir fjölmiðlar væru sárafáir nema ef vera skyldi Útvarp Saga.

**bjorn@frettabladid.is**




# Biblíumatur
## í Neskirkju

Jesús var veislumaður en hvernig mat borðaði hann?
Í fimmtudagshádeginu eru matarhefðir Biblíunnar kynntar á Torgi Neskirkju við Hagatorg.
Sr. Sigurður Árni Þórðarson kynnir og eldar matinn ásamt Ólafíu Björnsdóttur.
Fimmtudaginn 6. nóvember verður á boðstólum kjúklingaréttur Heródesar!
Fimmtudaginn 13. nóvember verður veisla fyrir týnda soninn.
Allir fá svo uppskriftina. Biblían er matarmikil og þjónar lífinu.

Allir velkomnir.



## ÞÁTTTAKENDUR ÓSKAST Í RANNSÓKN

Læknadeild Háskóla Íslands óskar eftir heilbrigðum sjálfboðaliðum til þátttöku í rannsókn á kremi og stílum unnum úr þorskalýsi. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hversu vel viðkomandi lyf þolast. Þátttakan felur í sér notkun á viðkomandi kremi og stílum tvisvar sinnum á dag í tvær vikur ásamt þremur læknisskoðunum. Greiðsla fyrir þátttöku er 15.000.- kr.

Rannsóknin er samþykkt af Vísindasiðanefnd og Lyfjastofnun.

Ábyrgðaraðili er Einar Stefánsson prófessor s: 5437217

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Helgu Halblaub

netfang: Helghalb@landspitali.is


Deilt er um það hvort yfirlögregluþjónn hafi brotið lög:

# Sýslumaður vildi fá skýringar

**VEIÐAR** „Þegar ég sé svona fréttir þá spyr ég viðkomandi starfsmann hvað hann hafi verið að gera og það gerði ég í þessu tilfelli,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sýslumaður á Akranesi, vegna fréttar um Jón Sigurð Ólason yfirlögregluþjón sem sakaður er um að hafa ekið ólöglega til veiða á laugardag.

Hann ók á götuskráðu fjórhjóli eftir vegslóða þar sem hann fór til veiða. Í lögum um veiðar á villtum dýrum frá 2005 er þess getið að hvorki megi fara til veiða á fjórhjólum né vélsleða.

„Að mati þess sem í hlut á eiga lögin við um utanvegahjól en ekki götuskráð farartæki,“ segir Ólafur Þór. Hann segir enn fremur að árið 2006 hafi síðan verið veitt heimild til að götuskrá fjórhjól og slík hjól séu því undanþegin ákvæðinu.



**RJÚPUR Á HEIÐI** Enn er deilt um það hvort lögregluþjónn hafi brotið lög á rjúpnaveiðum um helgina.

„Mér þykja þetta vera hártoganir,“ segir Jón Þór Víglundsson, sem var á svæðinu síðastliðinn laugardag. „Fjórhjól breytist ekkert í eðli sínu þótt þú skrúfir á það númeraplötu. Það stendur líka í lögunum að það sé bannað að nota fjórhjól og það ætti ekki að vera í verkahring lögreglunnar að láta á það reyna.“ Hann segir einnig öll ummerki benda til þess að Jón Sigurður hafi verið innan við 250 metra frá farartækinu við veiðar og slíkt sé ólöglegt.

„Ég er alveg sannfærður um það að hafa ekki brotið neitt af mér,“ segir Jón Sigurður. „Ég brotnaði hins vegar við ökkla en það var ekki lögbrot,“ segir hann kankvís. Hann segir enn fremur að vel á annað hundruð manns hafi hringt í sig í gær og sýnt honum stuðning. **- jse**

LAMBAKJOT.IS



„... en það er bara svo gaman að sjúga svona núðlur
- get bara ekki hætt ...“

# SNILLDARBRAGÐ grallarans



## Kínverskar lambakjötsnúðlur

300 g eggjanúðlur • 4 - 500 g meyrt lamba- eða kindakjöt • 2 msk olía • 1 lítill rauðlaukur, saxaður 2 - 3 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt • 1 msk ferskur engifer, saxaður smátt • 1 lítið rautt chili-aldin, fræhreinsað og skorið í þunnar sneiðar • 1 msk rautt karrímauk (red curry paste) • 150 g sykurbaunir (snjóbaunir) • 1 - 2 gulrætur, skornar í mjóar ræmur • 150 ml vatn • 1 tsk sykur • safi úr 1 límónu

Eldið núðlur samkvæmt leiðbeiningum. Skerið kjötið í mjög þunnar sneiðar þvert á vöðvaþræðina. Hitið 1 msk af olíu vel á wokpönnu eða þykkbotna pönnu og snöggsteikið við háan hita. Steikið í nokkrum skömmtum og takið svo af með gataspaða þegar það hefur tekið lit á báðum hliðum. Setjið afganginn af olíunni á pönnuna og steikið rauðlauk, hvítlauk, engifer og chili í 1 - 2 mínútur. Setjið kjötið aftur á pönnuna, ásamt karrímauki, snjóbaunum og gulrótum. Hellið vatninu yfir og sjóðið í 2 - 3 mínútur. Bragðbætið með sykri og límónusafa. Látið renna af núðlunum í sigti og setjið þær á pönnuna og steikið í 1 - 2 mínútur til viðbótar. Fljótlegt og ljúffengt - verði ykkur að góðu!

10 - 15 mínútur

H:N markaðssamskipti / SÍA

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA EINFALT

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hversu háa upphæð eru Norðmenn tilbúnir til að lána íslenskum stjórnvöldum?*

2 *Í hvaða deild spilar danska handknattleiksliðið AG Hånd-bold?*

3 *Hvaða leikstjóri undirbýr nú gerð ævintýramyndarinnar Hvíslarinn?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 30

Góð þátttaka í forsetakosningunum í Bandaríkjunum í gærdag:

# Óvenjumikil kjörsókn skapaði vanda

**BANDARÍKIN, AP** Óvenjugóð þátttaka var í forsetakosningunum í Bandaríkjunum í gær, eins og fyrir fram var reyndar almennt reiknað með. Jafnvel í ríkjum, þar sem repúblikanar hafa oftast reynst sigursælir, var talið að kosningaþátttakan myndi slá öll met.

Þessi mikla þátttaka átti líka sinn þátt í því að ýmsir hnökrar urðu víða á framkvæmd kosninganna. Langar biðraðir mynduðust víða, svo sums staðar þurftu einhverjir frá að hverfa.

Auk þess urðu víða bilanir í kosningatölvum, svo fólk þurfti að að kjósa með gamla mátanum: merkja við á kjörseðli. Á einum stað í Virginíu mynduðust mjög langar biðraðir vegna þess að yfirmaður á kjörstað svaf yfir sig.

Barack Obama tók hins vegar daginn snemma og greiddi atkvæði ásamt eiginkonu sinni Michelle í hverfisgrunnskóla í heimaborg sinni, Chicago, strax klukkan 7.30 að staðartíma.

Aðrir kjósendur á staðnum klöppuðu þegar hann kom úr kjörklefanum. „Ferðin tekur enda, en að kjósa með dætrum mínum, það var heilmikið mál,“ sagði hann síðar við fréttamenn.

John McCain viðurkenndi í gær, þegar kosningabaráttunni var lokið, að sigurlíkur sínar væru minni en Obama. „Ég átta mig á því,“ sagði hann, „en þið getið ekki ímyndað ykkur hve spennandi það er fyrir mann að standa svo nálægt mikilvægasta embætti heims og ég ætla að njóta þess. Ég mun aldrei gleyma þessu svo lengi sem ég lifi.“ - gb



**FYRSTA TÆKIFÆRI TIL AÐ KJÓSA ÞELDÖKKAN FORSETA** „Ég hélt aldrei að ég myndi lifa nógu lengi til að gera það,“ sagði Alnett Wooden, 86 ára íbúi í höfuðborginni Washington, þegar hún hélt á kjörstað í gær til að greiða Barack Obama atkvæði sitt. NORDICPHOTOS/AFP

Bandarískur prófessor:

## Vill fall Íslands í kennslubækur

**EFNAHAGSMÁL Áhugasamir nemendur í fjármálavísindum ættu að fylgjast vandlega með því sem er að gerast á Íslandi því það er sú allra dramatískasta lýsing sem sögð hefur verið af því hvernig ófyrirleitnir bankamenn geta misst tök á frjálsum markaði og rústað efnahag heillar þjóðar. Á þessa leið hljómar lýsing hagfræðiprófessorsins Uwe E. Reinhardt sem birt var í gær á vef Princeton-háskóla.**

**Reinhardt segir að sögu Íslendinga eigi að notast við til að endurrita kennslugögn í hagfræði en þær séu staðnaðar í oftrú sinni á frjálsum markaði.** - kdk

Tveir karlmenn teknir:

## Kannabis og kókaín í þarmi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan stöðvaði umfangsmikla kannabisræktun í íbúð í Garðabæ á sunnudag. Við húsleit fundust um 60 kannabisplöntur.

Tveir menn á þrítugs- og fertugsaldri voru yfirheyrðir í tengslum við rannsókn málsins. Efnin voru ætluð til sölu. Yngri maðurinn, sem var handtekinn við komu til landsins aðfaranótt mánudags, var með rúmlega 100 grömm af kókaíni falin í endaþarmi. - jss

# Atvinnulaus segir erfitt fyrir fimmtuga að fá nýja vinnu

**Fyrirtæki halda að sér höndum með ráðningar. Erfitt er fyrir fólk yfir fimmtugu að fá vinnu núna. Margar fjölskyldur eru á leið úr landi af því að lán hafa hækkað og bankar þykja stífir og leiðinlegir.**

**VINNUMARKAÐUR** Erla Waage hefur verið atvinnulaus frá því það fór að herða stíft að á fasteignasölunum en hún starfaði áður í fasteignageiranum. Erla segir að ekki sé bjart fram undan í fasteignaviðskiptum og hún er ekki vongóð um að finna vinnu.

„Fasteignabransinn er eiginlega dauður og fáir sem starfa þar í dag,“ segir hún. „Ég hef mjög gott samband inn í þennan geira og get ekki séð betur en að verið sé að segja flestöllum upp. Mér skilst að allir almennir starfsmenn séu farnir.“

Erla hefur verið að leita sér að vinnu frá því í sumar og segir að það hafi ekki gengið vel. „Það er mjög lítið í boði. Ef maður hefur fengið ádrátt þá fær maður svarið að það þurfi að bíða með að ráða. Allir halda að sér höndum því að ástandið í þjóðfélaginu fer versnandi með hverri viku sem líður. Þetta er alveg ískyggilegt.“

Boðið er upp á ráðgjöf á Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og Erla hefur nýtt sér það.

Erla hefur ekki neina sérstaka stefnu fram undan. Hún veltir upp hugmyndum um að fara úr landi en rifjar um leið upp að hún sé „ekki kona á besta aldri og það er náttúrulega ennþá erfiðara. Ég held það sé mjög, mjög erfitt fyrir fólk sem er komið yfir fimmtugt að fá vinnu núna. Ég heyri það alls staðar.“

> Það er ekki hægt að lifa við þetta ástand.
>
> **LÁRUS WÖHLER**
> ATVINNULAUS ÞRIGGJA BARNA FAÐIR

Erla telur sýnilegt að stjórnvöld hafi ekki staðið sig í aðdraganda fjármálakreppunnar og telur rétt að skipta um fólk í ríkisstjórn. „Til að fá hreyfingu á hlutina þurfa nýir menn að koma að vegna þess að við erum ekki upplýst um stöðu þjóðarbúsins.“

Lárus Wöhler starfaði hjá bílaumboði á höfuðborgarsvæðinu en var sagt upp í ágúst. Hann segir að allt sé farið, „húsið, vinnan, við erum á leið úr landi, held ég,“ segir hann. „Við erum með gengislán á húsinu og skulduðum helming. Núna er lánið orðið miklu hærra en verðmæti hússins þannig að það er allt farið. Bankinn er stífur og leiðinlegur. Það er búið að frysta allt en bankinn hótar öllu illu eftir fjóra til sex mánuði. Ég er búinn að tala við ráðherra og fæ engin svör.“

Lárus er þriggja barna faðir og eitt á leiðinni. Hann stefnir að því að flytja með fjölskylduna úr landi og er að þreifa fyrir sér í Noregi. „Það er ekki hægt að lifa við þetta ástand,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is



**MISSTI VINNUNA Í SUMAR** „Ég held að það sé mjög, mjög erfitt fyrir fólk sem er komið yfir fimmtugt að fá vinnu núna. Ég heyri það alls staðar,“ segir Erla Waage, sem starfaði í fasteignageiranum áður en hún missti vinnuna í sumar eins og svo fjöldamargir aðrir Íslendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


**Skuldirnar** og heimilin
– Hvað er að **gerast?**

BSRB

Opinn fundur á vegum BSRB í dag kl. 16:30
– 18:00 í BSRB – húsinu Grettisgötu 89.

*Fjallað verður um skuldastöðu heimilanna og úrræði sem ákveðið hefur verið að grípa til vegna hækkandi lána.*

**Framsögu hafa:**
Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri félags- og tryggingamálaráðuneytisins
Svanhildur Guðmundsdóttir sviðsstjóri þjónustusviðs Íbúðalánasjóðs
Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri LSR
Ásta S. Helgadóttir forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna

**Fundarstjóri:**
Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB

**Að loknum stuttum framsögum verður opnað fyrir spurningar úr sal.**








Embættismannahópur ræðir íslensku kreppuna:

# Norska lánið er ákveðin viðmiðun

**EFNAHAGSMÁL** Embættismannahópur frá Norðurlöndunum hittist í Stokkhólmi í dag til að ræða fjármálakreppuna á Íslandi. Þetta er fyrsti fundur hópsins og því er ekki búist við neinum ákvörðunum.

Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, segir að farið verði yfir helstu efnisatriði í áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir Ísland, horfurnar og hver lánsfjárþörfin sé. Fulltrúar sjóðsins mæti á fundinn.

Norðmenn tilkynntu í vikunni að þeir ætluðu að bjóða Íslendingum lán upp á um 75 milljarða króna, eða 4 milljarða norskra króna, í gegnum norska seðlabankann. Lánið verður lagt fyrir Stórþingið á næstunni en þingið verður að samþykkja að norska ríkið gangi í ábyrgð.

Bolli segir óformlegar þreifingar hafa verið milli landa. „Menn eru auðvitað að vonast til að þegar löndin sjá hvað er í pakka Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þá verði menn tilbúnir til að ræða framhaldið en það er mjög erfitt að segja til um það fyrir fram,“ segir Bolli. „Það eina sem liggur fyrir er að Norðmenn hafa ákveðið að stíga fyrsta skrefið og lána okkur og svo verður að koma í ljós hvað verður. Vonandi verða umræðurnar þannig að menn geti farið heim til sín og tekið ákvörðun um næstu skref. Og jákvæðar meldingar fáist sem nýtast á stjórnarfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á föstudag.“

Bæði Danir og Svíar eiga við bankakreppu að glíma. Bolli segir að auðvitað gefi norska lánið þó ákveðna viðmiðun. - ghs



**EMBÆTTISMENN RÆÐA MÁLIN** Fjallað verður um fjármálakreppuna á Íslandi á fundi í Svíþjóð í dag. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins segir að eftir hanni geti menn vonandi tekið ákvörðun um næstu skref.


EKKI DEYJA ÚR ÞREYTU
LEGGÐU ÞIG Í 15 MÍNÚTUR
Syfja er talin geta verið jafn hættuleg ökumönnum og ölvun við akstur. Á árunum 1998–2006 létust 16 manns í 10 umferðarslysum þar sem ökumenn sofnuðu undir stýri.
Það sem helst ber að varast:
• Skortur á gæðasvefni.
• Akstur á þeim tíma sólarhringsins þegar fólk er vant að sofa.
• Svefntruflanir, t.d. ómeðhöndlaður kæfisvefn.*
• Vaktavinnufólki er hættara við að sofna undir stýri en öðrum.
Fimmtán mínútur eru ekki langur tími en getur haft úrslitaáhrif á það hvort líf þitt verði lengra. Ef þú finnur fyrir syfju við akstur leggðu þá bílnum á öruggum stað og hvíldu þig í u.þ.b. 15 mínútur.
Farðu inn á www.15.is og kynntu þér málið!
*Kæfisvefn er sjúkdómur sem veldur því að fólk sofnar með litlum fyrirvara.
Hægt er að greina hann með svefnrannsóknum. Sjá nánar á www.15.is
UMFERÐARSTOFA

# Mogginn frítt í 14 daga

**+ Mogginn minn á netinu**

**Þú færð Morgunblaðið heim daglega**



**Þú færð *Moggann minn á netinu*, nýja netútgáfu af Morgunblaðinu**




**Þú færð tölvupóst á hverjum morgni með helstu fréttum**




Skráðu þig á **mbl.is/14dagar** í fría áskrift að Morgunblaðinu – **skuldbindingalaust**

**Morgunblaðið**

***Fáðu þér áskrift á mbl.is/14dagar***


Neyðin vex meðal íbúa á átakasvæðunum í austurhluta Kongó:

# Stjórnin hafnar viðræðum

**KONGÓ, AP** Stjórnvöld í Kongó hafa hafnað kröfu uppreisnarforingjans Laurents Nkunda um viðræður. Tugir þúsunda flóttamanna á átakasvæðunum í austanverðu landinu þurfa nú á aðstoð hjálparstofnana að halda.

Uppreisnarmenn hóta því nú að höfnun stjórnvalda geti þýtt frekari átök.

Laurent Nkunda, foringi uppreisnarmanna, hóf átökin í lok ágúst og komst her hans alla leið að útjaðri héraðshöfuðstaðarins Goma áður en Nkunda lýsti einhliða yfir vopnahléi í síðustu viku.



**BÍLALEST SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA** Komst óáreitt í gegnum víglínu uppreisnarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tólf bíla lest frá Sameinuðu þjóðunum var ekið í gegnum víglínu uppreisnarmanna í Kongó á mánudag með lyf og aðrar nauðsynjar handa heilsugæslustöðvum, sem stjórnarhermenn höfðu rænt á flótta sínum undan uppreisnarmönnum.

Þetta er fyrsta hjálpin sem berst til íbúa handan víglínunnar síðan átökin hófust í ágúst síðastliðnum. Von er á fleiri bílalestum með matvæli handa þeim 250 þúsundum manna sem hrakist hafa á flótta vegna átakanna.

„Allir eru svangir, allir,“ sagði Jean Bizy, 25 ára kennari, sem fylgdist með þegar bílalestin kom til þorpsins Rugari og afhenti þar einn kartöflupoka. Hún hefur dögum saman ekki haft annað að borða en villta banana.

- gb

# Reglur um innkaup borgarinnar skoðaðar

**Meirihlutinn vill skoða innkaupareglur borgarinnar. Formaður borgarráðs segir of langt gengið í túlkun laga um útboð á framkvæmdum og vill að verk verði boðin út í áföngum. Minnihlutinn segir tillöguna sýndarmennsku.**

**SKIPULAGSMÁL** „Við erum að nýta margt jákvætt í EES-samningnum og viljum alls ekki að þetta sé túlkað þannig að við séum að fara eitthvað á svig við hann,“ segir Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, um tillögu um endurskoðun á reglum um innkaup Reykjavíkurborgar sem meirihluti borgarstjórnar lagði fram í gær.

Óskar segir innkaupareglunar taka mið af lögunum. Síðan gefi menn sér ákveðnar forsendur í útboðslýsingu og þar hafi í raun verið gengið lengra en lögin segja til um. Hingað til hafi Reykjavíkurborg haldið þeirri stefnu að taka alltaf lægsta tilboðinu.



ÓSKAR BERGSSON

„Ég hef gagnrýnt þetta og bent á að lægsta tilboð þurfi ekki alltaf að vera hagstæðast,“ segir Óskar. Þetta hafi hann til dæmis bent á þegar samið var við litháíska verktakafyrirtækið Adakris um byggingu Sæmundarskóla. Þá hafi ekki verið talið neitt svigrúm til að breyta út af útboðinu því menn hafi talið sig bundna að því að taka lægsta tilboði.

Óskar segist horfa til þess að verk verði ekki boðin út í heilu lagi heldur verði boðnir út ákveðnir verkhlutar. Slíkt sé fyrst og fremst gert þar sem ekki sé sama fjármagn í umferð nú og áður. Lengja megi framkvæmdatímann og taka ákveðna verkþætti fyrir í einu. Það leiði hins vegar af sér að verkin verði ekki boðin út á Evrópska efnahagssvæðinu.



**SÆMUNDARSKÓLI** Framkvæmdir Adakris við byggingu Sæmundarskóla eru á eftir áætlun en formaður borgarráðs segir tillögunni ekki ætlað að útiloka erlenda aðila frá verkefnum á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> ... við þurfum að geta metið það út frá öðru en bara lægsta verði hvað sé hagstæðast fyrir borgina í hvert skipti.
>
> **ÓSKAR BERGSSON**
> FORMAÐUR BORGARRÁÐS

Óskar segir málið ekki snúast um að útiloka útlendinga frá verkefnum á Íslandi. Með tillögunum sé borgarstjórn að bregðast við efnahagsástandinu. „Við teljum að reynslan hafi sýnt okkur að við þurfum að geta metið það út frá öðru en bara lægsta verði hvað sé hagstæðast fyrir borgina í hvert skipti,“ segir Óskar.

Nokkrar umræður voru um tillöguna á fundi borgarstjórnar í gær. Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, taldi óljóst út á hvað tillagan gengi þar sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, þáverandi borgarstjóri, hafi þegar óskað eftir að innkaupareglurnar yrðu skoðaðar. Hann spurði hvar sú skoðun stæði.

Í sama streng tók Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi vinstri grænna. Hún sagðist ekki geta varist þeirri hugsun að velta fyrir sér forsendum sem lægju að baki tillögunni og sagði að hér færi örlítill vottur af sýndarmennsku.

olav@frettabladid.is

**Neytendur:** Eitt og annað um kuldagalla fyrir börn

# *Dýrir og ódýrir gallar*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Það getur kostað sitt að búa krakka undir veturinn, eins og ein hneyksluð á Akureyri komst að raun um. *„Mig vantaði góðan snjógalla á tíu mánaða strák,“* skrifar hún, *„og dreif mig á Glerártorg og kíkti í þrjár búðir. Í Doremí voru allir snjógallar uppseldir á svona lítil börn en stykkið átti að kosta um 9.000 kr., sem mér finnst mikið. Ég fór í 66°N og skoðaði góðan og vandaðan galla sem kostar 12.500 kr. Ég ranghvolfdi augunum og ákvað að athuga í Sportveri. Þar kostar galli á tíu mánaða barn 17.000 kr! Er þetta eitthvað grín!?“*

Sem betur fer eru til ódýrari möguleikar. Hér eru jákvæð dæmi frá Europris og Rúmfatalagernum. *„Ég keypti snjóbuxur á tvo drengi í Europris og borgaði 2.790 kr. fyrir stykkið,“* skrifar Fanný Þórsdóttir. *„Þeir eru báðir mjög ánægðir með þær. Annar segir meira að segja að þær séu svona „tískulegar“. Auðvitað er enn ekki komin mikil reynsla á þær en þú getur rifið dýrar og ódýrar snjóbuxur jafnmikið ef þú ert níu ára. Og þær halda vel hita.“*

Þá skrifar EKK: *„Ég fann þennan líka fína galla á eins árs son minn í Rúmfatalagernum á 2.990 kr. Dagmamman hefur hælt þessum göllum í hástert og hann hefur þolað akureyrskt vetrarveður undanfarið með miklum sóma.“*

Munar um minna, 17.000 eða 3.000 kr. í kreppunni!



**KULDAGALLI** Fæst í Rúmfatalagernum á 2.990 kr.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

BELLINI
collezione

LLOYD

SARAR

PAL ZILERI

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnvöld verða að bæta miðlun upplýsinga.

## Veikburða forysta og verri verkstjórn

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það verður allt að koma upp á borðið," sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra í gær og krafðist þess að allir tali „hreint út" og segi „hvernig málum er háttað".

Þetta eru tímabær og uppörvandi orð hjá Þorgerði Katrínu. Stjórnvöld hafa undanfarnar vikur staðið sig afleitlega við að koma upplýsingum á framfæri. Þessi afdráttarlausu orð ráðherrans benda til þess að breytinga til hins betra sé að vænta.

Ummæli Þorgerðar Katrínar snúa reyndar að einu afmörkuð máli, sem hún tengist persónulega í gegnum eiginmann sinn. Engu að síður eru orð hennar í takt við þá þungu og vaxandi kröfu í samfélaginu að stjórnvöld verði að bæta upplýsingagjöf sína.

Þorgerður Katrín sagði í gær að óþolandi væri að líða fyrir tortrygginna í samfélaginu, en eiginmaður hennar er í hópi Kaupþingsmanna sem áttu stóran hlut í bankanum fyrir ríkisvæðingu hans. Þetta er hárrétt hjá Þorgerði Katrínu. Það hlýtur að vera ömurlegt að sitja undir kjaftagangi og getgátum.

Stjórnendur þessa lands verða hins vegar að gera sér grein fyrir að slök upplýsingamiðlun þeirra hefur skapað kjöraðstæður fyrir kjaftasöguframleiðendur og samsæriskenningasmiði. Að því sögðu þá eru þær sannarlega ekki allar bull og vitleysa sögurnar, sem ganga manna á milli um meinta vafasama gjörninga fyrir og eftir hrun bankanna. Vandamálið er að ráðherrar, formenn skilanefnda, nýir stjórnendur bankanna, svo ekki sé minnst á fyrrverandi stjórnendur bankanna, eru gjarnan alls ekki til viðtals eða ákaflega tregir til svars þegar til þeirra er leitað. Afleiðingarnar eru að fólk fær á tilfinninguna að viðkomandi hafi eitthvað að fela.

Það er svo sem lítið við því að gera af fyrrverandi stjórnendur bankanna vilja ekki standa fyrir máli sínu, en hinn hópurinn er í vinnu hjá skattborgurum og hann þarf að gera betur.

Stjórnmálamenn hafa margir líkt fjármálakreppunni við náttúruhamfarir. Það er ekki fráleit líking. En þeim mun erfiðara er að skilja af hverju stjórnvöld hafa ekki stuðst við svipað verklag og ef yfir landið hefðu riðið náttúruhamfarir á borð við mikið eldgos eða harðan jarðskjálfta.

Í slíku tilfelli hefði Samhæfingarmiðstöð almannavarna í Skógarhlíð verið virkjuð. Þar væru samankomnir á einum stað allir þræðir, yfirsýn yfir aðgerðir og upplýsingaveita. Ekkert slíkt „stríðsherbergi" hefur verið sett upp í stjórnkerfinu í þessum hamförum. Fyrir vikið höfum við mátt horfa upp á svo grátlegt samræmingarleysi að tveir hinna nýju ríkisbankastjóra þráuðust um tíma við að gefa upplýsingar launin sín, svo aðeins eitt léttvægt en þó lýsandi dæmi sé tekið. Mun alvarlegra dæmi er algjör skortur á vörnum í Bretlandi þegar þarlendir stjórnmálamenn hjóluðu í landið. Þeirri árás var mætt með nánast algjörri þögn af hálfu stjórnvalda.

Því miður hafa undanfarnar vikur ekki aðeins fært okkur staðfestingu á því að forysta landsins er veikburða, eins og hefur verið haldið áður fram á þessum stað, heldur eru verkstjórnarhæfileikar hennar einnig af mjög skornum skammti.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### VG víkkar út umræðuna

Allt er víst breytingum undirorpið og er Ísland engin undantekning. Þannig er Hannes Hólmsteinn Gissurarson skyndilega farinn að skrifa af velþóknun um „beislaðan kapítalisma" og Vinstri græn lýsa yfir áhuga á að „víkka út umræðuna um Evrópumál og aðild Íslands að Evrópusambandinu".

Í tilefni af því hafa Ung vinstri græn fengið Baldur Þórhallsson til að halda erindi á opnum fundi annað kvöld, þar sem hann mun reifa ýmis álitamál tengd Evrópusambandinu.



### Vinstri snúningur?

En hví boða Vinstri græn útvíkkaða umræðu um ESB og inngöngu Íslands í sambandið einmitt núna? Nema ef Vinstri græn eru í leit að fleiri flötum á andstöðu sinni við inngöngu Íslands í ESB verður ekki betur séð en að fullkominn viðsnúningur hafi orðið á nokkrum gömlum og grónum gildum í íslensku samfélagi.

### Fulltrúinn fannst

Sagt var frá því á þessum stað í gær að nýr fulltrúi Samfylkingarinnar yrði kjörinn í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur. Látið var í veðri vaka að Samfylkingin myndi lenda í erfiðleikum við að finna einhvern innan sinna vébanda sem hefði geð í sér til leysa Sigríði Ingibjörgu af hólmi, í ljósi harðorðra yfirlýsinga hennar um afglöp seðlabankastjóra og vantraustsyfirlýsinga Samfylkingarinnar á hendur sömu mönnum. En viti menn, Samfylkingunni varð ekki skotaskuld úr því. Valgerður Bjarnadóttir varaþingmaður er nýr fulltrúi Samfylkingarinnar í bankaráði Seðlabankans.



bergsteinn@frettabladid.is

## Andspyrnuhreyfing



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Munnvíður forseti

Skáldsagan „Prinsessan af Cleves" eftir Madame Lafayette, sem kom út 1678, er jafnan talin eitt af meistaraverkum franskra bókmennta, og auk þess brautryðjandaverk á sínu sviði; þarna kemur nefnilega fram á sjónarsviðið fyrsta „sálfræðilega skáldsagan" sem rituð var á frönsku, og vafalaust fleiri tungumálum, sem sé skáldsaga þar sem leitast er við að lýsa tilfinningum manna og kafa niður í sálarlífð. Átti þessi bókmenntagrein síðan mikla framtíð fyrir sér, eins og mönnum er kunnugt. Madame Lafayette lætur sögu sína gerast einni öld áður en hún stingur niður penna, á rétt rúmu ári frá október 1558 til nóvember 1559, inn í hana fléttast raunverulegir sögulegir atburðir sem eru til viðmiðunar í framvindu söguþráðarins en hafa einnig áhrif á það sem þar gerist, og saman er blandað raunverulegum persónum og tilbúnum.

Sagan gerist við hirð Frakklandskonungs og segir frá ástum ungrar konu, Mademoiselle de Chartres. Hún giftist prinsinum af Cleves, sem er búinn flestum þeim kostum sem einn mann geta prýtt, en hún getur bara ekki elskað hann. Hins vegar verður hún ástfangin af hertoganum af Nemours, sem er einnig mannkostamaður en þó ekki meira en eiginmaðurinn, og hefur verið dálítið laus í rásinni, og við þeim tilfinningum fær hún ekkert gert. Það getur virkað fráhrindandi á nútímalesanda hve mikilli glansmynd er brugðið upp af þessu hirðfólki í byrjun, af glæsileika þess og galanteríi, en þegar sögunni vindur áfram og farið er að lýsa nánar miskunnarlausu undirferlinu þar sem saman blandast ástarbrall og valdabarátta fer lesandinn æ meir að skynja glansmyndina sem kaldhæðni. Móðir prinsessunnar af Cleves segir líka við dóttur sína: „Á þessum stað er það sem sýnist næstum aldrei sannleikurinn."

Prinsessan reynir nú eftir megni að fela tilfinningar sínar og berjast gegn þeim, en með takmörkuðum árangri. Hertoginn af Nemours sem leggur ást á móti skynjar nokkurn veginn hvað er að gerast, og prinsessan segir manni sínum sannleikann, að hluta til, þótt reyndar hafi aldrei neitt gerst milli hennar og hertogans. Margt gerist og alls kyns flækjur koma upp, en að lokum deyr prinsinn af Cleves úr sjúkdómum og hugarvíli. Prinsessan af Cleves er þá frjáls að ganga að eiga hertogann, enda er ljóst að enginn maður hvorki í hirðinni né annars staðar muni hafa nokkuð við það að athuga. En þá ber svo við að hún hafnar því, hún telur að hinn látni eiginmaður hennar muni ævinlega vera á milli þeirra, og það sem verra er, hún trúir ekki lengur á ást af þessu tagi, sem hljóti alltaf að vera stormasöm, hún óttast að tíminn muni má hana burtu og hún sér fyrir kvalir afbrýðiseminnar. Hún ákveður því af fara burt og draga sig í hlé úr hirðinni.

Það er til marks um vinsældir þessarar skáldsögu að hún hefur oftar en einu sinni freistað kvikmyndahöfunda. Árið 1961 var gerð eftir henni kvikmynd undir sama heiti, sem fylgdi henni nokkuð nákvæmlega og gerðist á 16. öld. Fyrir nokkrum árum tók hinn aldni portúgalski meistari Manoel da Oliveira sig til og gerði kvikmyndina „Bréfið" þar sem hann staðfærir söguþráðinn og lætur hann gerast í París nútímans. Og þessa stundina er verið að sýna í frönskum kvikmyndahúsum enn eina mynd eftir þessari skáldsögu, „Fallegu stúlkuna" („La belle personne") eftir Christophe Honoré. Þar er gengið enn lengra, ef hægt er, í að færa söguna til nútímans. Hún er þar látin gerast í menntaskóla í París, Madamoiselle de Chartres og prinsinn af Cleves, sem er „Ottó" í myndinni, eru þar nemendur, en Nemours er ungur og svarthærður ítölskukennari. Eins og ég heyrði einn áhorfandann segja: „Í staðinn fyrir að gerast við konungshirð þar sem allir njósna um alla gerist sagan í menntaskólabekk þar sem allir njósna um alla," og er skemmst að segja að staðfærslan er með ólíkindum sannfærandi, ekki er annað að sjá en söguþráðurinn, sem fylgt er nokkuð nákvæmlega nema hvað Ottó er látinn farga sér, sé frásögn úr okkar tíma.

En á bak við þessa nýju frönsku kvikmynd er undarleg saga. Fyrir nokkru var skáldsaga Madame de Lafayette sett á námskrá fyrir eitthvert samkeppnispróf, eins og gerist og gengur. Hinn munnvíði Frakklandsforseti fann þá hjá sér þörf fyrir að gera athugasemd við það, og hann sagði: „Sá sem hefur sett „Prinsessuna af Cleves" á þessa námskrá er annaðhvort sadisti eða fífl." Þetta fannst sumum staðfesta verstu grunsemdirnar um menningarstig forsetans, en í viðtölum hefur kvikmyndahöfundurinn nú skýrt frá því að þessi orð hafi verið kveikjan að myndinni, hún sé nokkurs konar svar við þeim. Mér er nú sagt, að síðan þessi vísdómsorð voru mælt hafi lesendum skáldsögunnar fjölgað til muna, og er kannski að hefjast nú þessu móti ný tegund af andspyrnu. En þeir sem eru jákvæðir gætu velt fyrir sér áhrifum Sarkozys á franskt menningarlíf.

## Stúdentatíð í kreppuhríð

UMRÆÐAN

Björg Magnúsdóttir skrifar um kjör stúdenta



BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR

Aktívisminn blómstrar, fólk flykkist út á götu og tún til að mótmæla seðlabankastjóra, verri kjörum, auknu atvinnuleysi í landinu og almennar bollaleggingar eru daglegt brauð. Stúdentar sitja ekki flötum beinum í þannig árferði enda væri slíkt á skjön við þá iðandi flóru sem Háskólann fyllir og framtíðarlandið byggir.

Umbjóðendur Stúdentaráðs velta nú fyrir sér kostum þeirra og kjörum hjá Lánasjóðnum, knýja fram breytingar og bætur hjá honum og íhuga hvort vinnu sé að fá að háskólaprófi loknu. Mikið er skrafað um það hvort Ísland sé yfir höfuð fýsilegasti kostur til framtíðarbúsetu. Sumir lýsa yfir litlum áhuga á að sjá skattgreiðslur sínar til ríkisins næstu áratugi hverfa beint í körfu afborgana risalána.

Stúdentaráð Háskóla Íslands bregst við ástandinu með sínum bestu vopnum, opinni umræðu og stefnumótun framtíðarinnar. Allt undir yfirskriftinni Stúdentatíð í kreppuhríð en um er að ræða hrinu hádegismálþinga á háskólasvæðinu. Fyrsta málþingið er í dag, miðvikudag, og skal ræða stúdenta og peninga. Þar verður staða LÍN reifuð og rædd, breytingar á sjóðnum, hækkandi stýrivextir og almenn peningamál. Á morgun, fimmtudag, er áætlað að ræða stúdenta og atvinnu. Mikilvægi Háskóla Íslands og opinni menntun á tímum sem þessum, atvinnuhorfur nýútskrifaðra og háskólafólks yfir höfuð sem og yfirvofandi tilfærslu vinnuafls. Síðasta málþingið verður á föstudag og þá eru stúdentar og framtíðin útgangspunktur umræðna. Á hverju viljum við að þjóðfélag morgundagsins sé byggt, ef ekki því sem var? Hvers konar siðfræði ætti að brúka og hvaða hugsjónir skyldi setja í forgrunn? Úrvalsgestir úr röðum Íslendinga verða á málþingum Stúdentaráðs og hvetur ráðið námsmenn og þjóðina til þess að fjölmenna, spyrja og hlusta, ræða og móta.

*Höfundur er formaður Stúdentaráðs.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



DV 17/6 2008



DV 19/6 2008



dv 25/6 2008




MBL 29/9 2008

# Orkan er ódýrari.

## Aftur og aftur og aftur og aftur og enn aftur…

**Verðkannanir DV á tímabilinu 17. júní - 28. október sýna svo ekki verður um villst hvar eldsneytið er ódýrara. Þetta er enn og aftur staðfest í Morgunblaðinu 29. september og á www.gsmbensin.is 31. október.**

Taktu svolítið bleikari afstöðu – spáðu í hvað þú sparar!



DV 2/7 2008



DV 14/7 2008



DV 6/8 2008



31/10 2008



DV 1/9 2008



DV 2/9 2008



DV 23/10 2008



DV 28/10 2008

DYNAMO REYKJAVÍK

www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

# Skuldadagar

**UMRÆÐAN**

Sölvi Björn Sigurðsson skrifar um stöðu heimilanna



SÖLVI BJÖRN SIGURÐSSON

Heimilin í landinu hafa legið undir ámælum fyrir skuldasöfnun síðustu árin og sligast nú mörg hver undan byrðinni. Sumir eiga eflaust gagnrýnina skilið. Það setur auðvitað enga þjóð á hausinn þótt fólk endurnýi sjónvörpin sín (eins og heyrst hefur) en það er heldur ekki skynsamlegt að veðsetja íbúðirnar sínar fyrir hlutabréfakaupum, kríta ofvaxinn efnahagsreikning í krafti framtíðarveltu og sanka að sér ógreiddum lúxusvörum frá útlöndum. Ég vorkenni þessu fólki því það er mjög óheppið. Það sá ekki fyrir efnahagshrunið og situr nú uppi með dót sem það á engan veginn fyrir.

Meginþorri fólks hefur þó ekki hagað sér með svo áhættusömum hætti. Það er rangt sem svo víða heyrist, að við séum öll jafn ábyrg. Skuldir almennings eru að langstærstum hluta til komnar vegna hátt verðlagðra heimila sem ekki var hægt að komast yfir öðruvísi en með gríðarlegum lántökum. Og það þýðir ekkert að sakast við fólk af að það keypti sér þak yfir höfuðið. Að eiga heimili er frumforsenda lífsgæða í upplýstu og menntuðu landi. Skilaboð ráðamanna til samfélagsins voru á þann veg að hér ríkti efnahagsleg hagsæld, góðæri, jafnvel stöðugleiki.

Í Reykjavík hefur leigumarkaðurinn verið svo hrottalegur síðustu árin og félagshúsnæði svo takmarkað (þrátt fyrir meinta hagsæld) að fólki stóð fátt annað til boða en að kaupa sér húsnæði, ef það á annað borð gat. Ábyrgðin er hér vitanlega mismikil líka. Þeir sem keyptu steinsteyptar víðáttur án þess að eiga fyrir nema eins og einum vegg geta auðvitað sjálfum sér um kennt ef bankinn vill húsnæðið til baka. Hinir aftur á móti, sem héldu að sér höndum og sættu sig við þröngan kost í dýrtíðinni, sæta nú sömu örlögum. Ég þekki til dæmis fólk sem í stað þess að sökkva sér í skuldaf sló upp þili í stofunni þegar fjölgun varð á heimilinu. Nú á það á hættu að missa verðtryggða íbúðina í hendur lánadrottna, og þar með allar útborganir og endurbótagjöld sem í hana hafa farið.

Fasteignir eiga orðinu samkvæmt ekki að vera áhættufjárfesting. Auðvitað getur fólk lent í því hvar sem er í heiminum að fá ónýtt hús eða „kaupa á röngum tíma“. Slíkt er blanda af skammsýni og óheppni sem í undantekningartilfellum skapar krísu, eins og bandarísku undirmálslánakrísuna (sem stjórnvöld og lánastofnanir bera auðvitað talsverða ábyrgð á). Munur á t.d spænskum og íslenskum fasteignaeiganda sem horfir nú upp á fallandi verð er hins vegar sá að höfuðstóll lánanna lækkar í hverjum mánuði hjá þeim spænska en hækkar bara og hækkar hjá þeim íslenska – þrátt fyrir að drjúgur hluti teknanna fari í að greiða hann niður. Spánverjinn sem keypti of dýrt í fyrra er fúll en hann lifir þetta af vegna þess að hann býr við eðlileg lánaviðskipti og getur staðið af sér stöðnunina þar til eignin vex aftur í verði. Þannig virkar fasteignakerfið víðast hvar, nema á Íslandi.

Verðtrygging fasteignalánanna er slíkur dragbítur á heimilunum að jafnvel sjálft vaxtaokrið bliknar í samanburði. Það þarf ekki nema eina óðaverðbólgu á 40 ára lánstíma til að éta upp áratuga afborganir af höfuðstól íslensks húsnæðisláns. Hér varð óðaverðbólga í lok sjöunda áratugarins, aftur á þeim áttunda og níunda og nú upplifum við hana eina ferðina enn á 40 ára tímabili – og eru þá ótalin mörg minni verðbólguskot sem tekist hefur að hemja. Glæpurinn virðist enn stærri í ljósi þess að jafnvel þótt verðbólgumarkmið Seðlabankans fengi einhvern tíma staðist, sem það hefur ekki gert lengi, þá dygði sú verðbólga að viðbættum ógnarháum vöxtum til að viðhalda höfuðstól lánanna lengur en flest fólk hefur viðdvöl í sama húsnæðinu.

Nú er svo komið að bregðist stjórnvöld ekki strax við verður stór hluti almennings orðinn eignalaus innan fáeinna mánaða. Tugir þúsunda fjölskyldna flosna upp og lenda í höndum nýju ríkisbankanna, sem síðan sitja uppi með húsnæðið með tilheyrandi verðfalli, stöðnun, afskriftum og kostnaði. Væri ekki betra að hjálpa heimilunum í landinu í þeim lífróðri sem fram undan er, og afnema verðtrygginguna? Í allra minnsta lagi frysta hana á meðan versta höggið ríður yfir? Á maður að trúa því að allar þessar eignir eigi að fá að renna aftur inn í bankana áður en þeir verða einkavæddir á ný? Hversu oft eiga launglæpir íslenska bankakerfisins að fá að kjöldraga þessa þjóð?

Sú staðreynd að lénsherrarnir eru nú hinir sömu og fólkið sem við kusum inn á þing fyrir um einu og hálfu ári ætti að vera kvíðnum almenningi huggun, svo fremi sem eitthvert traust er hægt að bera til framkvæmdavaldsins. Það hefur eftir allt saman tækin til að bjarga því sem bjargað verður. Margbaktryggt vaxtaokrið, stutt af stjórnvöldum og Seðlabanka, er ein af stærri ástæðum skipbrotsins sem þjóðin hefur beðið. Og nú hafa stýrivextir verið hækkaðir í 18%, að margra áliti til þess að afstýra innlausnum krónubréfanna. Enn og aftur lendir íslenskur almenningur aftast í forgangsröðinni þegar greiða á úr flækjunni. Eða hefði kannski ekki mátt fara varlegar í útgáfu þessara bréfa?

Á meðan fólkið í landinu mætti sínum hversdagsleika af bjartsýni og dugnaði í brothættum uppgangi síðustu ára varð það bröskurum og ónýtri peningamálastefnu að bráð, með þeim afleiðingum að kvíðinn er nú helsta kenndin sem elur brjóst Íslendinga. Eina leiðin út er að breyta algjörlega um stefnu. Hagsmunir almennings hljóta að felast í því að komið verði í veg fyrir slíkt fjöldagjaldþrot sem við blasir, með öllum tiltækum ráðum. Afnám verðtryggingarinnar (bundin stuðningi við lífeyrissjóðina ef hægt er) er eitt þessara ráða og til þess þarf að grípa strax. Það þarf hugrakka stjórnmálamenn til að höggva á rígbundna hnúta. En bregðist stjórnvöld við er það eitt víst að allsherjar upplausn verður í landinu.

*Höfundur er rithöfundur.*


HEYRNARÞJÓNUSTAN
HEYRN




**Samefling gerir gæfumuninn**

Nýju ReSound Ziga heyrnartækin eru samefld þannig að þau skila meiru en nemur samanlagðri virkni þáttanna sem í þeim eru.

Með Ziga getur þú vænst þess að heyra á notalegan og eðlilegan hátt, þau hafa framúrskarandi hljóðgæði, eru mjög þægileg og hraðvirk og með mikla aðlögun að þörfum notandans.

Fáðu ReSound Ziga til reynslu í nokkra daga, nánari upplýsingar á www.heyrn.is

Byrjaðu sem fyrst að njóta sameflingar! Tímapantanir 534-9600

Ziga ReSound

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is


# Hlúum að íslenskri hönnun

**UMRÆÐAN**

Eyjólfur Pálsson skrifar um íslenska hönnun



EYJÓLFUR PÁLSSON

Íslensk hönnun, gæði hennar og velgengni, hefur verið mér hugleikin um langt árabil. Íslenskum hönnuðum fjölgar jafnt og þétt. Tilkoma Listaháskóla Íslands, sem og starf undirbúningsdeilda í hönnun við Iðnskólann í Reykjavík og Hafnarfirði, hefur orðið til þess að áhugi á hönnun hefur vaxið ört. Ef til vill mætti þó áhugi hins opinbera á íslenskri hönnun vera enn meiri og koma betur fram í verki, til dæmis þegar val stendur á milli íslenskrar og erlendrar hönnunar.

Varla líður sá dagur að ekki þurfi að velja búnað í opinberar byggingar, fyrirtæki, samkomuhús eða á heimili landsmanna. Ég vil því hvetja þá sem að málum koma að hugleiða fyrst af öllu hvort ekki megi finna það sem leitað er að meðal verka okkar ágætu íslensku hönnuða. Ég veit vel að ekki er alltaf hægt að velja það sem íslenskt er, en í guðanna bænum, gefið íslenskri hönnun tækifæri. Kannið hvað íslenskir hönnuðir hafa fram að færa og hver veit nema þar finnist einmitt það sem hentar hverju sinni. Ef ekki þá verður að sjálfsögðu að leita annað og mætti jafnvel flétta saman íslenska og erlenda hönnun.

Þess eru dæmi að efnt hafi verið til samkeppni um hönnun húsgagna fyrir ákveðin verkefni, eins og t.d. í Höfða. Þrír íslenskir aðilar komu með hugmyndir og í lokin var ein tillagan valin og húsgögn smíðuð eftir henni. Mjög vel tókst til og sama má segja um búnaðinn í Hátíðasal Háskóla Íslands sem og bekki og stóla sem hannaðir voru sérstaklega fyrir Hæstarétt. Gott dæmi um val á íslenskri hönnun er búnaður í húsnæði Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni. Þar reyndu menn af fremsta megni að velja íslenska hönnun og í lokin var útbúinn lítill upplýsingabæklingur um húsgögnin og listaverkin og höfunda þeirra. Utanríkisþjónustan hefur einnig lagt sitt af mörkum til stuðnings íslenskri hönnun með því að prýða sendiráð og sendiráðsbústaði víða um heim með íslenskum húsgögnum og öðrum búnaði og er það vel.

Ekki þarf endilega að hengja sig bara í húsgögn þegar hugsað er til íslenskrar hönnunar. Það sést best á því að íslensk fatahönnun verður æ meira áberandi og konur, sérstaklega í opinbera geiranum, klæðast nú gjarnan fötum sem þekktir íslenskir fatahönnuðir hafa hannað. Fleiri mættu nýta sér þennan möguleika og gott dæmi þar um er að Steinunn Sigurðardóttir hefur hannað nýja flugfreyjubúninga fyrir Icelandair og sækir innblástur í íslenska náttúru og sögu félagsins.

Þegar fyrirtæki og stofnanir, og auðvitað almenningur líka, kaupa gjafir ætti skilyrðislaust að skoða íslenska hönnun fyrst. Mikið er til af íslensk-hannaðri gjafavöru; hnífapör, bollar, fatahengi, karöflur, hillur, kollar, mottur, vasar og glös, allt íslenskt. Ég er ekki að segja að eingöngu skuli kaupa íslenskt en falli það að smekk og aðstæðum er rétt að skoða fyrst það sem íslenskt er.

Þegar rætt er um nýsköpun finnst mér grundvallaratriði að menn hugsi út í að hlutir séu söluvænlegir. Ef hönnun er aðeins skúlptúr, minnismerki hönnuðar, verða ekki framleidd nema örfá eintök, hluturinn verður ekki settur í framleiðslu né fjöldasölu. Afraksturinn verður lítill sem enginn og hönnuðurinn fær ekki einu sinni sín höfundarlaun. Verk hans vekur athygli í smátíma en selst ekki og býr ekki til neina peninga! Allt snýst þetta í raun um að skapa atvinnu.

Skoðun mín er sú að opinberir aðilar þurfi að ganga á undan með góðu fordæmi, velja íslenskt og hvetja þar með hæfileikaríka íslenska hönnuði til dáða. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

*Höfundur er húsgagnahönnuður og kaupmaður í Epal.*

# Rifjum upp gleymda atburði

**UMRÆÐAN**

Eiríkur G. Guðmundsson skrifar um Norræna skjaladaginn



EIRÍKUR G GUÐMUNDSSON

Sjaldan hefur verið meiri ástæða til að lyfta sér upp og gera sér glaðan dag með það að markmiði að gleyma um stund þeim hremmingum sem landsmenn glíma nú við. Sjaldan hefur verið jafnrík ástæða til að taka þátt í og njóta þess fjölskrúðuga menningarlífs sem blómstrar um allt land. Norræni skjaladagurinn, sem haldinn er árlega, er einn slíkra menningarviðburða. Hann verður haldinn hátíðlegur í Þjóðskjalasafni Íslands og í héraðsskjalasöfnum landsins með ýmsu móti, svo sem með opnu húsi og sýningum. Opinber skjalasöfn á Norðurlöndum hafa lengi kynnt starfsemi sína með ýmsu móti og árið 2001 sameinuðust þau um árlegan kynningardag, annan laugardag í nóvember. Í ár er skjaladagurinn þann 8. nóvember. Hérlendis er dagurinn tileinkaður gleymdum atburðum. Sérstakur vefur er helgaður þessu viðfangsefni, www.skjaladagur.is.

Í Reykjavík verða Þjóðskjalasafn Íslands og Borgarskjalasafn Reykjavíkur með sameiginlega dagskrá hjá Þjóðskjalasafni við Laugaveg 162 milli kl. 11 og 15. Þar verður safnkosturinn kynntur fyrir gestum og gangandi, m.a. með ferðum í skjalageymslurnar, sem geyma um 35 hillukílómetra af gögnum, eða sem svarar því bil vegalengdinni frá Rauðavatni til Hveragerðis. Einnig verða flutt ýmis erindi og þeirra á meðal er erindi Önnu Agnarsdóttur prófessors, sem mun rifja upp vin- og óvinveitt samskipti Íslendinga og Breta í aldanna rás. Gunnar Örn Hannesson sagnfræðingur ætlar að segja frá því þegar skólapiltar voru barðir til bókar fyrr á öldum. Björn Jón Bragason sagnfræðingur mun ræða Hafskipsmálið í ljósi nýfundinna skjala og Guðfinna Ragnarsdóttir, jarðfræðingur og fyrrverandi kennari við MR, segir frá og sýnir hvað jafnvel sum ómerkilegustu bréfsnifsi geta verið mikilvægar heimildir í ættfræðirannsóknum.

Eitt markmiða skjaladagsins er að efla vitund fólks um að skjalasöfnin séu tryggir vörslustaðir skjala af hvaða tagi sem er. Fundargerðabækur, bréf, myndir og fleiri skjöl eiga erindi á skjalasöfn. Og því er fólk hvatt til að hafa samband við næsta héraðsskjalasafn eða Þjóðskjalasafn ef það hefur undir höndum skjöl sem það veit ekki hvað gera á við. Höfuðborgarbúar eru hvattir til að heimsækja Þjóðskjalasafn Íslands kl. 11 nk. laugardag og njóta áhugaverðrar dagskrár sem þar verður í boði Þjóðskjalasafns og Borgarskjalasafns.

*Höfundur er sviðsstjóri útgáfu- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns Íslands.*




Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

# þátttaka í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is

FORVARNARDAGURINN

**TAKTU ÞÁTT!**

HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

**Fimmtudagurinn 6. nóvember** er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:

Forseti Íslands · Reykjavíkurborg · UMFÍ · SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Verkefnið er styrkt af actavis



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls*

**Marteins Sverrissonar**

Langatanga 2, Mosfellsbæ.

**Hrefna Kjartansdóttir og fjölskylda.**



*Þökkum innilega auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Bergþóru Bergsdóttur**

Byggðavegi 149, Akureyri.

Þökkum starfsfólki á dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun, sérstakar þakkir til starfsfólksins í Skógarhlíð.

**Einar Björnsson**
**Björn Einarsson** **Lovísa Kristjánsdóttir**
**Margrét Ósk Buhl Björnsdóttir**
**Einar Bergur Björnsson**
**Kristján Breki Björnsson.**



*Elsku eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásgeir Beck Guðlaugsson**

Urðarstekk 5, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunardeild Grundar á Landakotsspítala 1. nóvember sl. Útförin verður fimmtudaginn 6. nóvember kl. 13 frá Grafarvogskirkju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík.

**Arndís Lilja Níelsdóttir**
**Larry Guðlaugur Keen** **Kathy Ann Balatoni Keen**
**Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir** **Guðni Gíslason**
**Guðrún Ásgeirsdóttir** **Guðmundur Tómasson**
**Lilja Petra Ásgeirsdóttir** **Erlendur Magnús Magnússon**
**Guðlaug Ásgeirsdóttir** **Eiríkur Arnarson**
**Níels Árni Ásgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Tómas Björn Þórhallsson**

pípulagningameistari
Forsölum 1, Kópavogi,

lést mánudaginn 3. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram í Kópavogskirkju þriðjudaginn 11. nóvember kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða Sunnuhlíðarsamtökin.

**Kristjana Sigurðardóttir**
**Helga Tómasdóttir** **Herbert Már Þorbjörnsson**
**Halla Tómasdóttir** **Björn Skúlason**
**Harpa Tómasdóttir** **Haraldur Helgi Þráinsson**
**Kristjana Ýr Herbertsdóttir Helgi Már Herbertsson**
**Tómas Bjartur Björnsson Auður Ína Björnsdóttir**
**Unnur Helga Haraldsdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar Pálmason**

skipstjóri, frá Snóksdal, Sóltúni 5, Keflavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, sunnudaginn 2. nóvember. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 6. nóvember kl. 14.00. Jarðsett verður í Snóksdal, laugardaginn 8. nóvember. Blóm og kransar vinsamlega afþakkað, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsdeild Landspítalans.

**Jóhanna Auður Árnadóttir**
**Árni Jens Einarsson** **Júlíana Guðrún Júlíusdóttir**
**Erna Pálmey Einarsdóttir** **Kristgeir Arnar Ólafsson**
**Ólafur Oddgeir Einarsson** **Ólína Þuríður Lárusdóttir**
**og barnabörn.**

**HEIMSPEKINGURINN WILL DURANT FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1885.**

*„Um leið og frelsið er fullkomnað deyr það í stjórnleysi.“*

***Bandaríski heimspekingurinn Will Durant skrifaði fjölda bóka um heimspeki og sögu. Hann hlaut Pulitzer-verðlaunin fyrir bókaflokk sinn í ellefu bindum um sögu siðmenningar. Þær komu út á árunum 1935 til 1975. Nokkrar þeirra hafa komið út á íslensku.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. NÓVEMBER 1992

## *Fischer sigrar Spasskí aftur*

Bandaríski skáksnillingurinn Bobby Fischer lagði Boris Spasskí aftur að velli í skákeinvígi í Belgrad í Júgóslavíu á þessum degi árið 1992. Fischer vann tíu skákir, tapaði fimm og fimmtán enduðu með jafntefli.

Með þátttöku í einvíginu virti Fischer að vettugi alþjóðlegar refsiaðgerðir sem á þessum árum beindust gegn Júgóslavíu vegna borgarastyrjaldarinnar sem þar geisaði. Eftir það var Fischer eftirlýstur í Bandaríkjunum og eigur hans þar gerðar upptækar. Hann varð útlægur frá Bandaríkjunum og bjó í Japan og síðar á Íslandi. Hann gat ekki snúið aftur til Bandaríkjanna án þess að hætta á handtöku og fangelsisvist.




Einvígi þeirra Fischers og Spasskís í Júgóslavíu var endurtekning á frægu einvígi þeirra sem fór fram í Reykjavík árið 1972, en þá hirti Fischer heimsmeistaratitilinn af Spasskí með talsverðum yfirburðum.

Heimsmeistaratitillinn rann Fischer þó úr greipum árið 1975 þegar hann neitaði að verja titilinn fyrir áskorandanum Anatólí Karpov.

BARNAVISTUN, FÉLAG DAGFORELDRA: ER FIMMTÁN ÁRA

## Gaman að kynnast börnunum

„Eitt af helstu markmiðum félagsins Barnavistun er að gæðastýra dagforeldrastéttinni. Gæðastýringin gengur meðal annars út á að bjóða upp á opna og sjáanlega starfsemi. Einnig að foreldrar ungra barna hafi aðgang að upplýsingum um það starf sem fer fram hjá dagforeldrum,“ segir Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir, dagforeldri og meðlimur í stjórn Barnavistunar, félags dagforeldra í Reykjavík. Félagið fagnar fimmtán ára afmæli sínu um þessar mundir.

Stærstur hluti dagforeldra í Reykjavík er í Barnavistun og því er ljóst að á vegum félagsins fer fram mikilvæg starfsemi fyrir hönd stéttarinnar. Kolbrún segir félagið ekki einasta stuðla að gæðastjórnun innan fagsins heldur einnig að því að skapa vettvang fyrir dagforeldra til að eiga í samskiptum sín á milli.

„Við reynum að skapa sameiginlegan vettvang fyrir félagsmenn til þess að hittast reglulega með ýmsum fundum, boðum og ferðalögum. Þannig reynum við bæði að sinna því að ræða alvarleg, pólitísk málefni sem snúa að starfi okkar, en einnig að eiga góðar stundir saman. Við reynum hvað við getum til að hlúa að hverjum og einum og pössum eftir fremsta megni upp á að sem flestir mæti á fundi, svo að fólk einangrist ekki í sínu starfi.“

Starf dagforeldra er einmitt sérstakt að því leyti að fæstir sem því sinna vinna utan heimilis síns. Þó svo að það geti vissulega leitt af sér vissa einangrun segir Kolbrún starfið þó jafnframt afskaplega gefandi. „Starfið er erfitt og krefjandi, jafnvel meir en fólk gerir sér grein fyrir.



**VAKTIN STAÐIN VIÐ VAGNANA** Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir segir störf dagforeldra bæði krefjandi og gefandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

En þetta er náttúrulega einnig afskaplega gaman þegar maður er farinn að kynnast börnunum og þau eru farin að taka þátt í starfseminni hjá manni. Manni hlýnar um hjartarætur við að sjá að þau fá sitthvað út úr vistuninni hér og læra nýja hluti. Vist hjá dagforeldri er náttúrulega í flestum tilfellum fyrstu skref þessa litla fólks út í heiminn og því mikilvægt að þeim sé vel sinnt á þessu stigi.“

Stétt dagforeldra hefur átt nokkuð undir högg að sækja undanfarið þar sem fjárveitingar til einkarekinna leikskóla sem og þjónustutryggingargreiðslur hafa gert hana síður samkeppnishæfa en áður. Kolbrún segir þó Barnavistun stefna að því að efla starf dagforeldra enn frekar, ekki síst til þess að geta boðið foreldrum ungra barna upp á val í dagvistunarmálum.

„Það er okkur mikið metnaðarmál að vistun hjá dagforeldrum sé valmöguleiki fyrir foreldra ungra barna. Við teljum að slík reynsla sé mikilvægur og góður undirbúningur undir leikskólann og umheiminn. Slíkur undirbúningur er besta gjöfin sem hægt er að gefa litlu barni.“

Nánari upplýsingar um starfsemi Barnavistunar má finna á heimasíðunni www.barnavistun.barnaland.is.

**vigdis@frettabladid.is**

## Handverkskaffi í kvöld

Menningarmiðstöðin Gerðuberg í Breiðholti boðar til handverkskaffistundar klukkan 20 í kvöld.

Að þessu sinni verður kaffið með jólaívafi, enda ekki langt í hátíð ljóssins. Elva Björk Jónatansdóttir blómaskreytir mætir á svæðið og sýnir mismunandi aðferðir við gerð aðventukransa.

Gestum verður að sjálfsögðu velkomið að taka með sér handavinnu sína, af hvaða tagi sem er, og eiga notalega stund í góðum hópi áhugafólks um handverk.

Stefnt er að því að halda handverkskaffi í Gerðubergi á eins til tveggja mánaða fresti á næsta ári, en handverks- og prjónakaffistundir hafa sótt mjög í sig veðrið á síðustu misserum.

Gerðuberg hvetur fólk jafnframt til að vera óhrætt við að láta vita ef það býr yfir hugmyndum varðandi handverk eða sýnikennslu sem hægt væri að taka fyrir á þessum kvöldum.



Boðið verður upp á kennslu í gerð aðventukransa í Gerðubergi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Kristján Guðmundsson**

Ljósuvík 24, Reykjavík,

andaðist á gjörgæsludeild Borgarspítalans þann 3. nóvember. Jarðarför auglýst síðar.

**Elín H. Jónsdóttir**
**Friðbjört Gunnarsdóttir** **Þórir Jónsson**
**Hallfríður Gunnarsdóttir** **Bragi Már Valgeirsson**
**og barnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Guðlaug Ólafsdóttir**

lést þriðjudaginn 4. nóvember á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ.

**Lára M. Gísladóttir** **Halldór J. Guðmundsson**
**Dagný Ó. Gísladóttir** **Ragnar Tómasson**
**Helga J. Gísladóttir** **Sigurgeir Sigurjónsson**
**Guðrún G. Þórarinsdóttir** **Kristján Þórðarson**
**Vilborg Þórarinsdóttir** **Sigmundur Örn Arngrímsson**






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



Er prentverkið Svansmerkt?
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 5. nóvember 2008 – 45. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



**Orðskýringin**
Hver er finnska leiðin? 6





**Novator**
Spáði falli krónunnar árið 2006 2





**Jeffrey Sachs**
Hrunið og leiðin til viðreisnar 6




## Bretar greiða út af Icesave

Greiðslur af Icesave-reikningum hefjast í næstu viku.

Fram kemur í frétt breska ríkisútvarpsins að 230 þúsund reikningseigendur í Bretlandi fái í vikunni tölvupóst þar sem þeim verður leiðbeint um hvernig þeir geti nálgast innstæður sínar. Vísað er til loforða breskra stjórnvalda um að allir fái fé sitt aftur.

Innstæðurnar á bresku og hollensku Icesave-reikningum Landsbankans sáluga og á þýskum Edge-reikningum Kaupþings heitins, eru tryggðar upp að ríflega 20 þúsund evrum af Tryggingasjóði innstæðueigenda. Haldið hefur verið fram að sjóðurinn eigi aðeins að ábyrgjast það sem er í honum nú. Þar eru um 19 milljarðar króna. Erlendar innstæður nema hundruðum milljarða. Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt að greiðsluskylda hafi stofnast hjá sjóðnum vegna Landsbankans, Kaupþings og síðast í gær vegna heildsöluinnlána Glitnis í Bretlandi.

Ekki hefur verið ákveðið hvernig sjóðurinn bregst við, en hann hefur heimild til lántöku vegna skuldbindinga sinna. Enn er ekki komin niðurstaða í viðræðum stjórnvalda við Breta um lyktir málsins. Bráðabirgðasamkomulag var gert við Hollendinga en viðræðum er ekki lokið. Eftir því sem næst verður komist hefur ekkert verið rætt við þýsk stjórnvöld vegna Edge. - ikh

## Demantsprýdd kreditkort

MasterCard og annar stærsti banki Kasakstan, Kazkommertsbank, hafa tilkynnt að þrátt fyrir alþjóðlega fjármálakreppu muni þeir ekki hætta við fyrirætlanir um útgáfu nýs lúxuskreditkorts. Kortið er skreytt með gullhúð og í miðju þess hefur verið komið fyrir litlum demanti.

Ársgjald demantskortanna er 1.000 Bandaríkjadalir, en úttektarheimild þeirra er 50.000 dalir. Talsmaður bankans segir að demanturinn sé „bara til skrauts“ og að þrátt fyrir efnahagsþrengingar sé nóg af vellauðugu fólki sem vilji berast á. Áhugasömum er bent á að þeir þurfi að hafa hraðar hendur, því bankinn ætlar sér aðeins að gefa út 1.000 demantskort. - msh

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Evran til Litháen** | Ilmars Rimsevics, seðlabankastjóri Litháens, segir líkur á að landið taki upp evru ári fyrr en áætlað var, jafnvel árið 2011. Um 80 prósent af öllum bönkum í Litháen eru í eigu erlendra aðila.

**Skoða Sterling** | Nokkur kauptilboð bárust í þrotabú Sterling-flugfélagsins í Danmörku, sem varð gjaldþrota í síðustu viku. Frestur til að skila inn tilboðunum rann út á miðnætti í fyrrakvöld.

**Vissi um kreppuna** | Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Englandsbanki vissu um komandi fjármálakreppu á Íslandi í mars en forsætisráðherrann ræddi við Geir Haarde um málið í apríl.



**Vilja evruna** | Rétt rúmur helmingur Dana er nú fylgjandi því að taka upp evruna sem gjaldmiðil. Fyrir rúmum hálfum mánuði vildi tæpur helmingur landsmanna taka upp gjaldmiðil evrusvæðisins.

**Allt er ríkisins** | Danska blaðið Berlingske Tidende sagði í vikunni danska hótelið D´Angleterre, eitt frægasta hótel Norðurlanda, nú komið í eigu íslenska ríkisins í gegnum Nýja Landsbankann. Landsbankinn gamli fjármagnaði kaup Nordic Partners á hótelinu í fyrra. Gísli Reynisson, stærsti hluthafi Nordic Partners, vísaði því á bug.

**Svartur mánuður** | Október var sá svartasti mánuður sem bandarískir fjárfestar hafa séð í 21 ár. Í október árið 1987 féll Dow Jones-vísitalan um 23 prósent, þar af um 22,6 prósent 19. sama mánaðar. Það var næstmesta fall vísitölunnar frá upphafi. Í síðasta mánuði féll vísitalan um rúm 14 prósent.

**Nálægt núllinu** | Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, er tilbúinn til að boða frekari lækkun stýrivaxta á næstunni dugi fyrri aðgerðir ekki til að snúa efnahagslífinu til betri vegar. Vextir standa nú í einu prósenti. Lækki þeir frekar hafa þeir aldrei verið lægri.

# Skuggabankastjórn vill nýja seðlabankastjórn

### Stjórn Seðlabankans þarf að víkja til að auka trú á efnahagsstjórn hér, að mati skuggabankastjórnar Markaðarins. Stýrivextir óbreyttir meðan upplýsinga er beðið.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Skuggabankastjórn Markaðarins telur að skipta verði um bankastjórn Seðlabanka Íslands. Samkvæmt áætlun kynnir Seðlabankinn stýrivaxtaákvörðun og sýn á þróun efnahagsmála á vaxtaákvörðunardegi sínum á morgun.

Skuggabankastjórnin telur vexti þurfa að vera óbreytta í 18 prósentum þar til línur skýrast hvað varðar aðgerðaáætlun þá sem lögð hefur verið fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Upplýst verður um áætlunina þegar stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur fjallað um hana í vikulokin.

„Meginverkefnið er að skapa trúverðugleika í kringum peningamálastefnuna og Seðlabankann. Það er nær útilokað með núverandi bankastjórn,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands. Hann á sæti í skuggabankastjórninni með Ólafi Ísleifssyni, lektor við Háskólann í Reykjavík, Eddu Rós Karlsdóttur, hagfræðingi hjá Landsbankanum, og Ásgeiri Jónssyni, forstöðumanni greiningardeildar Kaupþings.

Auk þess að yfirstjórnir Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins sæti ábyrgð „samkvæmt vestrænni lýðræðishefð“ vill Ólafur Ísleifsson að stofnanirnar verði að því loknu sameinaðar.

Edda Rós segir Seðlabankann og ríkisstjórnina verða að ganga í takt. „Misvísandi skilaboð Seðlabanka og ríkisvaldsins eru óásættanleg. Trúverðugleiki er nauðsynlegur. Því er eðlilegt að yfirstjórn Seðlabankans víki,“ segir hún og bætir við að mistök við hagstjórn upp á síðkastið kunni að leiða til þess að vextir þurfi hér að hækka enn meira til að koma stöðugleika á gjaldeyrismarkað. „Ný og trúverðug yfirstjórn í Seðlabankanum myndi minnka þörfina á slíkri aðgerð.“



**FUNDAÐ UM STÝRIVEXTI** Skuggabankastjórn Markaðarins skipa Ólafur Ísleifsson, Þórður Friðjónsson, Ásgeir Jónsson og Edda Rós Karlsdóttir. Með eru ritstjórar Markaðarins. MARKAÐURINN/GVA

Í umræðum skuggabankastjórnar kom fram að Seðlabankanum væri nokkur vorkunn að ætla að birta rit um framvindu efnahagsmála rétt áður en fyrir liggja skilmálar samkomulags ríkisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðgerðir í efnahagsmálum. Peningamálin verði því eins og „staðið kaffi“, ný uppáhelling fáist ekki fyrr en allar upplýsingar liggi fyrir. Það er meðal annars fyrir þessa óvissu sem skuggabankastjórnin segir ekki hægt að mæla með breytingu á vöxtum nú.

Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti í 18 prósent 28. október síðastliðinn á viðbótarvaxtaákvörðunardegi. Þar áður var vöxtum einnig breytt utan hefðbundinnar dagskrár 15. október þegar þeir voru lækkaðir í 12 prósent, úr 15,5 prósentum. Sjá miðopnu

# Félag Björgólfsfeðga gjaldþrota

### Á ekki fyrir skuldum eftir að kjölfestufjárfesting gufaði upp í ríkisvæðingu.

„Stjórn Samsonar eða kröfuhafar geta nú farið fram á gjaldþrotaskipti,“ segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfsfeðga. Hann segir þetta ekki hafa bein áhrif á önnur fyrirtæki sem þeir feðgar eigi hluti í.

Beiðni Samsonar um áframhaldandi greiðslustöðvun var hafnað í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og farið fram á að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Samson er í eigu feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar. Stærsta eign félagsins var rúmlega 41,85 prósenta hlutur í Landsbankanum.

Ásgeir bendir á að eignarhlutur Samsonar í bankanum hafi numið 90 milljörðum króna undir það síðasta. Þegar ríkið tók bankann eignarnámi varð hann að engu. Gunnar Sturluson, lögmaður Samsonar, sagði niðurstöðuna koma sér á óvart. Hann vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu.

Samson fékk greiðslustöðvun 7. október, sama dag og Landsbankinn var ríkisvæddur og rann hún út á þriðjudag í síðustu viku. Þýski bankinn Commerzbank International gerði einn athugasemdir við framlenginguna greiðslustöðvunar. Samson skuldaði Commerzbank rúma 23 milljarða króna auk þess sem ábyrgð á láni til bresku ferðaskrifstofunnar XL Leisure Group upp á tæpa 37 milljarða króna hvíldi á herðum félagsins. Líklegt er að ábyrgðin færist aftur til Eimskipafélagsins. - jab

**EIGNIR BJÖRGÓLFSFEÐGA**

Hermt er að gjaldþrot Samsonar hafi engin bein áhrif á aðrar eignir Björgólfsfeðga, hvorki hins eldri (BG) né hins yngri (BTB).

| | |
|---|---|
| HF Eimskipafélag Íslands | BG |
| Icelandic Group | BG |
| West Ham | BG |
| Ólafsfell (- m.a. hlutur í Árvakri) | BG |
| Actavis | BTB |
| Play í Póllandi | BTB |
| Amer Sport í Finnlandi | BTB |
| Samson Global Holdings<br>- 35 prósenta hlutur í Straumi-Burðarási<br>- sem aftur á hlut í Árvakri | BG/BTB |

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 10,5% | -39,4% |
| Atorka | -16,7% | -94,9% |
| Bakkavör | -8,0% | -91,5% |
| Eimskipafélagið | 3,1% | -96,1% |
| Exista | 0,0% | -76,6% |
| Icelandair | -0,5% | -52,1% |
| Kaupþing | 0,0% | -100,0% |
| Marel | 2,3% | -28,9% |
| SPRON | 0,0% | -79,2% |
| Straumur | 0,0% | -53,1% |
| Össur | 5,4% | -8,7% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær. Úrvalsvísitalan OMXI15 644. Gengisvísitala krónunnar 218,7.*

# Novator varaði við gengisfallinu

Gengisvísitala krónunnar mun tímabundið toppa í 200 stigum en ná jafnvægi í kringum 170 stigin.

Þetta kemur fram í spá stjórnenda Novators, félags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, sem kynnt var fyrir seðlabankamönnum samhliða greinagerð um þróun nokkurra hávaxtamynta, í tvígang í janúar og október árið 2006.

Spáin hvað krónuna varðar gekk eftir á þessu ári og rúmlega það.

Ekki liggur fyrir hverjir sátu fundina.

Tímasetningar var ekki að finna í gengisspá Novators. Í bæði skipti var bent á að viðskiptahalli, skuldsetning þjóðarinnar og útistandandi jöklabréf væru svo mikill baggi á krónunni að hætta væri á að hún myndi gefa hratt eftir.

Gengi krónunnar stóð í rúmum 119 stigum um síðustu áramót en tók að veikjast hratt í byrjun mars. Þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir rauf hún 218 stiga múrinn í gær.

Fyrir mánuði voru stjórnendur Novator sakaðir um að hafa staðið á bak við fall krónunnar. Heiðar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Novators í Bretlandi, vísaði því á bug í samtali við Markaðinn í október. Kenndi hann Seðlabankanum um enda hafi hann hvorki aukið peningamagn nægilega í umferð og ekki látt á vöxtunum, né heldur liðsinnt bönkunum með erlendan gjaldeyri eins og hlutverk hans segi til um. **- jab**



# Tap í hagnað

Hagnaður Marel Food Systems nam 4,5 milljónum evra, jafnvirði 688 milljónum króna, á þriðja ársfjórðungi. Til samanburðar tapaði félagið 5,7 milljónum evra á sama tíma í fyrra.

Rekstrarhagnaður nam 14,5 milljónum evra samanborið við 1,8 milljónir í fyrra.

Sala fyrirtækisins nam 170,6 milljónum evra á tímabilinu samanborið við 66,1 milljón á sama tíma í fyrra. Þetta jafngildir 158,1 prósents aukningu.

Hörður Arnarson, forstjóri fyrirtækisins, er hæstánægður með afkomuna og segir hana í samræmi við markmið. **- jab**

# Einn bauð í Helguvík

Olíudreifing var eini bjóðandinn í útboði Ríkiskaupa á olíubirgðastöð Atlantshafsbandalagsins í Helguvík. Ekki hefur verið gengið frá samningum við Olíudreifingu, sem er í eigu N1 og Olís.

Tilboð voru opnuð hjá Ríkiskaupum upp úr miðjum september, en upphaflega stóð til að útboðið yrði haldið í vor. Því var frestað, sögðu Ríkiskaup, vegna athugasemda frá erlendu olíufyrirtæki. Guðrún Gunnarsdóttir hjá Ríkiskaupum greindi frá miklum áhuga á olíubirgðastöðinni í Helguvík í Fréttablaðinu um miðjan júní. Nefnd voru alþjóðleg olíufélög, indversk, kanadísk og frönsk.

Geymslustöðin í Helguvík er illa farin. Olíudreifing þarf nú væntanlega að gera við hana og sjá um viðhald. Átta geymar eru í Helguvík og sex til viðbótar á Keflavíkurflugvelli, þar af á ríkið þrjá. Alls er hægt að geyma hátt í 130 þúsund rúmmetra af eldsneyti í geymunum. Það dugar fyrir alla flugumferð um Keflavíkurflugvöll í sex ár. **- ikh**

# Stuðningur vekur athygli

„Forsætisráðherra Íslands, Geir Haarde, ítrekaði stuðning sinn við formann bankastjórnar Seðlabankans á þriðjudag." Svo hljóðar upphaf fréttar á fréttavef Forbes, sem skrifuð er upp úr skeyti frá fréttaveitunni Reuters.



DAVÍÐ ODDSSON

Geir er sagður hafa ítrekað stuðninginn í kjölfar yfirlýsinga samstarfsflokksins, Samfylkingarinnar, um andstöðu við bankastjórnina.

Vitnað er í viðtal við Geir í útvarpsfréttum þar sem hann segir að stjórnarflokkarnir séu ekki sammála um allt og ekkert sé óeðlilegt við það. Hins vegar hafi upplýsingar lekið frá ríkisstjórninni og það eigi sér engin fordæmi.

Þá er í fréttinni greint frá gagnrýni á störf Davíðs Oddssonar í Seðlabankanum, auk þess að mótmælafundir hafi verið haldnir og þekktir stjórnmálamenn hafi krafist afsagnar hans.

Enn fremur er greint frá því að Geir hafi verið staðfastur í stuðningi sínum við Davíð, sem áður hafi verið forsætisráðherra í þrettán ár. **- ikh**






# Hægari verðbólga í OECD

Dregið hefur úr verðbólguhraða í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Verðbólga á ársgrundvelli í september var 4,5 prósent miðað við 4,7 prósent í ágúst. Verðhækkun olíu og matvæla vegur þungt í vísitölunni. **- msh**

# Stjórnvöld fengu Buiterskýrsluna í vor

## Stjórnvöld voru mistæk í bankahruninu. Buiter og Siber vöruðu við strax í vor. Vandinn var ljós fyrir löngu. Veðsetning orkulinda, aðstoð IMF og bænir til guðs voru einu úrræðin í sumar.

**Ingimar Karl Helgason**
skrifar

„Við létum stjórnvöld vita með því að senda þeim ritgerð okkar, þegar fyrsta uppkast lá fyrir í apríl," segir Willem H. Buiter, prófessor við London Business School, í svari við fyrirspurn Markaðarins.

Hann skrifaði svarta skýrslu um íslenska bankakerfið ásamt Önnu Sibert, sem meðal annars hefur setið í skuggabankastjórn breska Íhaldsflokksins. Í skýrslunni kemur fram að íslenska bankakerfið var ekki lífvænlegt. Einu leiðirnar til framtíðar hefðu verið að megnið af starfseminni yrði flutt úr landi eða Íslendingar tækju upp evru.

Þau segja að í janúar á þessu ári, þegar þau höfu skoðun á íslenska bankakerfinu, hafi strax orðið ljóst að bankakerfið væri ekki lífvænlegt. Þau segja að þessi vandamál hefðu öllum átt að vera ljós í byrjun árs, en ekki síður í hittifyrra, árið 2004, jafnvel árið 2000. Þetta skýrist af því að lítið land með eigin mynt geti ekki borið stjórar alþjóðlegar fjármálastofnanir.

Buiter segir við Markaðinn að þegar hann kom hingað til lands í sumar til þess að kynna skýrslu sína, hafi hann og Sibert jafnframt átt sérstakan fund með fulltrúm úr Seðlabankanum, til þess að kynna skýrsluna.

Þar lögðu þau meðal annars til að til skemmri tíma þyrftu íslensku bankarnir að bregðast við hættulegri stöðu sinni með því að útvega dótturfélögum sínum á erlendri grundu lán frá viðkomandi seðlabönkum. Einnig þyrftu stjórnvöld strax að nálgast tilfallandi aðgang að töluverðu fjármagni í erlendum gjaldeyri. Það hefði mátt gera með lánalínum við erlenda seðlabanka eða semja við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um tilfallandi aðgang að fé. Einnig mætti setja ýmislegt að veði fyrir markaðsfjármögnun. Veð gætu verið eignir Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóðanna eða kröfur á framtíðartekjur af jarðhita og vatnsafli. Því til viðbótar bætir Buiter nú við: hefðu Íslendingar getað beðið til guðs.

Skýrslan var ekki birt fyrr en á dögunum, en hún var kynnt í þröngum hópi hér á landi í sumar. Landsbankinn, sem greiddi fyrir skýrslugerðina, ákvað að hún yrði ekki birt.

Buiter og Sibert birta skýrslu sína í októberhefti Policy Insight. Þar segir í nýjum inngangi að stjórnvöld og sérstaklega Seðlabankinn hafi gert fjölmörg mistök í hruni bankakerfisins og aðdraganda þess.

Þau nefna sérstaklega kaup ríkisins á 75 prósenta hlut í Glitni í lok september. Þar með hafi alvarlegum bankavanda verið breytt í ríkisvanda. Blessunarlega, segja Buiter og Sibert, hafi bankinn farið í skiptameðferð áður en hluthafarnir gátu samþykkt gjörninginn. Enn fremur nefna þau tilraun Seðlabankans í byrjun október til að festa gengi krónunnar „án fullnægjandi gjaldeyrisforða" eða annarra ráðstafana. Þetta hafi verið ein skammlífasta gengisfesting sögunnar.

Buiter og Sibert fordæma aðgerðir Breta, sem beittu hryðjuverkalögum til að frysta eignir Landsbanka og Kaupþings þar í landi. Skýringar Breta á aðgerðunum standist ekki skoðun.

Buiter og Sibert benda á að önnur ríki glími við svipuð vandamál og Íslendingar; ríkin séu smá, með stór bankakerfi, eigin mynt og ríkin búi yfir takmarkaðri getu til að glíma við greiðsluerfiðleika bankakerfisins. Þau nefna Sviss, Danmörku og Svíþjóð, jafnvel Bretland. Írland, Belgía, Holland og Lúxemborg búi við þann kost að nota evru sem gjaldmiðil. Því verði greiðsluerfiðleikar banka ekki vandamál. Hins vegar megi efast um getu ríkisvaldsins í þessum löndum til að takast á við vanda.


ERU VIÐSKIPTAGÖGNIN ÞÍN ÖRUGG?
Komdu með gögnin þín til EJS í hýsingu

VEITUM AÐGANG AÐ
- Viðskiptahugbúnaði
- Tölvupósti
- Skjölum
- Gagnagrunnum

AUÐVELT Í NOTKUN
- Vinnulag þitt breytist ekki
- Aðgengi að gögnum hvaðan sem er
- Kostnaður verður þekktur og fyrirsjáanlegur
- Hentar fyrirtækjum með dreifða starfsemi

ÖRYGGI OG TRAUST
- Gögnin þín eru afrituð daglega
- Gögnin eru geymd í fullkomnum hýsingarsal EJS
- Kerfið er rekið af sérfræðingum
- Ekkert sumarfrí eða veikindaorlof
- Sjáum um allt tölvuumhverfið þitt

Það er til lausn á öllu
Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000
EJS

# Gerðu TAS að þinni tölvudeild allan sólarhringinn



www.tas.is

Uppsetning og rekstur tölvukerfa

Þjónusta allan sólarhringinn

Hýsing tölvubúnaðar í fullkomnum tækjasal

Öryggisafritun og dulkóðun gagna

## Skýr ávinningur:

TAS er framúrskarandi þekkingarfyrirtæki sem byggir á margra ára reynslu starfsmanna sinna og veitir heildarlausnir á upplýsingatæknisviði.

**Stuttur viðbragðstími**
-öllum þjónustubeiðnum er sinnt strax

**Skilvirk þjónusta**
-aðgangur að sérhæfðum starfsmönnum allan sólarhringinn

**Fyrirséður kostnaður**
-með TAS sem samstarfsaðila er bæði hægt að lækka rekstrarkostnaðinn og gera hann að þekktri stærð

Þjónustuver opið allan sólarhringinn:
412-1400 | hjalp@tas.is | www.tas.is

TAS

# Óbreyttir vextir á *óvissutíma*

**Skuggabankastjórn Markaðarins segir vexti þurfa að vera óbreytta enn um sinn. Ekki eru forsendur til að leggja mat á þróun efnahagsmála. Skipta verður um bankastjórn Seðlabankans. Óli Kristján Ármannsson og Björn Ingi Hrafnsson settust niður með skuggabankastjórninni.**



**Á FUNDI SKUGGABANKASTJÓRNAR** Á meðan ekki er allt uppi á borðinu varðandi aðgerðir í efnahagsmálum og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) eru ekki forsendur til að breyta hér stýrivaxtastigi, að mati skuggabankastjórnar Markaðarins. MARKAÐURINN/GVA

Hluti af því að endurvekja traust á hagstjórn landsins er að bankastjórn Seðlabanka Íslands víki. Þetta er samdóma álit skuggabankastjórnar Markaðarins, en hana skipa Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum, Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands.

Það er meðal annars vegna óvissu um framvindu efnahagsmála, meðan beðið er þess að birt verður aðgerðaáætlun sú sem lögð hefur verið fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), sem skuggabankastjórnin segir ekki hægt að mæla með breytingu á vöxtum nú.

Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti í 18 prósent 28. október síðastliðinn á viðbótarvaxtaákvörðunardegi. Þar áður var vöxtum einnig breytt utan hefðbundinnar dagskrár 15. október þegar þeir voru lækkaðir í 12 prósent, úr 15,5 prósentum.

### SEÐLABANKINN OG FJÁRMÁLAEFTIRLIT SÆTI ÁBYRGÐ

Ólafur Ísleifsson bendir á að vextir séu nú ákveðnir í samráði stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. „Deila má um réttmæti hækkunar stýrivaxta í 18 prósent en markmiðin sýnast skýr: Að skjóta stoð undir gengi krónunnar og koma áleiðis þeim skilaboðum til sjóðsins og annarra lánveitenda að stjórnvöld hiki ekki við að grípa til erfiðra aðgerða til að ná markmiðum í efnahagsmálum.“

Ólafur segir að endurreisa þurfi traust á Íslandi á alþjóðlegum vettvangi. „Efnahagsáætlun með gæðastimpli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er mikilvægt skref í þá átt. Birta þarf hana opinberlega um leið og hún hefur hlotið staðfestingu sjóðsins,“ segir hann.

„Annað skref er að leita eftir því við Evrópusambandið að á grundvelli aðildarumsóknar fáist aðild að evrópska myntsamstarfinu svo fljótt sem verða má og Íslendingar eignist um leið bakhjarl í Evrópska seðlabankanum. Þriðja skrefið er að þeir sem bera ábyrgð axli hana og umheiminum verði sýnt að hér ríki vestrænar lýðræðishefðir í þessu efni. Byrja verður á yfirstjórn Seðlabanka og Fjármálaeftirlits og sameina svo þessar stofnanir.“

Fjórða skrefið segir Ólafur svo vera að gangast fyrir óháðri rannsókn á íslenska efnahagshruninu með atbeina erlendra aðila.

„Verja þarf heimili og fyrirtæki eftir því sem frekast er kostur. Hagfræðingarnir Gylfi Zoëga og Jón Daníelsson hafa lagt fram um þetta markverðar tillögur sem stjórnvöld verða að taka mið af,“ segir Ólafur og bætir við að kveikja verði ljós sem vísi þjóðinni veginn til aukinnar hagsældar. „Umsókn um aðild að Evrópusambandinu er fyrsti neistinn því það verður ekkert traust reist á krónunni,“ segir hann.

### ÓÐS MANNS ÆÐI AÐ BREYTA VÖXTUM NÚ

Þórður Friðjónsson segir skemmst frá því að segja að við núverandi aðstæður séu ekki forsendur til að breyta vöxtum. „Það vantar einfaldlega yfirlit um stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum eftir fall fjármálafyrirtækjanna og sem þær ráðstafanir í efnahagsmálum sem áformaðar eru í samstarfi við IMF. Að mínu mati væri óðs manns æði að breyta vöxtum nú án þess að tengja slíka breytingu við heildaráætlun í efnahagsmálum,“ segir hann og bendir á að fyrir viku síðan eða svo hafi Seðlabankinn hækkað stýrivexti um sex prósentustig. „Þessi ákvörðun var byggð á þríhliða samkomulagi ríkisstjórnarinnar, Seðlabanka og IMF. Að baki þessu samkomulagi liggja útreikningar og áætlanir sem ekki hafa verið birtar opinberlega. Að svo stöddu er því afar erfitt að hafa rökstudda skoðun






## SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐARINS

**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR**

### Stjórn Seðlabankans víki



Í því vandasama verkefni sem fram undan er verða Seðlabanki og ríkisstjórn að ganga í takt. Kreppan er grafalvarleg og við þurfum fumlaus vinnubröð. Sú staða mun koma upp að grípa þurfi til aðgerða sem þykja óþægilegar í bráð, en eru nauðsynlegar fyrir framtíðarvelferð þjóðarinnar. Misvísandi skilaboð Seðlabanka og ríkisvaldsins eru óásættanleg. Trúverðugleiki er nauðsynlegur. Því er eðlilegt að yfirstjórn Seðlabankans víki. Vextir verða óbreyttir þar til heildaráætlun í efnahagsmálum verður lögð fram. Klúðrið í síðustu viku kann hins vegar að valda því að vextir þurfi enn að hækka þegar gjaldeyrismarkaður opnar að nýju. Ný og trúverðug yfirstjórn í Seðlabankanum myndi minnka þörfina á slíkri aðgerð.

**NIÐURSTAÐA: ÓBREYTTIR STÝRIVEXTIR**

**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON**

### Vestrænar lýðræðishefðir ráði



Endurreisa þarf traust á Íslandi á alþjóðlegum vettvangi. Efnahagsáætlun með gæðastimpli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er mikilvægt skref í þá átt. Birta þarf hana opinberlega um leið og hún hefur hlotið staðfestingu sjóðsins. Annað skref er að leita eftir því við Evrópusambandið að á grundvelli aðildarumsóknar fáist aðild að evrópska myntsamstarfinu svo fljótt sem verða má […] Þriðja skrefið er að þeir sem bera ábyrgð axli hana og umheiminum verði sýnt að hér ríki vestrænar lýðræðishefðir í þessu efni. Byrja verður á yfirstjórn Seðlabanka og Fjármálaeftirlits og sameina svo þessar stofnanir.

**NIÐURSTAÐA: ÓBREYTTIR STÝRIVEXTIR**

**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON**

### Óðs manns æði að breyta nú



Skemmst er frá því að segja að það eru ekki forsendur til að breyta vöxtum við núverandi aðstæður. Það vantar einfaldlega yfirlit um stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum eftir fall fjármálafyrirtækjanna og þær ráðstafanir í efnahagsmálum sem áformaðar eru í samstarfi við IMF. Að mínu mati væri óðs manns æði að breyta vöxtum nú án þess að tengja slíka breytingu við heildaráætlun í efnahagsmálum […] Trúverðugar aðgerðir nú í samvinnu við IMF gætu leitt til þess að forsendur sköpuðust skjótt til vaxtalækkana.

**NIÐURSTAÐA: ÓBREYTTIR STÝRIVEXTIR**

**ÁSGEIR JÓNSSON**

### Vextir styðji við gjaldeyrismarkað



Eins og staðan er nú er fátt annað í stöðunni en að halda vöxtum óbreyttum. Nú er beðið eftir samþykkt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á láni til Íslendinga samhliða því að sameiginleg efnahagsáætlun sjóðsins og ríkisstjórnarinnar birtist. Mál málanna er að koma gjaldeyrismarkaðinum í lag – og þar verða vextirnir að styðja við. En það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir fjármagnsflótta út úr hagkerfinu. Síðan um leið og krónan hefur komist á flot og betra jafnvægi hefur náðst á gjaldeyrismarkaði er nauðsynlegt að lækka vexti eins hratt og hægt er.

**NIÐURSTAÐA: ÓBREYTTIR STÝRIVEXTIR**



**RAUÐI KROSSINN** stendur fyrir fjölda ólíkra námskeiða á hverju ári. Námskeiðin eru allt frá því að vera grunnnámskeið í skyndihjálp til þess að vera undirbúningsnámskeið fyrir tilvonandi sendifulltrúa sem hyggja á dvöl á fjarlægum slóðum.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447





## Hófst þú nám í húsasmíði en laukst því ekki?

**Ertu starfandi í greininni eða í grein henni tengdri?**

**Hefur þú áhuga á að ljúka því námi sem þú hófst?**

**Bættu um betur – Húsasmíði** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA – fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið. Þar er einnig hægt að skrá sig á kynningarfund sem verður haldinn í kvöld kl. 18.00 að Skúlatúni 2, 105 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS




Kolbrún og félagar óku eftir Route 66 sem liggur frá Chicago til Los Angeles. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Gamall draumur rættist

**Félagsráðgjafinn Kolbrún Ögmundsdóttir fór á dögunum í mótorhjólaferð um Bandaríkin ásamt eiginmanni sínum, Jóni Þór Eyjólfssyni, og félögum þeirra. Þau óku eftir Route 66, frá Los Angeles til Tulsa.**

„Maðurinn minn og vinir hans voru lengi búnir að láta sig dreyma um að aka Route 66 þegar þeir yrðu fimmtugir og eftir margra mánaða undirbúning hélt tæplega tuttugu manna hópur af stað. Við leigðum tíu hjól og hjóluðum frá morgni til kvölds,“ segir Kolbrún en Route 66 er ein elsta póstleið Bandaríkjanna og liggur frá Chicago til Los Angeles. Hún var lögð niður þegar hraðbrautirnar tóku við og nú eru margir staðir þar í eyði.

„Við fórum ekki þessa hefðbundnu leið sem liggur frá Chicago og vestur heldur byrjuðum í Los Angeles og fylgdum Route 66 til Tulsa. Þaðan fórum við eftir sveitavegum suður til Orlando þar sem við tókum hús á leigu og eyddum síðustu vikunni.“

Á leiðinni skoðaði hópurinn ýmsa markverða staði, gamlar byggðir og fallegt landslag. „Við skoðuðum Miklagljúfur, eða Grand Canyon, sem var ofsalega gaman. Sérstaklega fyrir hluta okkar en við fórum nokkur í flúðasiglingu þar fyrir tveimur árum. Þá fórum við til Memphis og sáum Graceland, heimili Elvis Presley, sem var ævintýri út af fyrir sig. Við eyddum svo tveimur dögum í Nashville sem flestum fannst ofboðslega gaman. Við gengum á milli kráa, hlustuðum á lifandi tónlist og fengum smjörþefinn af hinni amerísku kúrekamenningu.“

Kolbrún segir hópinn hafa verið sérstaklega spenntan fyrir því að aka leið sem kallast Tail of The Dragon í Reykjarfjallaþjóðgarðinum (The Great Smoky Mountains National Park). Á leiðinni, sem er 11 mílur, eru 318 beygjur „Leiðin er nokkuð hættuleg og mikil þrekraun en við fórum varlega,“ segir Kolbrún.

Hún segir ferð sem þessa ekki nema fyrir vana en hún og eiginmaður hennar eiga bæði mótorhjól. „Maðurinn minn notar sitt meira en ég fer stundum á mínu til og frá vinnu.“ *vera@frettabladid.is*




## Aukin ökuréttindi - Meirapróf

### Næsta námskeið hefst 12. nóvember

**Starfsemi skólans:**
- B-réttindi alla virka daga kl. 18–22
- Helgarnámskeið
- Dagnámskeið kl. 16–18
- B-réttindi á pólsku, ensku og tælensku

**Bjóðum einnig upp á önnur námskeið:**
- Vistakstur
- Bifhjólanámskeið
- Námskeið í samvinnu við Vegagerðina

**Ökuskólinn í Mjódd hefur verið starfandi síðan 1968.**

**Upplýsingar og innritun í síma 567 0300.**

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

# ;FERÐIR

**JÓLAFERÐIR** til Kanaríeyja eru farnar að seljast hjá Plúsferðum. Verðið er frá 75.731 krónu á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi á Veril Playa í 12 nætur frá 17. desember.




**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905





**GLÓFAXI HF.**
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



**Stökktu til**
**Kanarí**
**26. nóv.**
**Frá kr. 79.990**



***Frábær ferð - 24 nætur***
Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 26. nóvember í 24 nætur á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og fjórum dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað í rúmar 3 vikur á ótrúlegum kjörum.

Verð kr. **79.990**
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / studíó / íbúð í 24 nætur. Stökktu tilboð 26. nóvember.

**Heimsferðir**
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




Borgarfjörður eystri er rómaður fyrir náttúrufegurð og fuglalíf. Í sumar munu listamenn geta sýnt í nýju galleríi í gamla frystihúsinu en þar er verið að byggja upp hótel og veitingastað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Frystihúsi breytt í hótel

**Fjölskylda Ástu Sigfúsdóttur glerlistakonu vinnur nú að því að breyta gömlu frystihúsi á Borgarfirði eystri í hótel. Þegar er búið að opna listgallerí í húsinu og er stefnan sett á frekari opnun í sumar.**

„Ég var búin að horfa á þetta tóma frystihús lengi en það hefur staðið autt í mörg ár," útskýrir Ásta Sigfúsdóttir, glerlistakona og myndmenntakennari, en hún stendur í framkvæmdum með fjölskyldu sinni á Borgarfirði eystri.
„Upphaflega var hugmyndin sú að reka fiskveitingastað í húsinu en tengdasyni mínum datt svo í hug að við keyptum bara allt húsið og byggðum upp hótel."

Átta gistirými verða á hótelinu, stór herbergi með baði, og er ætlunin að miða við að fólk stoppi í fleiri en eina nótt í einu. Ásta segir þau sjá fyrir sér að listamenn geti komið og unnið að listsköpun og eins náttúruunnendur en húsið er ofan í fjörunni.



Framkvæmdir eru hafnar í gamla frystihúsinu.

„Hótelið verður lista- og heilsutengt. Umhverfið er með eindæmum fallegt hérna og fólk getur notið þess að vera úti í náttúrunni. Þá hugsuðum við okkur að nota dauða tímann, eins og vorin og haustin og eitthvað yfir veturinn, fyrir listamenn til að vinna. En á ferðamannatímanum yrði boðið upp á almenna heilsutengda ferðaþjónustu."

Einnig segir Ásta á döfinni að byggja upp heita potta og sánabað í fjörunni og að hótelið yrði í samstarfi við skipulagða ferðaþjónustu á svæðinu til dæmis með gönguferðir. Nuddarar yrðu starfandi á hótelinu og boðið upp á heilsusamlegt fæði á vetingastaðnum þar sem hráefnið væri fengið úr héraðinu.

Ásta fékk nýverið styrk úr atvinnuaukningarsjóði Borgarfjarðar eystri og eru framkvæmdir þegar hafnar við hóteluppbygginguna. „Við höfum þegar opnað galleríið og hugsum okkur að bjóða listamönnum að halda sýningar hér í sumar. Svo stefnum við á að opna líka annaðhvort veitingahúsið eða gistinguna í sumar."

*heida@frettabladid.is*

# Gönguglеði hvern sunnudag

**Gera má ráð fyrir að ferðalög innanlands sæki mjög í sig veðrið á næstunni. Ferðafélag Íslands býður upp á ýmsa skemmtilega möguleika í því samhengi.**

Þó svo að helsti útivistarárstíminn hérlendis sé liðinn og vetur konungur svo gott sem tekinn við er engin ástæða til þess að hætta með öllu að njóta samvista við fagra íslenska náttúru. Ferðafélag Íslands býður félagsmönnum sínum upp á ýmsa skemmtilega möguleika á útivist og náttúruskoðun. Til að mynda hittast félagsmenn á hverjum sunnudegi og halda í stutta og hressandi óvissuferð rétt út fyrir borgarmörkin, en það kemur hugsanlega sumum á óvart hversu miklar náttúruperlur má finna steinsnar frá ys og þys borgarinnar.

Félagsgjaldi í Ferðafélaginu er mjög stillt í hóf, en félagsmennsku fylgja ýmis fríðindi. Félagsmenn fá veglega árbók og afslátt af gistingu í skálum sem og skipulögðum ferðum félagsins. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér nánar starf Ferðafélags Íslands geta skoðað vefsíðuna www.fi.is.

*- vþ*



Það er fátt betra en að ganga úti í náttúrunni í góðum félagsskap.


**Bremsuhlutir**
**í alla jeppa og pickupa**
**Diskar**
**Klossar**
**Dælur**
**Borðar**



**Ísetningarþjónusta**
**FJALLABÍLAR**
**Stál og stansar ehf.**
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF





***JOMOS herraskór***
***- Þýsk gæðavara***
Vandaðir herraskór úr leðri í úrvali.
Stærðir: 41 - 47
Litir: svart og brúnt
**Verð: 9.950.- 12.450.-**
**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
***Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf***



**JAFNINGJASTJÓRNUN** er heiti námskeiðs á vegum Þekkingarmiðlunar sem kennt verður hinn 20. nóvember klukkan 8.30 til 16.30. Markmið námskeiðsins er að efla stjórnendur sem stjórna jafningjum eða koma til með að stjórna jafningjum.



Reykholt í Borgarfirði er tignarlegur og heillandi staður, þangað sem indælt er að hverfa í skammdeginu og næra líkama og sál. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Snorri sóttur heim

**Nemendur sem komnir eru um og yfir miðjan aldur er vandlátur hópur sem veit hvað hann vill. Honum er mætt með spennandi námskeiðum í dulúðugri sveitasælu Borgarfjarðar.**

Boðið verður upp á þrjú yfirgripsmikil námskeið í Reykholti í Borgarfirði helgina 28. til 30. nóvember næstkomandi. Námskeiðin eru ætluð fólki á besta aldri. Þau hefjast á föstudagskvöldi og lýkur með glæsilegri kvöldvöku á laugardagskvöldi.

Námskeiðið Reykholt og Snorri Sturluson er í samstarfi við Snorrastofu, í umsjá Óskars Guðmundssonar, sagnfræðings og rithöfundar, en þar verður farið vítt og breitt í sögu Snorra, sagt frá rannsóknum og fleira. Námskeið í leikrænni tjáningu er í höndum Margrétar Ákadóttur, leikkonu og MA í leiklistarmeðferð, en Margrét byggir á sagnahefð Íslendinga.

Birna Ásbjörnsdóttir jógakennari sér um jóganámskeið og fjallar þar um jóga frá ýmsum sjónarhornum, fer í fræðin að baki jógaiðkun, fjallar um mataræði og lífsstíl og kennir ýmsar æfingar sem ætlaðar eru fólki um og yfir miðjum aldri.

Um kvöldvökuna sér Sigurður Rúnar Jónsson, betur þekktur sem Diddi fiðla, og spilar á íslenska fiðlu og langspil.

Nánari upplýsingar á www.hugleidir.is.

*- þlg*

# Vel nýttar kvöldstundir

**Föndra býður upp á fjölmörg námskeið í nóvember.**

Hjá Föndru er hægt að rækta listamanninn í sér með ýmiss konar hætti.

Á morgun verður boðið upp á námskeið í skartgripagerð úr Swarovski-kristöllum og hinn 11. nóvember er hægt að læra þrenns konar jólakortagerð. Hinn 13. nóvember verður svo haldið námskeið í „scrapbooking“. Á því er hægt að búa til litrík myndaalbúm með alls konar upphleyptu skrauti og límmiðum .

Hvert námskeið tekur eina kvöldstund og má ímynda sér að þar verði framleiddar persónulegar jólagjafir í stórum stíl. Nánari upplýsingar á www.fondra.is.

*- ve*



Þrenns konar jólakortagerð verður hægt að læra hjá Föndru.


Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið



Jólahlaðborð

á Hótel Stykkishólmi

**Jólahlaðborðið á Hótel Stykkishólmi er í hæsta gæðaflokki í umhverfi sem er einstakt, hér er ekkert til sparað í hráefni, umgjörð eða þjónustu. Hótel Stykkishólmur er glæsilegt, nýuppgert hótel í hinu ægifagra umhverfi Snæfellsness. Öll herbergin eru vel búin með t.d. þráðlausu interneti og hótelið státar af einni glæsilegustu svítu landsins.**







Föstudaginn 21. nóvember
Föstudaginn 28. nóvember
Föstudaginn 5. desember

Laugardaginn 22. nóvember FULLBÓKAÐ
Laugardaginn 29. nóvember FULLBÓKAÐ
Laugardaginn 6. desember FULLBÓKAÐ

**Verð á Jólahlaðborði er aðeins 5.500 kr. á mann**
Gisting á **föstudagskvöldið** er **4000 kr.** á mann með morgunmat
Gisting **laugardagskvöld** er á **4.500 kr.** á mann með morgunmat

MATSEÐILL

**Úr sjó og vatni**
Fennel grafinn lax með sinnepssósu
Skelfisksalat og paté með ferskum kryddjurtum
Reyktur silungur með piparrótarkremi
Jólasíld að skandinavískum hætti
Ciabatta með kavíar og sýrðum rjóma

**Villibráð**
Grafin gæs með kastaníuhnetumauki
Hreindýra paté með bláberja- og krækiberja compott
Dádýrasteik með ristuðum villisveppum og spergli
Kalkúnabringa með súrsuðum sveppum og sætum kartöflum

**Salöt og meðlæti**
Epla & sellerí-salat, rauðrófusalat, súrsað gúrkusalat, kartöflusalat, brauðbollur, laufabrauð, rúgbrauð, smjör

**Aðalréttir**
Gljáð ofnbökuð hunangsskinka
Nautahryggvöðvi „léttreyktur“ með steiktum lauk
Hangikjöt með uppstúfi og kartöflum
Ofnbakaður saltfiskur með kremuðu bankabyggi

**Transerað af kokkunum**
Íslenskt lambalæri & Grísa-purusteik

**Meðlæti**
Gratineraðar kartöflur, sykurbrúnaðar kartöflur, ferskt markaðs grænmeti og rauðkál
rauðvínssósa, villisveppasósa

**Eftirréttir**
Ris a la mande með sólberjasaft og kirsuberjum,
Hindberjaberja- og Apríkósuband,
Ávaxtasalat, Créme brûlée,
Vanillusósa, Hindberjasósa

**Hotel Stykkishólmur**
hotelstykkisholmur@simnet.is
Pantaðu í síma: 430 2100
www.hotelstykkisholmur.is

Hringhotels www.hringhotels.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Mjási hefur verið týndur frá 28. oktober. Hann býr vestarlega á Digranesvegi í Kópavogi og er sárt saknað. Sérstaklega vil ég biðja fólk sem býr í nágrenninu að athuga geymslur og bílskúra sem hann gæti hafa villst inní. Uppl. í síma 897-0370

## Fundir

**Félagsfundur**

**Kynningarfundur hjá ungliðahópi Stómasamtaka Íslands verður haldin 6. nóvember í húsnæði Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, 1. hæð. Húsið opnar kl. 19.30. Ungliðar ætla að segja frá öflugu starfi sínu ásamt léttu spjalli.**

**Allir velkomnir - ungir sem aldnir! Stjórnin**

## Ýmislegt

Ert þú áttavillt/ur?

EKRON

STARFSÞJÁLFUN OG ENDURHÆFING

www.ekron.is

Hljómsveitin Poison Vain er metnaðarfull Rokkband úr Hfj í leit að trommara. Áhugasamir geta kíkt á demó á rokk.is eða haft samband í síma 691 5517, Jón eða 866 9757, Haukur.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**
**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Erótískt DVD**

Til sölu Erótíkst DVD +18 25 titlar verð 1.200.-kr stk. Uppl. í s. 844 0542 eftir kl. 18.

**KK+KK**

56 ára karlmaður leitar karlmanns með tilbreytingu í huga. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr . 8402.

**Samkynhn. KK ath:**

Á Rauða Torginu Stefnumót er nú mikill fjöldi nýrra auglýsinga frá karlmönnum á öllum aldri sem leita kynna við karlmenn. Sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

**Kona ATH!**

Leitar þú afþreyingar með karlmanni? Viltu eignast nýjan vin? Viltu spjalla við karlmenn á vandaðri spjallrás? Nýttu þér gjaldfrjálsa þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót með 100% leynd! Síminn er 555-4321.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Tilkynningar

**Aðalfundur Íbúasamtaka Miðborgar**

**Aðalfundur Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur verður haldinn í Iðnó (uppi) miðvikudaginn, 19. nóvember 2008, kl. 20.00.**

Dagskrá aðalfundarins er samkvæmt lögum samtakanna. Á fundinum verða lagðar fram tillögur um breytingar á lögum félagsins. Félagsmenn geta kynnt sér tillögurnar á heimsíðu félagsins (http://www.midbaerinn.is).

**Íbúar miðborgar eru hvattir til að mæta á fundinn!**

***Stjórn Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur.***

## Til leigu

**Til leigu gott raðhús í Fossvogi.**

Um er að ræða 190 m2 hús með fjórum svefnherbergjum. Laust frá og með 1. desember.

**Upplýsingar í síma 896-2219.**

ALLT BÍLAR
Alla laugardaga

## Fasteignir



# Viðráðanleg fyrirtæki

1. **Innflutningur á þekktum snyrtivörum.**
2. **Blóma og gjafavöruverslun góðum stað.**
3. **Innflutningur á víni frá Spáni og USA.**
4. **Nýleg og falleg fiskverslun. Góð sambönd.**
5. **Tvær kven nær-og sundfataverslanir. Innflutningur.**
6. **Einn flottasti matsölustaður borgarinnar. Ótrúlegt verð.**
7. **Innrömmun og gallery á Suðurnesjum.**
8. **Hef kaupanda af bílaverkstæði í Kópavogi.**
9. **Höfum kaupanda af ýmsum fyrirtækjum sem ekki eru á skrá. Hafið samband.**

**Nánari upplýsingar veittar á skrifstofunni, ekki í síma eða á netinu.**

**www.fyrirtaeki.is**
***Elsta fyrirtækjasalan á landinu.***

**FYRIRTÆKJASALAN SUÐURVERI EHF.**
SÍMI 581 2040, FAX 581 4755, REYNIR ÞORGRÍMSSON.
Lögg. fasteignasali: Bergur Guðnason hdl.

## Atvinna

**Aðstoðarverkstjóri/ Fiskvinnsla**

Sjávarútvegsfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar að aðstoðarverkstjóra í fiskvinnslu félagsins. Reynsla af verkstjórnarstörfum í fiskvinnslu skilyrði.

Umsóknir með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf, sendist á box@frett.is merkt "Fiskur"

**Norsk TURBOSERVICE AS**
TLF. 35511088

**Vi søker**

medarbeider for regnskap, bokføring, ordre og salg.

Du får gjerne være relativt nyutdannet, glad, pålitelig og ha god arbeidsmoral.

Vi er et 30 år gammelt ekspansivt, velmeritert firma, med beliggenhet i Telemark, Norge. Sammen med vårt søsterselskap i Sverige, er vi ledende i Skandinavia i vår bransje.

**Er du interessert, sender du snarest din CV (gjerne bilde) til : info@turboservice.no**

Vi hjelper eventuelt til med bosted, og det som eller's måtte behøves for at du skal ha det bra.

## Tilkynningar

VERKSTJÓRAFÉLAG REYKJAVÍKUR

**OPIÐ HÚS!**

# Fundarboð!

Verkstjórafélag Reykjavíkur verður með opið hús, miðvikudaginn 5. nóvember 2008 kl. 20:00 í húsakynnum félagsins að Skipholti 50d 3.h.

Kristján Örn Sigurðsson frá Sameinaða lífeyrissjóðnum kemur á fundinn og fer yfir málefni varðandi Lífeyris- og séreignasjóðinn. Fundarmenn eru hvattir til að koma með fyrirspurnir.

Félagsmenn góðir, látið þetta tækifæri ekki fram hjá ykkur fara, mætið á fundinn til að fræðast um réttindi ykkar.

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300

# UPPBOÐ

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:

Aðalbraut 24, fnr. 216-7216, 675 Raufarhöfn, þingl. eig. Magnea Magnúsdóttir og Fasteignafélagið Bær ehf, gerðarbeiðendur SagaZ ehf og Vörður tryggingar hf, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Aðalbraut 61, fnr. 216-7062, 675 Raufarhöfn, þingl. eig. Marek Grzegorz Kancyr og Ewa Karolina Bielaczyc, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Austurvegur 6, fnr. 216-7707, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Ingibjörg Jóna Kristjánsdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Sjóvá-Almennar tryggingar hf, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Ásgata 17, fnr. 216-7096, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Björk Baldursdóttir og Byggingafélagið Húsafell ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing og Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Bakkavegur 9, fnr. 216-7726, þingl. eig. Grétar Jósteinn Hermundsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Bergholt II, fnr. 217-0866, Langanesbyggð, þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Skógum 1, fnr. 216-6582, Refahús, Öxarfjarðarhreppi, Norðurþingi, þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Vatnsenda lóð, fnr. 221-7717, Þingeyjarsveit, þingl. eig. Birkir Björnsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Akureyri, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Garðarsbraut 43, 215-2618, 640 Húsavík, þingl. eig. Þóranna Jónsdóttir og Ævar Ákason, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Garðarsbraut 44, 640 Húsavík, þingl. eig. Ásgeir Guðmundsson, gerðarbeiðandi Sjóvá-Almennar tryggingar hf, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Klifagata 2-2A, 216-6903, 670 Norðurþing, þingl. eig. Ásta Helga Viðar og Geir Bjarnason, gerðarbeiðandi S24, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

Langanesvegur 9, fnr. 216-7848, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Hulda Ingibjörg Einarsdóttir, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 10. nóvember 2008, kl. 10:00.

**Endurbirt vegna villu í auglýsingu.**

Sýslumaðurinn á Húsavík,
3. nóvember 2008.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

á líklegri framvindu efnahagsmála á næstu mánuðum og hvaða hlutverki vextir gætu þjónað til að tryggja sem bestan árangur. Mestu máli skiptir að koma gjaldeyrisviðskiptum í viðunandi horf og skapa traust á stjórn peningamála og efnahagsmála. Trúverðugar aðgerðir nú í samvinnu við IMF gætu leitt til þess að forsendur sköpuðust skjótt til vaxtalækkana.“

Ásgeir Jónsson tekur í sama streng og segir fátt annað í stöðunni sem við blasir annað en að halda vöxtum óbreyttum. „Nú er beðið samþykktar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á láni til Íslendinga samhliða því að sameiginleg efnahagsáætlun sjóðsins og ríkisstjórnarinnar birtist. Mál málanna er að koma gjaldeyrismarkaðinum í lag – og þar verða vextirnir að styðja við. En það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir fjármagnsflótta út úr hagkerfinu. Síðan um leið og krónan hefur komist á flot og betra jafnvægi hefur náðst á gjaldeyrismarkaði er nauðsynlegt að lækka vexti eins hratt og hægt er,“ segir hann.

### GJALDEYRISMÁL VERÐI LEYST

Edda Rós Karlsdóttir segir Seðlabankann nú þurfa að einbeita sér að því að leysa gjaldeyriskreppuna, því hún ráði mestu um framvindu efnahagskreppunnar. „Gjaldeyrisskortur leiðir til enn meiri veikingar krónunnar, gjaldþrots fyrirtækja, aukins atvinnuleysis og gjaldþrots heimila. Raunhæf efnahagsstefna og staðföst eftirfylgni stjórnvalda er forsenda árangurs í gjaldeyrismálum og um leið forsenda þess að hægt verði að grípa til aðgerða sem skila heimilum og fyrirtækjum raunverulegum árangri,“ segir Edda Rós.

„Því miður var mjög illa staðið að sex prósentustiga vaxtahækkuninni í síðustu viku. Ósamræmi var á milli orða og athafna. Eftirmálin einkenndust af stefnuleysi og óeiningu á milli bankastjórnar Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar, jafnvel þótt fjármálaráðherra og formaður bankastjórnarinnar hafi báðir undirritað viljayfirlýsinguna sem send var Alþjóðagjaldeyrissjóðnum („letter of intent“). Þessu verður að linna, ella mun endurreisn gjaldeyrismarkaðarins mistakast og efnahagskreppan dýpka, með hörmulegum afleiðingum fyrir þjóðina alla. Svona uppákomur draga enn úr trúverðugleika Seðlabankans og draga úr vilja erlendra ríkja til að veita Íslandi lánafyrirgreiðslu,“ segir hún.

Í því vandasama verkefni sem fram undan er segir Edda Rós Seðlabanka og ríkisstjórn verða að ganga í takt. „Kreppan er grafalvarleg og við þurfum fumlaus vinnubrögð. Sú staða mun koma upp að grípa þurfi til aðgerða sem þykja óþægilegar í bráð, en eru nauðsynlegar fyrir framtíðarvelferð þjóðarinnar. Misvísandi skilaboð Seðlabanka og ríkisvaldsins eru óásættanleg. Trúverðugleiki er nauðsynlegur. Því er eðlilegt að yfirstjórn Seðlabankans víki.“

Edda Rós segir vexti verða óbreytta þar til heildaráætlun í efnahagsmálum verður lögð fram. „Klúðrið í síðustu viku kann hins vegar að valda því að vextir þurfi enn að hækka þegar gjaldeyrismarkaður opnar að nýju. Ný og trúverðug yfirstjórn í Seðlabankanum myndi minnka þörfina á slíkri aðgerð.“


Í fyrsta sinn á Íslandi:
Aðferðafræði markþjálfunar og afreksíþrótta sameinuð!!

Til forystu með hugarfari sigurvegarans!

Námskeið fyrir stjórnendur
og þá sem stefna á stjórnun



Leiðbeinendur:
Guðmundur Þ. Guðmundsson
landsliðsþjálfari silfurliðs Íslands
á Olympíuleikunum
Matilda Gregersdotter
PCC (Professional
Certified Coach)

Hilton Reykjavík Nordica,
7. nóvember og 12. nóvember kl. 8:30-12:00

- Árangursrík markmiðssetning á nýjum forsendum
- Hvernig á að byggja upp sterkra liðsheild sem heldur velli?
- Hvernig tryggjum við úthald og einbeitingu starfsmanna á erfiðum tímum?

Hnitmiðaðir fyrirlestrar, verkefni og æfingar sem tryggja
beina innsýn og kunnáttu

Verð: 58.500 kr.
Skráning: evolvia@evolvia.org

Ath: Fjöldi þátttakenda takmarkaður

evolvia

imago.is / harpahrund.is



Kríunes við Elliðavatn







HERBERGI



HERBERGI



FUNDARSALUR



FUNDARSALUR



JÓLAHLAÐBORÐ

FUNDARASTAÐA – GISTING

Þarftu næði, tíma til að skipuleggja?
Frábær fundaraðstaða í fallegu
umhverfi á höfuðborgasvæðinu.

Jólahlaðborð
í nóvember og desember

Sími: 567 2245 og 897 0749 | Fax 567 2226 | Netfang: kriunes@kriunes.is | Veffang: www.kriunes.is

Grafíska vinnustofan

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ástandið er að verða alveg óbærilegt í samfélaginu.

## *Hvar eru aðgerðirnar?*

**Björn Ingi Hrafnsson**

Hver dagur sem líður án þess að gripið sé til stefnumarkandi aðgerða um endurreisn íslensks samfélags í kjölfar bankahrunsins felur í sér frekari ótíðindi fyrir íslenska þjóð. Fleiri og fleiri fyrirtæki segja upp starfsfólki, lækka laun eða minnka starfshlutfall og önnur þrýtur hreinlega örendi. Það forgangsverkefni stjórnvalda að verja atvinnustigið sýnist enn engan árangur hafa borið, enn er þrautin þyngri að eiga viðskipti eða gjaldeyrisfærslur við útlönd og enn veit ekki nokkur maður hvert raunverulegt virði íslensku krónunnar er.

Reiðin stigmagnast í samfélaginu og það er ekkert skrítið. Upplýsingagjöf er afar takmörkuð, enginn veit af hverju Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hætti við að taka ákvörðun um neyðaraðstoð til handa Íslandi í gær og forsætisráðherra vill ekkert upplýsa um málið. Það er orðin lenska hjá ráðamönnum að bera við trúnaði og fyrir vikið ber meira á leka innan stjórnkerfisins og bankanna, sem aftur verður til þess að draga enn frekar úr trausti almennings á þessum mikilvægu stofnunum.

Enginn mælir á móti nauðsyn þess að fram fari ítarlegt uppgjör á orsökum bankakreppunnar, en við megum ekki verða svo upptekin af ásökunum hvert í annars garð að við gleymum aðalatriðunum; hvernig bæta megi ástandið og bjarga því sem bjargað verður.

**Enginn mælir á móti nauðsyn þess að fram fari ítarlegt uppgjör á orsökum bankakreppunnar, en við megum ekki verða svo upptekin af ásökunum í hvers annars að við gleymum aðalatriðunum; hvernig bæta megi ástandið og bjarga því sem bjargað verður.**

Segja má að nokkrir kostir séu augljósir í þeim efnum. Fyrst skal telja aðstoð IMF, sem við verðum að gefa okkur að komist í höfn í síðasta lagi á föstudag eða um helgina. Við getum ekki beðið lengur. Í kjölfarið ættu síðan að fylgja samningar um lán og gjaldeyrisskipti við fleiri ríki, ef marka má fréttir. Allt á það svo væntanlega að geta stutt við gengi krónunnar þegar hún verður sett á flot á nýjan leik, hvenær svo sem það verður, þótt margt bendi því miður til þess að sú tilraun geti haft í för með sér hrikalegar efnahagslegar afleiðingar.

Trúir einhver því að tilraunin með íslensku krónuna sé ekki fullreynd? Hvaða afleiðingar mun það hafa þegar þrjú til fimm hundruð milljarðar munu hverfa fljótlega úr landi um leið og gjaldeyrisviðskipti verða aftur gefin frjáls? Hver verður þá gengisvísitala krónunnar? Verður hún 200 stig? Eða jafnvel 300? Hvað þýðir það fyrir erlend lán landsmanna? Hvaða áhrif hefur það á verðbólguna?

Hér þarf augljóslega að grípa til annars konar úrræða. Að sjálfsögðu þarf strax að taka ákvörðun um inngöngu í evrópska myntkerfið með bakhjarli í Seðlabanka Evrópu. Það er algjört forgangsmál, ef vekja á tiltrú erlendra aðila á íslensku viðskipta- og efnahagslífi. Við verðum líka með öllum ráðum að verja heimilin í landinu og bjarga atvinnufyrirtækjunum. Hagfræðingarnir Gylfi Zoëga og Jón Daníelsson hafa stigið fram og lagt fram athyglisverðar tillögur þar að lútandi, t.d. með tímabundinni vernd fyrir einstaklinga og fyrirtæki í greiðsluerfiðleikum fyrir ágangi kröfuhafa, greiðsluaðlögun fyrir skuldara, uppkaupum ríkisins á íbúðarhúsnæði landsmanna, tilfærslu húsnæðislána yfir í Íbúðalánasjóð, aukið peningamagn í umferð, t.d. með lánsfé eða eignarhlut í fyrirtækjum sem eiga raunverulega framtíð fyrir sér í hinu nýja hagkerfi, þar sem útflutningur mun skipta höfuðmáli.

Fleiri þurfa að setja fram hugmyndir í þessa veru, en mestu skiptir þó að landsmenn sjái nú þegar raunhæfar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins til þess að gera fólkinu í landinu lífið bærilegt. Tíminn líður hratt og hann vinnur ekki með okkur. Hver dagur sem tapast felur í sér enn meiri ógæfu einstaklinga og fyrirtækja og þar með samfélagsins alls.

Við getum ekki beðið deginum lengur.

bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | msh@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is






# Hrunið og leiðin til viðreisnar

ORÐ Í BELG

**Jeffrey Sachs**
prófessor í hagfræði við Columbia-háskóla.



Fjármálakreppunnar, sem ríður yfir heiminn, verður minnst sem axarskafts Alans Greenspan. Hún er að stærstum hluta að undirlagi stjórnar Seðlabanka Bandaríkjanna á tímabili auðfengins fjármagns og afnáms fjárhagslegs regluverks, sem stóð frá miðjum tíunda áratugnum þar til nú.

Stefnan sem keyrð var áfram með auðfengnu fjármagni, og tvíefld af eftirlitsaðilum sem vanræktu skyldu sína, skapaði skilyrði fyrir húsnæðis- og lántökubólu í Bandaríkjunum og víðar sem áttu sér engin fordæmi. Nú er bólan sprungin og þessara hagkerfa bíður djúp efnahagslægð.

Kjarni fjármálakreppunnar var hækkun á fasteignaverði og hlutabréfum, sem voru ekki í neinum takti við það sem áður þekktist. Greenspan blés lífi í tvær bólur – netbóluna frá 1998 til 2001 og í kjölfarið húsnæðisbóluna sem nú er að springa. Í báðum tilfellum leiddi hækkandi eignaverð til þess að bandarísk heimili töldu sig orðin talsvert fjáðari og stuðlaði þannig að snarauknum lántökum og eyðslu – í húsnæði, bíla og ýmsar neysluvörur.

Fjármálamarkaðir voru áfjáðir í að veita heimilunum lán, að hluta til vegna afnáms á reglum um lánastarfsemi, sem bauð hættunni á ábyrgðarlausum lánveitingum heim. Sprengingin á húsnæðis- og verðbréfamarkaði varð til þess að hrein verðmæti bandaríska heimila jukust um um það bil átján billjónir dollara á árunum 1996 til 2006. Neysluaukningin sem af þessum auði hlaust varð til þess að hækka húsnæðisverð enn frekar; lántakendur sannfærðust um að það væri í lagi að þenja bóluna aðeins meira út.

Nú er spilaborgin hrunin. Húsnæðisverð náði hámarki árið 2006 og eigið fé árið eftir. Sem þessar bólur springa munu pappírsauðæfi að jafnvirði tíu, jafnvel fimmtán, billjóna dollara þurrkast út.

**FLÓKIÐ SAMSPIL**

Nokkrir flóknir atburðir eiga sér nú stað samtímis. Í fyrsta lagi draga heimili mjög úr neyslu, þar sem þau finna – réttilega – fyrir mikilli kjararýrnun frá því í fyrra. Í öðru lagi hafa nokkur áhrifamikil fyrirtæki á borð við Bear Stearns og Lehman Brothers orðið gjaldþrota, sem veldur enn meira tapi (hjá hlutabréfahöfum og lánveitendum hinna gjaldþrota fyrirtækja) og heggur skarð í þá lánastarfsemi sem þessi fyrirtæki stóðu fyrir.

Í þriðja lagi tapa viðskiptabankar mjög á þessum atburðum, stór hluti af fjármagni þeirra þurrkast út. Með rýrnandi fjármagni dregur einnig úr lánveitingum þeirra í framtíðinni. Í fjórða og síðasta lagi skapaði gjaldþrot Lehman Brothers, og erfiðleikar tryggingarisans AIG, sem fór næstum sömu leið, fjárhagslegt óðagot, þar sem jafnvel vel stæð fyrirtæki gátu hvorki orðið sér úti um skammtímalán né selt skammtímaveðbréf.

Þeir sem marka stefnuna standa nú frammi fyrir þeirri áskorun að skapa nægjanlegt traust til að fyrirtæki geti aftur fengið skammtímalán, svo þau geti greitt út laun og fjármagnað birgðakaup. Í annan stað þarf að koma fjármagnsstöðu bankanna í samt lag, þannig að viðskiptabankar geti farið að lána til langtímafjárfestinga á ný.

**STÓRIR SKELLIR**

Þessi skref, eins brýn og þau eru, munu þó ekki koma í veg fyrir efnahagslægð í Bandaríkjunum og öðrum löndum þar sem fjármálakreppan hefur gripið niður. Ólíklegt er að hlutabréfa- og fasteignamarkaðurinn rétti úr kútnum í bráð. Heimilin hafa þar af leiðandi minna fé milli handanna og munu draga mjög úr eyðslu, svo samdráttur til skamms tíma verður óumflýjanlegur.

Bandaríkin taka stærsta skellinn, en önnur lönd þar sem sprenging hefur orðið á húsnæðismarkaði og í neyslu – sérstaklega Bretland, Írland, Ástralía, Kanada og Spánn – bíða líka skaða. Ísland, sem einkavæddi bankana og dró úr reglugerðum fyrir nokkrum árum, stendur frammi fyrir þjóðargjaldþroti, þar sem bankarnir geta ekki greitt háar skuldir. Engin tilviljun er að þessi ríki, utan Spánar, aðhylltust bandarísku kennisetninguna um „frjálsan markað“ og fjármálakerfi sem sætti litlu eftirliti.

**SÓKNARFÆRI VÍÐA**

En þótt hin lítt heftu hagkerfi að hætti enskumælandi Vesturlanda verði fyrir búsifjum þarf það ekki endilega að leiða til hörmunga um allan heim. Ég sé ekkert sem bendir til heimskreppu, ekki einu sinni samdráttar á heimsvísu. Bandaríkin verða vissulega fyrir tekjumissi og auknu atvinnuleysi, sem dregur úr útflutningi annarra ríkja til Bandaríkjanna, en í öðrum heimshlutum vex mörgum ríkjum ásmegin. Í ýmsum stórum hagkerfum, þar á meðal Kína, Þýskalandi, Japan og Sádi-Arabíu, hefur jákvæður vöruskiptajöfnuður verið mjög mikill og þau verið að lána öðrum ríkjum (sérstaklega Bandaríkjunum) í stað þess að taka lán.

Þessi ríki eiga nóg af lausafé og eru ekki sliguð af hruni á fasteignamarkaði. Þótt heimilin í þessum löndum hafi orðið fyrir einhverjum skakkaföllum við rýrnun á eigin fé, geta þessi ríki ekki aðeins haldið áfram að vaxa, heldur geta þau einnig brugðist við minnkandi útflutningi til Bandaríkjanna með því að auka eftirspurn innanlands. Þessi ríki ættu nú að lækka skatta, lækka innlenda vexti og auka opinberar framkvæmdir á sviðum vegagerðar, orkuframleiðslu og félagslegs húsnæðis. Þau eiga nægan gjaldeyrisforða til að lágmarka hættuna á að aukin eyðsla innanlands valdi fjárhagslegum óstöðugleika, svo lengi sem þau sýna fyrirhyggju.

**GEFIÐ UPP Á NÝTT**

Hvað Bandaríkin áhrærir eru fyrirsjáanlegir erfiðleikar sem bitna á milljónum manna, og ljóst að það harðnar enn á dalnum á næsta ári þegar atvinnuleysi eykst. Í þessu felst hins vegar tækifæri til að hugsa upp á nýtt efnahagsstefnuna sem hefur verið við lýði frá því Ronald Reagan komst til valda árið 1981. Lágir skattar og afnám reglugerðakerfis stuðlaði að neyslufyllirí, sem veitti vellíðan meðan á því stóð, en leiddi einnig af sér mikinn tekjuójöfnuð, fjölmenna lágstétt, miklar erlendar lántökur, skeytingarleysi gagnvart umhverfinu og innviðum samfélagsins, og að lokum risavaxinn, efnahagslegan glundroða. Það er orðið tímabært að marka nýja efnahagsstefnu og gefa upp á nýtt.

*©Project Syndicate.*
*Millifyrirsagnir eru blaðsins.*

ÁRÉTTING VEGNA FRÉTTAR

# Samstarf um stuðning heppilegra



MÁR GUÐMUNDSSON

Már Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagreiðslubankans í Basel í Sviss, gerir athugasemdir við frétt sem birtist í Fréttablaðinu í gær og unnin var upp úr glærum sem nýverið voru kynntar á fundi í Reykjavík.

Hann segir að í erindi sínu hafi hann talið heppilegast að stjórnvöld í viðkomandi löndum hefðu unnið saman um lausafjárstuðning og önnur viðbrögð til stuðnings íslensku bönkunum, ekki síst í ljósi þess að bankarnir hafi ekki verið gjaldþrota, heldur í greiðsluerfiðleikum í erlendri mynt, þeir hafi verið stórir og starfað yfir landamæri auk þess að vera kerfislega mikilvægir. Þetta hafi hins vegar ekki gerst. „Í þeim skilningi má kannski segja að viðbrögðin hafi verið röng. Ég lagði hins vegar ekkert mat á hverju eða hverjum það var að kenna, öðru en þá kannski regluverkinu, og síst af öllu lagði ég nokkurn dóm á sérstakar aðgerðir íslenskra stjórnvalda, enda ekki viðfangsefni erindisins.“

Már bendir einnig á að hann nefndi þrjá kosti sem Ísland stæði frammi fyrir, sem gætu einnig átt við fleiri lönd. Ísland gæti dregið úr þátttöku sinni í fjármálalegri hnattvæðingu og hinum evrópska innri markaði; til að mynda með meiri hömlum á alþjóðlega starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja en annars staðar tíðkast. „Það að draga landið algjörlega út úr alþjóðlegu fjármálakerfi, eins og mátti skilja á greininni að ég hafi haldið fram, er hins vegar hvorki æskilegur né raunhæfur kostur.“

Í erindinu hafi hann nefnt að ná mætti alþjóðlegu samkomulagi um nýjan ramma fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi, sem hentaði litlum ríkum, þar með talið marghliða samstarf um gjaldmiðlaskiptasamninga í stað þess tvíhliða fyrirkomulags sem nú er algengast. „Það hefur hins vegar aldrei hvarflað að mér að smáríki geti komið upp sínu eigin innbyrðis fjármálakerfi og gjaldeyrismarkaði,“ segir Már.

Már nefndi einnig, líkt og fram kom í frétt Fréttablaðsins, að Ísland gæti sótt um aðild að Evrópusambandinu, og tekið upp evru með tíð og tíma. Á þeim vettvangi gæti Ísland síðan lagst á sveif með nauðsynlegum endurbótum á evrópsku regluverki um fjármálastarfsemi og eftirlit. **- ikh**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Magnús Sveinn Helgason, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

FJÁRFESTINGARBANKI




# EIGNASTÝRING MP
## - traustsins verð

MP Fjárfestingarbanki er ört vaxandi og framsækið fjármálafyrirtæki sem var stofnaður af Margeiri Péturssyni árið 1999. Bankinn býður heildarlausnir í eignastýringu fyrir einstaklinga og fjárfesta með mismunandi áherslur, annast miðlun verðbréfa á innlendum og erlendum mörkuðum og fæst við margvísleg verkefni sem tengjast þjónustu og ráðgjöf til fyrirtækja, sveitarfélaga og fagfjárfesta.

Þann 13. október var bankanum veitt viðskiptabankaleyfi. Ekki er búist við verulegum breytingum á starfsemi bankans á grundvelli hins nýja leyfis. Þetta hefur nú þegar gert bankanum kleift að taka við innlánum. Bankinn er þakklátur fyrir það traust sem honum hefur verið sýnt.

Hjá fyrirtækinu starfar hópur sérfræðinga sem nær árangri í krafti menntunar, markaðsþekkingar og víðtækrar reynslu.

Það hefur aldrei verið jafn mikilvægt og einmitt nú að taka vel ígrundaða ákvörðun um ráðstöfun sparifjár. Huga þarf að því hvort að fjármálafyrirtæki séu traustsins verð og hafi hagsmuni viðskiptavina í fyrirrúmi.

Eignastýring MP Fjárfestingarbanka hefur náð góðum árangri á undanförnum vikum og mánuðum, líkt og á fyrri árum. Virk stýring og sveigjanleiki hefur líklega aldrei verið mikilvægari. MP hefur hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi og leitast við að bregðast við aðstæðum hverju sinni. Ávinningur viðskiptavina og bankans fara ávallt saman.

Þrátt fyrir umtalsverða óvissu um horfur í efnahagsmálum eru ýmsir kostir fyrir sparifjáreigendur og fjárfesta. Öryggi er það sem flestir leita eftir. Heiðarleg þjónusta og öryggi er það sem MP Fjárfestingarbanki býður. Við erum traustsins verð.

**Hafðu samband og leyfðu okkur að aðstoða þig.**

Skipholti 50d | 105 Reykjavík | Sími 540 3200 | www.mp.is | info@mp.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

BANKAHÓLFIÐ

## Engin þota

Vart varð þverfótað fyrir einkaþotum á Reykjavíkurflugvelli á síðasta ári. Þotunum hefur nú fækkað um eina en Bakkabræður hafa losað sig við skýjafákinn. Fréttir um sölu einkaþotunnar komu fram á sérstökum hluthafafundi Existu í síðustu viku en þar var jafnframt ákveðið að koma félaginu í var þar til óveðri á íslenskum hlutabréfamarkaði sloti. Jafnframt kom fram að þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, sem stofnuðu Bakkavör á sínum tíma, hafi greitt allan kostnað við umstang þotunnar úr eigin vasa þótt þeir hafi ekki sjálfir verið um borð.



## Gamalt og gott

Og enn af Bakkabræðrum. Eitt af helstu einkennum góðærissprengjunnar á síðasta ári voru jeppar. Þar bar Range Rover hæst; hann var nefndur bíll hinna útvöldu þar til korteri fyrir bankahrunið mikla í byrjun október. Bílaflotinn var af svipuðu kalíberi á hluthafafundi Existu. Eftir kaffi og með því, þegar flestir fundargestir voru horfnir á braut á drossíunum, settist Bakkabróðirinn Ágúst undir stýrið á sínum stálfáki og skutlaði bróður sínum í höfuðstöðvarnar í Ármúlanum. Bíllinn var langt í frá af nýjustu gerð; Saab sextíu og átta sem hann gerði sjálfur upp, samkvæmt nokkuð áreiðanlegum heimildum. Bílinn má stundum sjá fyrir utan VÍS-húsið í Ármúlanum á milli eðaljeppanna. Jafnundarlegt og það hljómar þá merkir Saabinn að forstjóri Bakkavarar sé í húsinu.



## Svartur svanur

Ein af þeim bókum sem vitnað er til um þessar mundir er „The Black Swan: The Impact of the Highly Improbable“ eftir Nassim nokkurn Nicholas Taleb, sem rætur á að rekja til Líbanon. Eins og gefur að skilja fjallar bókin, sem og margt af því sem Taleb hefur ritað síðustu ár, um hið óvænta, svo sem yfirstandandi fjármálakreppu. Taleb gefur lítið fyrir það að horfa um öxl enda sé þá of seint í rassinn gripið. Vænlegra sé að taka hið óvænta með í reikninginn fyrir fram. Kaldhæðnin er hins vegar sú að þeir sem eru að lesa bókina í fyrsta sinn nú um stundir eru of seinir. Festi þekkingin rætur ættu þeir hins vegar að koma sterkir inn í næstu kreppu …

**0,30** prósent er stýrivaxtastigið í Japan eftir lækkun um 0,20 prósentustig um miðja síðustu viku.

**100** starfsmenn eru eftir hjá Landic Property í Danmörku, en félagið sagði nálægt fimmtungi starfsfólks upp um mánaðamótin.

**29,5** milljarða dollara lán stendur Danske Bank til boða frá Seðlabanka Bandaríkjanna. Upphæðin jafngildir um 3.000 milljörðum króna.


LAGERSALA!

50 - 80% afsláttur!




Vönduð garðhúsgögn frá Saccaro, Sun Furniture, Garden Signature og Royal Teak



Inni/úti flísar 30x30cm (áður kr. 1.980,- pr m2)

Nú aðeins kr. 990,-



Vandaðir sólbekkir, verð frá kr. 11.960,-




Ótrúlegt úrval
Ótrúleg verð
Aðeins opið í nokkra daga

Verðdæmi:



Lagersala Signature er einungis að Vesturhrauni 3 í Garðabæ.

Nú aðeins kr. 19.500,-

Signature borð og 4 stólar (áður kr. 97.500,-)

Grípið tækifærið! OPIÐ:
Virka daga frá kl. 13 - 18
Um helgina frá 13 -17

Sími 565 3399

Signature húsgögn



Valsað ál fyrir þök og veggi

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum

ALCAN Novelis

Ál er okkar mál

ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



# Jólahlaðborð og Villibráð

Á Lækjarbrekku bjóðum við uppá notalegt umhverfi og ljúffenga matreiðslu úr íslensku hráefni.

Góð aðstaða er fyrir fyrirtæki og hópa í sölum okkar sem taka allt að 100 manns í sæti.

- Villibráð til 20. nóv.
- Jólahlaðborð frá 20. nóv - 22. des.
- Skötuveisla 23. des.

**Borðapantanir í síma 551-4430**
- það borgar sig að panta strax

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf



Til leigu

iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

**Upplýsingar í síma 480-0000**




Auglýsingasími

512 5050










**10–13 ÁRA** (5-7 bekkur)
**11. nóvember** kl. 16:30 í 6 skipti.

**14–16 ÁRA** (8-10 bekkur)
Helgarnámskeið **8.-9. og 22.-23. nóvember,** 3 tímar í senn.

**Námskeiðin eru ókeypis.**

LJÓSIÐ

Skráning er hafin í Ljósinu, Langholtsvegi 43 í síma 561 3770 og á ljosid@ljosid.org

Sjálfsmynd
Fjölskyldan
Vinir
Skólinn
Tilfinningar
Unglingar
Samskipti
Fyrirmyndir
og framkoma

www.ljosid.org

**Skilningur, samkennd, umburðarlyndi, traust og hlustun.**

Ljósið fer nú aftur af stað með styrkjandi námskeið fyrir börn og unglinga sem eiga foreldri, systkini, ömmu, afa eða annan aðstandenda sem hefur greinst með krabbamein.

Námskeiðin stuðla að jákvæðri uppbyggingu og er unnið með lífsgleðina og það að lifa í nútímanum.

Leiðbeinendur á námskeiðinu eru með margra ára reynslu í að vinna með börnum. Þær eru: **Ósk Sigurðardóttir** iðjuþjálfi með sérmenntun í ævintýrameðferð fyrir börn, **Elísabet Lorange** listmeðferðarfræðingur, **Hrafndís Tekla Pétursdóttir** sálfræðingur og **Sigríður Birna Valsdóttir** kennari og leiklistarmeðferðarfræðingur.

Ljósmynd: Irja Gröndal, 12 ára




NOKKUR ORÐ

**Alma Guðmundsdóttir**

# Byggjum brýr til umheimsins

Ég átti skemmtilegar samræður í gær við eldri bróður minn, sem er búsettur í San Francisco. Eftir að hafa horft á gamanmyndina Funny Farm með Chevy Chase fékk hann sniðuga hugmynd sem gæti komið mörgum til góða í aðvífandi atvinnuleysi. Hugmyndin er að koma á stórum íslenskum jólamarkaði sem myndi laða að útlendinga líkt og gert hefur verið í Þýskalandi og víðar. Að sjálfsögðu hafa margir í ferðamannabransanum velt fyrir sér hvernig þeir geta fengið fleiri útlendinga til Íslands um jól, en í ljósi aðstæðna þyrfti að gera samhent átak. Þá væri til dæmis hægt að auglýsa Ísland út á við sem eins konar „Christmas Village“, enda telja jú margir að hinn eini sanni jólasveinn komi frá Íslandi. Stór jólamarkaður í miðborg Reykjavíkur myndi ekki aðeins auka á stemninguna. Mörg atvinnutækifæri myndu skapast og á meðan gengi krónunnar er að sliga landann hjálpar það okkur núna við að laða að útlendinga. Ríkið eða ferðamálaráð myndi þá vonandi leggja fjármagn í verkefnið, ekki ólíkt því þegar ríki setur af stað miklar byggingaframkvæmdir á krepputímum til að halda atvinnulífinu gangandi. Ekki er seinna vænna að byggja upp nýja ímynd og láta umheiminn vita að við erum friðelskandi þjóð sem óskar þess að fá fólk í heimsókn á þessum erfiðu tímum.



Að lokum sagði hann mér frá því að í San Francisco voru tvær stærstu brýr í heimi (á þeim tíma) byggðar til að toga BNA upp úr kreppunni miklu. Þar setti ríkið miklar fjárhæðir inn í atvinnulífið til að veita fólki tekjur. Er ekki nauðsynlegt að Íslendingar byggi núna stórar brýr til umheimsins?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




Skynsamleg
næring
Ragna Ingólfsdóttir
Íslandsmeistari í badminton
Jakob Örn Sigurðarsson
landsliðsmaður í körfuknattleik
HERBALIFE.
sjálfstæðir dreifingaraðilar

**! Kl. 21**

*BluesAkademian kemur fram á tónleikum á Café Rósenberg á Klapparstíg í kvöld kl. 21. Á efnisskránni eru sígild verk eldri blúsmeistara og frumsamin blústónlist eftir hljómsveitarmeðlimi. Hljómsveitina skipa þeir Tryggvi Hübner, Páll Pálsson, Jón Loftsson, Sigurður Sigurðsson og Pjetur Stefánsson. Aðgangseyrir er 1.000 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Frítt inn á tónleika í kvöld*

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur sannarlega reynst þjóðinni vel í því leiða efnahagsástandi sem nú ríkir. Hljómsveitin hefur lagt sig fram við að gleðja landsmenn með fallegri tónlist og haldið tónleika hér og þar um landið. Í dag heldur hljómsveitin í tónleikaferð um Austurland og kemur í kvöld fram á tónleikum í Kirkju- og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar á Eskifirði. Annað kvöld býður hljómsveitin svo til tónleika í íþróttahúsinu á Höfn í Hornafirði. Tónleikarnir hefjast báðir kl. 20 og er aðgangur ókeypis og öllum opinn á meðan húsrúm leyfir. Á efnisskránni verður hin sívinsæla fimmta sinfónía Beethovens, karnivalforleikur eftir tékkneska tónskáldið Antonín Dvorák og kafli úr tónlist Edvards Grieg við leikrit Ibsens, Pétur Gaut. Þá leikur konsertmeistari hljómsveitarinnar, Sigrún Eðvaldsdóttir, einleik í Rómönsu eftir Árna Björnsson og kafla úr fiðlukonsert Sibeliusar. Sigrún lék einmitt konsertinn á tónleikum í Háskólabíói 16. október síðastliðinn við frábærar undirtektir bæði áhorfenda og gagnrýnenda. Stjórnandi á tónleikunum er Petri Sakari. **- vþ**



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS** Hljómsveitin leggur land undir fót og gleður þjóðina á erfiðum tímum.

**> Ekki missa af …**

sýningunni Tveir módernistar sem nú stendur yfir í Hafnarborg, en á henni má sjá verk eftir þá Sigurjón Ólafsson og Þorvald Skúlason. Þeir Sigurjón og Þorvaldur voru báðir miklir brautryðjendur í nútímamyndlist hér á landi, en hvor á sínu sviðinu þó. Sýningin stendur til 9. nóvember og er opin alla daga nema þriðjudaga á milli kl. 11 og 17.

## *Klassískt hádegi í Hafnarborg*

Níundu tónleikar ársins í hádegistónleikaröð Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, fara fram á morgun kl. 12. Þá koma þar fram þær Edda Austmann sópransöngkona og Antonía Hevesi, píanóleikari og listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar, og leika tónlist eftir tónskáldin Mozart, Donizetti og Verdi.

Hafnarborg hefur frá því í ágúst 2003 staðið fyrir mánaðarlegum hádegistónleikum sem notið hafa talsverðra vinsælda. Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk í Hafnarfirði til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi. Tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar, aðgangseyrir er enginn og þeir eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir. **- vþ**



**EDDA AUSTMANN SÖNGKONA** Kemur fram á hádegistónleikum í Hafnarborg á morgun.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 5. nóvember**

**➜ Fyrirlestrar**

**12.00 Fólksflutningar við heimskautsbaug** Lee Huskey í Háskólanum á Akureyri, Sólborg við Norðurslóð, stofa 201.

**12.05 Líf eða ævisaga? Á slóðum Ragnars í Smára** Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur flytur fyrirlestur í JL-húsinu, Hringbraut 121.

**➜ Sýningar**

**Náttúra - manngert umhverfi** Í Te og kaffi í verslun Eymundssonar við Austurstræti, eru til sýnis ljósmyndir af verkefnum unglinga frá Íslandi, Danmörku og Finnlandi. Opið virka daga 9-22 og um helgar 10-22.

**Transport** Sýning á verkum tíu nemenda úr Konunglegu Listakademíunni í Kaupmannahöfn, stendur yfir í Skaftfelli, miðstöð myndlistar á Austurlandi, Seyðisfirði. Opið mið.-föst. 13-17.

**Steina** Sýning vídeólistakonunnar Steinu hefur verið framlengd til 16. nóv. Opið virka daga 11-17, um helgar 13.-16. Gerðuberg, Gerðubergi 3-5.

**101 Gallery** Sýning á verkum Ísraelsku listakonunnar Tamy Ben-Tor. Opið mið.-lau. kl. 14-19. 101 Gallery, Hverfisgötu 18b.

**➜ Myndlist**

**Í spéspegli** Kristján Jón Guðnason sýnir grafíkmyndir á Mokkakaffi, Skólavörðustíg 3a. Opið alla daga 9-18.30.

**Myndir/Pictures** Guðrún Kristjánsdóttir sýnir málverk og myndbandsverk í Gallerí Ágúst, Baldursgötu 12. Opið mið.-lau. 12-17.

**Kyrrð í kreppunni** Diddi sýnir olíumálverk í Gallerí tukt, Pósthússtræti 3-5. Opið virka daga 9-17.

**Virði - Worth** Þorsteinn Gíslason sýnir verk í Café Karólínu, Kaupvangsstræti 23, Akureyri. Opið alla daga 14-01.

**➜ Tónlist**

**12.30 Háskólatónleikar** Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari frumflytur ný verk eftir Ólaf Óskar Axelsson og Hauk Tómasson í Norræna Húsinu, Sturlugötu 5.

**20.00 Felix Bergsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir** flytja tónlist úr sýningunni Paris at Night í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi.



**20.30 Fram af** Ómar Guðjónsson tríó verður með tónleika í veitingahúsi Landnámssetursins, Brákarbraut 13-15, Borgarnesi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


**KLASSÍK Í HÁDEGINU**
**GERÐUBERG OG VON 2008-2009**

**Fimmtudagur 6. nóv.** í Gerðubergi kl. 12:15
**Föstudagur 7. nóv.** í Von kl. 12:15

**MOZART (1756-1791)**

Adagio KV. 546 (1788) &
Fúga KV. 426 (1782-83)

Sónata KV. 448 (375a) (1781)
Allegro con spirito – Andante – Molto Allegro

Peter Máté, *píanó*
Nína Margrét Grímsdóttir, *píanó*



**GERÐUBERG**
www.gerduberg.is – Sími 575-7700 – gerduberg@reykjavik.is


# Þrír nýir krimmar komnir

**BÓKMENNTIR**
Þrír karlar á miðjum aldri sem kunna sitt fag, Árni, Jón Hallur og Arnaldur.




Þrír karlmenn komnir yfir miðjan aldur senda frá sér nýjar samtímasögur sem snúast um glæp. Tveir þeirra gamlir blaðamenn og bíófíklar, sá þriði yngri í hettunni og þaulvanur dagskrárgerðarmaður: allir þrír borgarbörn: Arnaldur, Árni Þórarinsson og Jón Hallur. Allir eru þeir lesnir í sakamálasögunni og snúa á þann vettvang til að fylla rými í heimi íslensku skáldsögunnar sem lengst af var lagt undir erlenda höfunda. Þeir hafa verið mislengi við leistann: Myrká Arnaldar er hans tólfta bók, Sjöundi sonur Árna er hans áttunda en Jón gefur út aðra bók sína, Varginn. Nú skulu menn ekki vanmeta krimmana: bæði Arnaldur og Árni hafa náð stöðu á markaði Evrópu og munu líklega sækja inn á Ameríkumarkað. Þeirra tillegg og margra annarra bætir vitund erlendra manna um landið, kallar á frekari forvitni og dregur hingað heim gesti. Íslensku krimmahöfundarnir eru partur af útrásinni.

Allir þrír vinna í hefðbundnu formi sakamálasögunnar; rannsóknarlögreglur og blaðamaður eru að störfum, dragast inn í atburðarás sem á sér langa forsögu og lýsa í öllum tilvikunum broti í fjölskyldum og bregða þannig ljósi á samfélagslega þróun og félagsleg einkenni; einelti, einangrun, kaldlyndi, óreiða eru þeim eldsneyti til að keyra fram örlagasögur sem rakna upp lag fyrir lag í framvindu rannsóknar. Þungamiðjan liggur því í rannsóknaraðilanum, Einari blaðamanni, Elínborgu og Valdimar lögreglumönnum. Frásagnarmátinn er misjafnlega drifinn fram af samtölum og athyglisvert er að bera saman hversu mismunandi stílgáfa þessara þrautreyndu penna reynist. Hetjurnar, ef svo má kalla, kljást allar við erfiða stöðu í einkalífi, misþunga þó, Valdimar og Einar eiga sér viðhöld, Elínborg er fjölskyldukona í farsælu hjónabandi, unglingar eru í forgrunni í öllum verkunum – og þorpið íslenska. Nánast sem persóna í einangruðu fámenni, rómaður lífsstíll þorpsins í friðsæld og nálægð við landið er í öllum þessum verkum víðs fjarri: þorpið er staður vansælu í myrkri vetrarins.

Enginn þessara höfunda missir sig í gamansemi. Persónusköpun er enda í sögum af þessu tagi á klafa spennunnar, allt skal renna fram til að halda forvitni og eftirvæntingu lifandi. Og í öllum sögunum tekst það vel. Þeir Valdimar og Einar blaðamaður eru ekki sérlega geðfelldir menn. Vanmáttur þumbarans Erlends í mannlegum samskiptum, hvikult innra líf hans sem hefur skapað honum svo einstaka stöðu hér, mikið sem það er skylt bæði Morse og Wallander, næst ekki í þessum mannlýsingum. Elínborg nær aftur að byggja samband við lesanda og raunar er þjappaður og fjarlægur stíll Arnaldar eins og hann hefur lengi þróast í raun innilegri en fjasið í Einari, og lausbeisluð frásögn Jóns.

Allar sögurnar þrjár bjóða upp á óvæntan snúning í leikslok og allar eru þær prýðileg dægradvöl. Arnaldur gengur lengst í höfundarafstöðu í því sem kalla má lýsing umhverfis og hann er eins og oft áður merkilega fundvís á holur í íslenskri sögu eins og lömunarveikisfaraldurinn síðasta sem gefur verkum hans óvænta dýpt. Það er sú hugkvæmni sem gefur verkum hans bit ásamt hinum þétta frásagnarhætti verkanna.

Samfélagssýn verkanna þriggja er myrk: þar kvikna fáar vonarstjörnur og fórnarlömbin eru mörg og misjafnlega illa leikin – talandi um blús þá eru þessar sögur allar einhvers staðar þar nærri, en það finna menn úr öðrum álfum líka sem sameiginlegan arf þessa geira í norður-evrópskum afþreyingarbókmenntum.

Svo gætir Arnaldur sín líka á að vekja spurningar sem vísa út fyrir verkið og lúta að höfundarverki hans öllu, rétt eins og Jón Hallur gerir líka. Þessir karlar eru því á stífum kúrsi og auðga tilveru okkar um leið. **Páll Baldvin Baldvinsson**

**BÓKMENNTIR**

**Myrká**
eftir Arnald Indriðason
Vaka Helgafell

★★★

Aftaka í 101 – þéttbyggt drama í þaulhugsuðum stíl meistarans

**Sjöundi sonurinn**
eftir Árna Þórarinsson
Forlagið

★★

Brennumál á Ísafirði, ögn kærulaus stíll en vel skipuð flétta

**Vargurinn**
eftir Jón Hall Stefánsson
Bjartur

★★

Brennumál á Seyðisfirði, kunnáttusamlega spilað dæmi

# Makbeð hverfur

Aukasýning verður á Macbeth á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins annað kvöld og er það síðasta sýning á tilraunakenndri sviðsetningu ungra leikara í Þjóðleikhúsinu á þessu sígilda verki. Hefur aðsókn verið góð, einkum af ungu fólki, en sýningin er afrakstur vinnusmiðju leikara Þjóðleikhússins og hefur vakið umtal og athygli víða enda er tilurð hennar harla óvenjuleg og áherslurnar einnig. Lokasýningin hefst kl. 21 og verður boðið upp á notalega kaffihúsastemningu í anddyri Smíðaverkstæðisins að henni lokinni.

Í kjölfarið snýr Sá ljóti aftur á Smíðaverkstæðið en fyrirhugaðar eru fimm sýningar á því verki í nóvember. Þetta verk Mariusar von Mayenburg var frumsýnt hjá leikhúsinu í vor og fékk frábærar viðtökur gagnrýnenda og áhorfenda. Sá ljóti hefur verið á ferð og flugi um landið nú í október en leikferð sýningarinnar í framhaldsskóla á landsbyggðinni lauk í síðustu viku og tókst hún í alla staði vel. **- pbb**



**LEIKLIST** Makbeð-hjónin, Stefán Hallur og Vigdís Hrefna. MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI


Forhlustun
alla vikuna!
Útgáfudagur 7. nóvember
NÝTT!
Vertu fyrstur til að heyra!
Föstudaginn 7. nóvember sendir Sprengjuhöllin frá sér breiðskífuna Bestu kveðjur.
Plötunni er ætlað það frábæra hlutskipti að fylgja á eftir hinum vinsæla frumburði sveitarinnar, Tímarnir okkar, sem sló í gegn á síðasta ári, og er hún vel til þess fallin enda beinlínis stútfull af því sem Sprengjuhöllin gerir best: mannlegum tilfinningaskala pökkuðum niður í þriggja mínútna popp-útgáfu.
Bestu kveðjur
SPRENGJUHÖLLIN
Nú gefst notendum Tónlist.is einstakt tækifæri að heyra plötuna í heild sinni áður en hún kemur út.
Tónlist.is
Farðu inn á www.tónlist.is og vertu fyrstur til að heyra!

## > HLAKKAR TIL AÐ FARA Á STEFNUMÓT

**Dakota Fanning** hlakkar til að fara á stefnumót, en vill þó ekki flýta sér að fullorðnast. Leikkonan, sem er orðin 14 ára, segist finna fyrir því að hún fái ólík hlutverk nú en þegar hún var yngri. Hún er ánægð með þá þróun mála, en hún leikur meðal annars á móti Jennifer Hudson og Aliciu Keys í nýrri kvikmynd sem kallast The Secret life of bees.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Bond-stúlka svíkur föðurland sitt

Kommúnistaflokkurinn í St. Pétursborg í Rússlandi segir að úkraínska fyrirsætan Olga Kurylensko, sem leikur bólivíska Bond-stúlku í myndinni Quantum of Solace, hafi svikið föðurland sitt.

„Sovétríkin veittu þér ókeypis menntun og heilbrigðisþjónustu en enginn bjóst við því að þú myndir svíkja rætur þínar með því að gerast vinkona Bond, sem í myndunum sínum drepur hundruð sovéskra borgara og fólk frá öðrum sósíalískum ríkjum eins og Kúbu, Víetnam, Norður-Kóreu og Kína,“ sagði í yfirlýsingu frá Kommúnistaflokknum.

Sergei Malenkovich, formaður flokksins, segir að nýjasta Bond-myndin sé móðgun við Rússa. „Í þessari mynd sýna þeir úkraínska stúlku sofa hjá Bandaríkjamanni. Þetta er allt hluti af upplýsinga- og áróðursstríði,“ sagði hann. Staðreyndin er reyndar sú að Kurylensko sefur ekki hjá Bond í myndinni auk þess sem Bond er vitaskuld Breti en ekki Bandaríkjamaður.

Ekki er langt síðan sami flokkur gagnrýndi myndina Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull harðlega. Í henni leikur Cate Blanchett illan liðsmann sovésku leyniþjónustunnar, KGB.



**MEÐ BOND-STÚLKUNUM** Daniel Craig ásamt Bond-stúlkunum Olgu Kurylensko (til vinstri) og Gemmu Arterton.

# Kraumur verðlaunar í desember

Stefnt er á að afhenda Kraumsverðlaunin í fyrsta sinn í byrjun desember.

Um er að ræða plötuverðlaun sem eru sett á fót í þeim tilgangi að kynna og styðja við plötuútgáfu íslenskra hljómsveita og listamanna og vekja sérstaka athygli á þeim verkum sem skara fram úr í gæðum, metnaði og frumleika. Fimm plötur sem eru gefnar út á árinu verða tilnefndar til verðlaunanna, líklega í lok nóvember. Af þeim hlýtur ein Kraumsverðlaunin. Ef sérstakt tilefni þykir til hefur dómnefnd vald til að auka við fjölda tilnefndra platna.

Spurður segir Eldar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Kraums, að til hliðsjónar Kraumsverðlaununum hafi verið hafðar virtar erlendar verðlaunahátíðir á borð við bresku Mercury-verðlaunin, bandarísku Shortlist-verðlaunin og hin kanadísku Polar-verðlaun. „Þetta eru plötuverðlaun í kringum okkur sem við höfum dálítið litið til,“ segir Eldar. „Við erum líka með þá nýjung að kaupa þá titla sem eru tilnefndir,“ segir hann en óvíst er hversu mikið upplag af plötunum verður keypt.

Dómnefnd Kraumsverðlaunanna hefur nú hafið störf. Hún er skipuð fimmtán aðilum sem hafa reynslu af að fjalla um og spila íslenska tónlist á ýmsum sviðum fjölmiðlunar, í dagblöðum, útvarpi og á netinu. Formaður dómnefndar er Árni Matthíasson, blaðamaður á Morgunblaðinu.

- fb



**ELDAR ÁSTÞÓRSSON** Stefnt er á að afhenda Kraumsverðlaunin í fyrsta sinn í byrjun desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Störe og Störe til bjargar þjóðinni

**Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, hefur sagt að Norðmenn og norræn ríki veiti aðstoð sem leiði Íslendinga út úr efnahagsvandanum. Egill Einarsson – „Störe“ – leiði Íslendinga út úr þunglyndinu.**

„Ég hef nú aldeilis verið að bjarga líka,“ segir Egill Einarsson líkamsræktarfrömuður, sem kallar sig „Störe“, aðspurður hvers vegna það hafi þurft norskan Störe til að bjarga málunum.

Utanríkisráðherra Noregs, Jonas Gahr Störe, hefur verið að funda með ráðamönnum og býður fram aðstoð til að leiða ráðvillta Íslendinga út úr efnahagshremmingum sem hér eru allt í kaf að keyra. Hinn íslenski „Störe“ segist hafa verið að vinna í því líka. Með fjarþjálfunarprógrammi sínu sem hefur slegið rækilega í gegn. „Það fyrsta sem sálfræðingar segja þegar þeir koma inn í fyrirtæki þar sem fullt er af þunglyndum Íslendingum er að andskotast í ræktina og koma sér í form. Þar kem ég inn. Er að bjarga mannslífum. Ef stærðfræðin er ekki að stríða mér: 0,01 prósent þjóðarinnar. Þrjú hundruð manns eru í þjálfun hjá mér. Ég vil ná þessari tölu upp í tíu prósent þjóðarinnar. Störe er bara einn maður, já, eða tveir eftir því hvernig á það er litið – ég þarf að ræða þetta betur við nafna minn, hann er að aðstoða með Íslendinga með budduna. Ég er að sjá til þess að þeir verði að minnsta kosti ekki gjaldþrota í formi. Er það ekki skárra? Af tvennu illu.“

Hinn íslenski Störe vill reyndar meina að hann sé að leggja landsmönnum lið einnig þegar litið er til fjármálanna. „Nú fer enginn í einkaþjálfun fyrir 60 þúsund kall á mánuði. Einkaþjálfarnir sitja á kaffihúsum með putta í rassi en Störe fann leið sem fólk ræður við. Það getur komið sér í hroðalegt form fyrir frá sjö þúsund og fimmhundruð kall. Sem er kjarabót.“

Egill, sem lengi kallaði sig „Stóri“, segist hafa verið orðinn leiður á því nafni og tók upp „Störe“ sem sé virðulegra. „Svo er mikið af fitubollum á Norðurlöndum. Og Störe gæti virkað þar eins og dæmin sanna.“

Störe segist aldrei hafa hitt nafna sinn. Og telur magnað ef svo gæti orðið. Þeir hefðu um ýmislegt gagnlegt að ræða. „Þetta er náttúrlega eftirnafnið hans. Ég heiti bara Störe. Við erum ekki skyldir. Svo ég viti. En það væri vissulega gaman að setjast yfir kaffibolla með honum. Hinum norska Störe.“

jakob@frettabladid.is



**HINN ÍSLENSKI STÖRE** Segir það ósanngjarna spurningu að hann sé ekki að vinna í að takast á við vandann.



**HINN NORSKI STÖRE** Utanríkisráðherra Norðmanna hefur verið að funda með ráðamönnum og hugga ráðvillta Íslendinga með loforðum um efnahagsaðstoð og milligöngu í deilum við Breta.

# Fyrsta plata Johnnys

Blús- og rokksveitin Johnny and the Rest heldur útgáfutónleika á Domo á föstudag til að kynna sína fyrstu plötu, sem er samnefnd henni. Upptökur á plötunni stóðu yfir í einungis tvær til þrjár vikur sem telst ekki mikið nú til dags.

„Við þurftum ekki meiri tíma því við vildum ekki vinna of mikið í henni. Við vildum hafa þetta lifandi og með karakter og þess vegna tók þetta kannski svona stuttan tíma,“ segir Bragi Eiríkur Jóhannsson, söngvari og gítarleikari Johnny and the Rest.

Hljómsveitin hefur verið starfandi síðan 2005 og hefur spilað á hinum ýmsu stöðum við góðar undirtektir. Tónleikarnir á Domo hefjast klukkan 21 og sér ET Tumason um upphitun. Miðaverð er 500 krónur inn á tónleikana en 1.500 fyrir þá sem vilja líka kaupa sér plötuna.

- fb



**JOHNNY AND THE REST** Hljómsveitin Johnny and the Rest heldur útgáfutónleika á Domo á föstudagskvöld. MYND/MARINO THORLACIUS



BYLGJAN 989 KYNNIR:

*Íslensku dívurnar*

# FROSTRÓSIR

*Tenorarnir & góðir gestir* 2008



## STÓR-JÓLATÓNLEIKAR FROSTRÓSA

STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA, KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR, SKÓLAKÓR KÁRSNESS, STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR OG ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN. TÓNLISTARSTJÓRI ER KARL O. OLGEIRSSON OG STJÓRNANDI HLJÓMSVEITAR ÁRNI HARÐARSON.

| HÖLLINNI AKUREYRI | LAUGARDALSHÖLL |
|---|---|
| 12. DESEMBER | 13. DESEMBER |

GUÐRÚN ÁRNÝ · EDGAR SMÁRI · MARGRÉT EIR · EIVØR · HERA BJÖRK · DÍSELLA · GARÐAR THOR CORTES · JÓHANN FRIÐGEIR

## MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00 Á *midi.is*

JÓLAGJÖF FROSTRÓSA

*Gleðjumst og gefum með Frostrósum*

Fyrir hvern seldan miða gefum við jólagjöf til þeirra er minna mega sín auk þess sem við bjóðum hundruðum á tónleikana. Fjölmennum á Frostrósir og gleðjum þannig þúsundir fjölskyldna fyrir jólin.



*Íslensku dívurnar og gestir*

FROSTRÓSIR

*Um allt land* 2008



## FROSTRÓSIR UM LANDIÐ - 4. – 9. DES.

ÞAU MARGRÉT EIR, HERA BJÖRK, GUÐRÚN ÁRNÝ, JÓHANN FRIÐGEIR OG EDGAR SMÁRI, FÆRA LANDSMÖNNUM JÓLIN Í ÁR Í FYLGD FJÖLDA HLJÓÐFÆRALEIKARA, STRENGJAKVARTETTS OG BARNAKÓRS.

**NJÓTUM JÓLATÓNLEIKA FROSTRÓSA Í GLÆSILEGRI UMGJÖRÐ UM LAND ALLT.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4/12 | Ísafjörður – Ísafjarðarkirkja | 7/12 | Stykkishólmur – Stykkishólmskirkja |
| 5/12 | Höfn í Hornafirði – Íþróttahúsið á Höfn | 7/12 | Ólafsvík – Félagsheimilið Klif |
| 6/12 | Eskifjörður – Menningarmiðst. í Fjarðarbyggð | 9/12 | Vestmannaeyjar – Höllin Vestmannaeyjum |

...flytur Frostrósir um landið

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

FROSTRÓSIR ...FÆRA ÞÉR JÓLIN

www.frostrosir.is

EKKI MISSA AF EINUM GLÆSILEGUSTU TÓNLEIKUM SÍÐARI ÁRA Á ÍSLANDI - Í FYRRA KOMUST FÆRRI AÐ EN VILDU







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 6, 8 og 10.15 | 16 |
| EAGLE EYE | kl. 8 og 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 6 - ÍSL.TAL | L |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 8 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HSM 3 | kl. 6D - 7:30 - 8:30D - 10:10 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 5:30 | VIP |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 10:10 vegna áskorana | 12 |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 5:40 - 8 - 10:30 DIGITAL | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:30 DIGITAL | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 8:20 - 10:30 | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 5:50 | L |
| WILD CHILD | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 8 | L |
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BURN AFTER READING | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 6 - 8 | L |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 6 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 8 | L |
| MAX PAYNE | kl. 10:10 | 16 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | 14 |
| BANGKOK DANGEROUS | kl. 10:10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| QUARANTINE LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.40 - 5.45 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 4 - 6 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WHERE IN THE WORLD IS OSAMA BIN LADEN | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| HÉR ER DRAUMURINN | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 8 - 10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Ómar Guðjóns í hringferð

Tríó gítarleikarans Ómars Guðjónssonar er á leiðinni í hringferð um landið sem hefst í Borgarnesi í kvöld. Með Ómari leika í sveitinni trommuleikarinn Matthías MD Hemstock og Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari.

„Við ætlum að breiða út fagnaðarerindið. Ég er svakalega spenntur og er búinn að iða í skinninu síðustu vikur,“ segir Ómar. „Við ætlum að keyra á einum bíl og hafa gaman.“

Auk þess að kynna sína nýjustu plötu, Fram af, ætla Ómar og félagar að halda fyrirlestra í þremur tónlistarskólum úti á landi. „Við ætlum að deila okkar hugsjónum í músík og fleiru,“ segir Ómar, sem er jafnvígur á popp, rokk og djass. „Við ætlum að útskýra hvað er stutt á milli allra þessara stefna.“ - fb

### Hringferð Ómars

**5.nóv.:** Landnámssetrið Borgarnesi
**6.nóv.:** Ketilhúsið Akureyri
**7.nóv.:** Hótel Hérað Egilsstöðum
**8.nóv.:** Hótel Höfn í Höfn
**9.nóv.:** Ráðhúsið Ölfus Þorlákshöfn
**12.nóv.:** Tónlistarskólinn Garðabæ
**19.nóv.:** Rósenberg Reykjavík



# Ánægðir með Íslandsför

**Danska dagblaðið Jyllands-Posten fjallar ítarlega um ferð þeirra Klovn-bræðra, Caspers Christiansen og Franks Hvam, til Íslands. Þeir félagar voru hæstánægðir með móttökurnar.**

Jyllands-Posten segir að vinsældir Klovn séu það miklar að þeir Frank og Casper séu orðnir að einhvers konar tískutáknum á Íslandi. Þar er Íslendingum jafnframt þakkaður sá mikli áhugi sem önnur Norðurlönd hafi sýnt þáttunum.

Í umfjöllun blaðsins segir að þótt Íslendingar geti ekki hlegið mikið um þessar mundir vegna efnahagsástandsins þá skelli þeir upp úr yfir svaðilförum Trúðanna. Tekið er viðtal við Maríu Hjálmarsdóttur sem er stofnandi Klovn-aðdáendahópsins og tvær stúlkur sem gerðu sér sérstakt far á barinn til að berja þá félaga augum.

Casper og Frank eru síðan teknir tali af vefsjónvarpi Jyllands-Posten og segja þeir að þessi mikli áhugi á þáttunum á Íslandi komi þeim spánskt fyrir sjónir. En þeir séu á hinn bóginn ákaflega hrærðir yfir þessum viðtökum. „Við fáum ekki mikið greitt fyrir að fara svona ferðir. En það gefur okkur aftur á móti mikið að fá svona mikil og góð viðbrögð við þáttunum,“ sagði Frank við blaðamann Jyllands-Posten þar sem hann var staddur á ónafngreindum bar í Reykjavík.



**VINSÆLIR** Frank og Casper eru orðnir að hálfgerðum tískutáknum á Íslandi, að mati danska blaðsins Jyllands Posten. MYND/ÓLAFUR RAFNAR ÓLAFSSON

Casper er hins vegar ekki í vafa um af hverju Klovn sé svona vinsælt. „Við Frank vildum gera þætti um menn í kringum fertugt sem lífið léki við. Málið væri hins vegar að þeir kæmu sér stöðugt í einhver vandræði. Og það hefur hreinlega sýnt sig að þetta er frekar alþjóðlegt vandamál.“

freyrgigja@frettabladid.is




# 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!

## ÞRIÐJUDAG TIL FIMMTUDAGS

## - RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

---

## NÝTT UPPHAF Í SKÍFUNNI Á FÖSTUDAGINN

## - FYLGSTU MEÐ!

S·K·Í·F·A·N

Nýtt upphaf

**Skífan Laugavegi 26 Opið 10-22 · Skífan Kringlunni Opið 10-18.30 · www.skifan.is**

> **Baráttan um Fjörðinn í Krikanum**

Það er búist við mikilli stemningu kl. 19.30 í Krikanum í kvöld þegar Hafnarfjarðarliðin FH og Haukar mætast í N1-deild karla. FH-ingar leggja mikinn metnað í umgjörð leiksins og ætla sér að fylla Krikann í kvöld. Mikil stemning er einnig í herbúðum Haukamanna fyrir leiknum. Svo verður gefið út sérblað um leikinn. Skemmtiatriði verða fyrir leik og ekki er búist við minni átökum í stúkunni en á vellinum. Það er langt síðan FH hefur átt gott lið í efstu deild en hið unga lið FH er á toppi deildarinnar fyrir leikinn en Haukar í sjötta sæti.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ÓMAR SÆVARSSON HJÁ ÍR:** BÚINN AÐ TAKA 50 FRÁKÖST Í SÍÐUSTU TVEIMUR LEIKJUM LIÐSINS

# *Þetta er ekki flókið, stíga út og ná í boltann*

ÍR-ingurinn Ómar Sævarsson er öflugur í frákastabaráttunni þessa dagana og hefur náð í 50 fráköst í síðustu tveimur leikjum á móti Njarðvík (27) og Breiðabliki (23).

„Þetta kom mér eiginlega frekar mikið á óvart því ég spái lítið í þessu meðan á leik stendur. Ég hugsa bara um að taka næsta frákast," segir Ómar sem frétti fyrst af þessum frákastatölum hjá félögum sínum. „Ég er ekki að fara að tékka á tölfræðinni minni eftir tapleiki en félagar mínir úr öðrum liðum hafa verið að hringja í mig eftir þessa tvo leiki og spyrja mig hvað hafi gengið eiginlega á," segir Ómar í léttum tón.

„Hjá mér hefur líka aldrei verið einhver ákveðin tækni eða hugsun á bak við það að taka fráköst. Þetta er ekki flókið, þú stígur manninn þinn út og svo nærðu í boltann," segir Ómar sem játar þó að hann hafi stefnt á að vera meðal fimm frákastahæstu manna. Ómar er langefstur í dag með 17 fráköst að meðaltali í fyrstu fimm leikjunum.



Það hefur samt ekki dugað til sigurs því ÍR hefur tapað öllum fimm leikjum sínum. „Ég myndi glaður skipta þessum fráköstum út fyrir einhverja sigra," segir Ómar. Hann segir ÍR-liðið skorta sjálfstraust til að klára jafna leiki.

„Vörnin er búin að vera góð í flestum af þessum leikjum en sóknarleikurinn er algjörlega út úr kú. Þetta var örugglega eins og að horfa á drengjaflokk spila þarna á tímabili á móti Breiðabliki," segir Ómar.

Ómar segir umræðu í fallbaráttu ekki hafa ratað upp í Seljaskóla þrátt fyrir slæma stöðu. „Við erum ekki að spá í því að halda okkur í deildinni því við ætlum inn í úrslitakeppnina og ætlum að reyna að ná heimavallarréttinum þar. Við settum það upp fyrir tímabilið og höldum okkur enn við það. Það er ekkert stress en menn þurfa bara að fá smá pung til að klára leiki," segir Ómar. Næsti leikur er á móti Tindastól á föstudaginn en stefnir Ómar á að taka yfir 20 fráköst þriðja leikinn í röð? „Ég ætla að stefna á sigur," svarar Ómar ákveðinn en hver veit nema hann þurfi að taka 20 fráköst til þess.



**HREFNA HULD** Ætlar að gera sitt til að hjálpa Stjörnunni að komast í fremstu röð. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hrefna Huld Jóhannesdóttir:

## Til Stjörnunnar

**FÓTBOLTI** Markadrottningin Hrefna Huld Jóhannesdóttir hefur ákveðið að yfirgefa herbúðir KR og ganga til liðs við Stjörnuna en hún skrifaði undir þriggja ára samning við félagið í gær.

„Mér hefur alltaf þótt leiðinleg þessi þróun í kvennaboltanum að tvö lið séu langbest eins og KR og Valur hafa verið undanfarin ár. Ég ætla því að gera mitt besta til þess að reyna að koma Stjörnunni í toppbaráttuna. Félagið setur sér metnaðarfullt markmið að verða Íslandsmeistari árið 2011 og ég ætla mér að taka þátt í því," segir Hrefna Huld ákveðin. - óþ

Skallagrímsmenn í körfunni:

## Ætla að reyna að styrkja liðið

**KÖRFUBOLTI** Skallagrímsmenn hafa ekki riðið feitum hesti frá fyrstu fimm umferðum Iceland Express-deildar karla. Pálmi Þór Sævarsson, spilandi þjálfari liðsins, staðfesti í gær að félagið væri að leita að liðstyrk. Bæði komi til greina að fá íslenska leikmenn og að leita eftir erlendum leikmanni. Borgnesinga vanti nauðsynlega leikstjórnanda í sitt lið.

„Það er nokkuð ljóst að við þurfum hjálp og það er verið að reyna að vinna í þessu á fullu. Við eigum eftir að finna út hvað er besta lausnin, peningarnir flæða ekki inn hérna en fólk í bæjarfélaginu er sjálft búið að leggja inn pening til liðsins," segir Pálmi. - óój

# Fátt samkvæmt bókinni

**Talsvert var um óvænt úrslit þegar fjórða umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fór fram í gærkvöld. Steven Gerrard bjargaði jafntefli fyrir Liverpool.**

**FÓTBOLTI** Það má segja að lítið hafi verið um úrslit samkvæmt bókinni í Meistaradeild Evrópu í gær og botnlið riðlanna létu nú loks til sín taka. Chelsea fékk skell í Róm en Liverpool gerði jafntefli gegn Atletico Madrid með marki í uppbótartíma.

Ekkert varð úr endurkomu Fernandos Torres í lið Liverpool þegar hans gömlu liðsfélagar í Atletico Madrid komu í heimsókn á Anfield-leikvanginn í gærkvöld en það breytti því ekki að leikurinn fór fjörlega af stað enda mikið í húfi fyrir bæði félög í toppbaráttu D-riðils.

Liverpool var meira með boltann framan af leik en náði ekki að nýta sér yfirburði sína og Robbie Keane fór í tvígang illa að ráði sínu fyrir framan mark gestanna.

Heimamönnum var svo refsað fyrir að nýta ekki marktækifæri sín þegar Maxi Rodríguez skoraði fyrsta mark leiksins fyrir Atletico á 37. mínútu eftir laglega sókn. John Heitinga átti þá langa sendingu fram hægri kantinn á Antonio López sem kom boltanum fyrir markið á Rodríguez og fyrirliðinn tók hann með sér í skrefinu og þrumaði honum í markið af stuttu færi.

Lengi leit út fyrir að Madrídingar myndu fara með sigur af hólmi þar sem sóknarlotur Liverpool runnu í sandinn hver af annarri. En loksins í uppbótartíma fengu heimamenn dæmda vítaspyrnu og úr henni skoraði Steven Gerrard og þar við sat.



**LANGÞRÁÐUR SIGUR** Leikmenn Roma höfðu ærna ástæðu til þess að fagna á Ólympíuleikvanginum í Róm í gærkvöld þegar þeir rassskelltu Chelsea 3-1 en Rómverjar hafa til þessa ekki haft yfir miklu að gleðjast á fótboltavellinum á þessarri leiktíð. NORDIC PHOTOS/AFP

### Óvænt í Róm

Rómverjar fengu heldur betur uppreisn æru þegar þeir unnu Chelsea nokkuð örugglega 3-1 á Ólympíuleikvanginum í Róm en Roma var búið að tapa fimm leikjum í röð í öllum keppnum og gengur til að mynda afleitlega í deildinni heima fyrir þar sem félagið vermir 17. sæti.

Christian Panucci, fyrrverandi lánsmaður hjá Chelsea, kom Roma á bragðið með marki í fyrri hálfleik. Mirko Vucinic bætti svo við tveimur mörkum snemma í seinni hálfleik áður en John Terry minnkaði muninn fyrir gestina og lokatölur urðu 3-1.

### Botnliðin tóku við sér

Þrjú af fjórum botnliðum í riðlum A til D í Meistaradeildinni unnu leiki sína í gær. En það voru Bordeaux sem vann 1-2 útisigur gegn CFR Cluj, Marseille sem skellti PSV 3-0 á heimavelli sínum og Panathinaikos sem vann Bremen 0-3. Fjórða botnliðið fyrir leiki gærkvöldsins, Basel, stóð að sama skapi heldur betur fyrir sínu og náði 1-1 jafntefli gegn Barcelona á Nývangi.

Eiður Smári Guðjohnsen sat allan leikinn á varamannabekk Barcelona sem hafði unnið ellefu leiki í röð í öllum keppnum fyrir heimsókn Svisslendinganna og vann fyrri leik liðanna með miklum yfirburðum 0-5.

Þá komu Kýpverjarnir og lærisveinar Temuri Ketsbaia í Anorthosis enn og aftur á óvart með því gera 3-3 jafntefli gegn Inter.

omar@frettabladid.is

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu*

| | |
|---|---|
| **A-riðill:** | |
| CFR Cluj-Bordeaux | 1-2 |
| 0-1 Yoann Gourcuff (6.), 1-1 Dani (9.), 1-2 Wendel (38.). | |
| Roma-Chelsea | 3-1 |
| 1-0 Christian Panucci (34.), 2-0 Mirko Vucinic (48.), 3-0 Vucinic (58.), 3-1 John Terry (75.). | |
| **B-riðill:** | |
| Anorthosis-Inter | 3-3 |
| 0-1 Mario Balotelli (13.), 1-1 Cédric Bardon (31.), 1-2 Marco Materazzi (44.), 2-2 Georgios Panagi (45.), 3-2 Nikos Frusos (50.), 3-3 Cruz (80.). | |
| W. Bremen-Panathinaikos | 0-3 |
| 0-1 Mantzios (58.), 0-2 Karagounis (70.), 0-3 Tzolis (83.). | |
| **C-riðill:** | |
| Sporting-Shakhtar | 1-0 |
| 1-0 Derlei (73.). | |
| Barcelona-Basel | 1-1 |
| 1-0 Lionel Messi (62), 1-1 Derdiyok (82.). | |
| **D-riðill:** | |
| Liverpool-Atletico Madrid | 1-1 |
| 0-1 Maxi Rodríguez(37.), 1-1 Steven Gerrard (90.) | |
| Marseille-PSV | 3-0 |
| 1-0 Koné (30.), 2-0 Niang (63.), 3-0 Niang (71.). | |
| **Leikir kvöldsins:** | |
| AaB-Villarreal | |
| Celtic-Man. Utd | **Stöð 2 Sport** |
| Fiorentina-Bayern München | |
| Lyon-Steaua | |
| Arsenal-Fenerbahçe | **Stöð 2 Sport 3** |
| Dynamo Kiev-Porto | |
| Bate Borisov-Zenit St. Pétursborg | |
| Real Madrid-Juventus | **Stöð 2 Sport 4** |

Félagaskipti KR-inga til GAIS:

## Líklega gengið frá málum í dag

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins úr herbúðum GAIS hefur sænska úrvalsdeildarfélagið boðað til blaðamannafundar í dag þar sem það hyggst kynna þrjá nýja leikmenn til sögunnar: Þá Hallgrím Jónasson, Guðjón Baldvinsson og Guðmund Reyni Gunnarsson, en þremenningarnir munu hafa skrifað undir fimm ára samninga við félagið í gær.

Forráðamenn KR vildu ekkert staðfesta um félagaskipti Guðjóns og Guðmundar Reynis þegar Fréttablaðið leitaði til þeirra í gær en vonuðust til þess að gengið yrði frá málum fljótt. - óþ




FJARÐARKAUP OG GÓA KYNNA MEÐ STOLTI
Aukatónleikar kl. 16.00. Vegna fjölda áskorana!
Jólagestir Björgvins
Laugardaginn 6. desember í Laugardalshöllinni
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
HELGI BJÖRNS
KRUMMI & DANÍEL ÁGÚST
LADDI
PÁLL ÓSKAR & MONIKA
RAGGI BJARNA
SIGGA BEINTEINS
STEFÁN HILMARSSON
SVALA BJÖRGVINS
SÉRSTAKUR GESTUR
KRISTJÁN JÓHANNSSON
STÓRHLJÓMSVEIT BJÖRGVINS · KARLA- OG BARNAKÓR
STRENGJASVEITIN REYKJAVÍK SESSION ORCHESTRA
MIÐASALA HAFIN Á AUKATÓNLEIKANA!
FK FJARÐARKAUP
Góa Stofnað 1968
Miðasala á midi.is og á sölustöðum Miða.is
bravó! Góðar stundir

> **Patrick Stewart**

„Ég stýrði geimskipinu Enterprise í sjö ár í Star Trek-þáttunum og allan tímann var ég dauðhræddur um að fólk uppgötvaði að ég hafði ekki hugmynd um hvað ég var að gera. Ég hef til dæmis aldrei fengið miðstöðina í bílnum mínum til að virka eins og ég vil að hún virki.“
Stewart fer með hlutverk kapteins Nemo í framhaldsmyndinni Mysterious Island sem byggð er á sögu eftir Jules Verne og er sýnd á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐTÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM SPARNAÐINN

# *Öflug Morgunvakt nauðsynleg*



Þótt KK sé prýðispiltur og ágætis tónlistarmaður, þægilegur spjallari og sé þess vel umkominn að velja þokkalega tónlist og lesa kynningar á milli er það allt annað en að halda áfram Morgunvaktinni á fullum styrk á tímabilinu frá 7-9. Það er sagt vera sparnaðaraðgerð og varla gátu þau Óðinn Jónsson og Sigrún Stefánsdóttir verið óheppnari með tímasetningu á þeirri breytingu. Á sama tíma var morgunvakt Bylgjunnar að spretta úr spori og skákaði algerlega Ríkisútvarpinu. Nú geta þau Óðinn og Sigrún varla skotið sér á bak við sparnaðinn einan. Í gamla Morgunsjónvarpinu og í eftirmiðdagsdagskrám hafa áheyrendur aðgang og hafa kynnst þéttum prógrömmum áður sem voru unnin af tveggja til þriggja manna teymum. Verkefni þeirra er að skila lifandi dagskrá. Niðurskurður um mann í Morgunvaktinni á RÚV er því helst til aumur fyrirsláttur og hendir í raun Rás 1 úr umræðunni. Fjórðungur af prógrammi tveggja tíma gæti verið klipptur úr þáttum eftirmiðdags og kvölds deginum áður með viðbrögðum. Og svo hinu forkveðna: vilji menn njóta þeirra forréttinda að vinna hjá miðlum ríkisins verða þeir bara að vinna meira. Það er hreint bull að afköst þar séu svo slök sökum þess að allt sé svo vandað. Og til þess eru nýir yfirmenn að nýta mannskap betur og á nýjan hátt. Öflugur fréttaskýringaþáttur að morgni dags er nauðsynlegur. Þessi staða minnir á hæðnislega umfjöllun Jóns Helgasonar um útsendingar Ríkisútvarpsins á stríðsárunum þegar frá Íslandi heyrðust bara valsar. Tímann fyrir níu á að nýta betur.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30** Celtic - Man. Utd., BEINT — STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.30** The Dresden Files — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.35** Frasier — SKJÁREINN



▶ **21.15** Heimkoman (October Road II) — SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** Mysterious Island — STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**12.00 Aukafréttatími** Úrslit forsetakosninganna í Bandaríkjunum.

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (36:52)

**17.55 Gurra grís** (61:104)

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Stjáni** (5:26)

**18.24 Sígildar teiknimyndir** (5:42)

**18.31 Gló magnaða** (70:87)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.05 Bráðavaktin** (ER) (1:19)

**20.50 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) (12:15) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi og neyðist til að komast að því hver hún í rauninni er.

▶**21.15 Heimkoman** (October Road II) (15:19) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagnahöfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

**23.05 Alice Babs** (Naturröstens hemlighet - Alice Babs) Heimildamynd um sænsku söngkonuna Alice Babs.

**00.25 Kastljós** (e)

**00.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Aquamarine**

**10.00 Finding Neverland**

**12.00 Accepted**

**14.00 The Ringer**

**16.00 Aquamarine**

**18.00 Finding Neverland**

**20.00 Accepted** Gamanmynd um unglingsdreng sem setur á laggirnar platháskóla.

**21.30 Bond On Location**

**22.00 Puff,Puff, Pass**

**00.00 Stealth**

**02.00 War of the Worlds**

**04.00 Puff,Puff, Pass**

**06.00 Godsend**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smáskrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.35 La Fea Más Bella** (185:300)

**10.20 Grey's Anatomy** (30:36)

**11.15 Hell's Kitchen** (3:11)

**12.00 Grey's Anatomy** (3:25)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Sisters** (13:28)

**13.55 Life Begins** (6:6)

**14.45 E.R.** (9:25)

**15.35 Friends**

**16.00 Skrímslaspilið**

**16.23 BeyBlade**

**16.48 Ruff's Patch**

**16.58 Gulla og grænjaxlarnir**

**17.08 Jólaævintýri Scooby Doo**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.15 Víkingalottó**

**19.20 Veður**

**19.30 The Simpsons** (21:22)

**19.55 Friends** (19:25)

**20.20 Project Runway** (10:15) Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta hönnuð í heimi hátískunnar.

**21.05 Grey's Anatomy** (3:24)

▶**21.50 Mysterious Island** Seinni hluti framhaldsmyndar um ævintýralegan flótta kapteins Cyrus Smith og félaga hans út fangelsi. Þeir lenda á dularfullri eyju þar sem þeir þurfa að berjast við stökkbreytar verur og sjóræninga.

**23.15 Dagvaktin** (7:12)

**23.45 E.R.** (9:25)

**00.35 Crossing Jordan** (19:21)

**01.20 Belly of the Beast**

**02.50 Grey's Anatomy** (3:24)

**03.35 Mysterious Island**

**05.00 The Simpsons** (21:22)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.

**07.40 Meistaradeild Evrópu**

**08.20 Meistaradeild Evrópu**

**09.00 Meistaradeild Evrópu**

**16.10 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu.

**17.50 Meistaradeild Evrópu**

**18.30 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**19.00 Meistaradeild Evrópu** Hitað upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu.

▶**19.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Celtic og Man. Utd í Meistaradeild Evrópu. Sport 4. Roma - Chelsea Sport 5. Anorthosis Famagusta - Inter Milan

**21.40 Meistaradeild Evrópu**

**22.20 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Roma og Chelsea.

**00.10 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Anorthosis Famagusta og Inter.

**02.00 Meistaradeild Evrópu**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik WBA og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.00 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

**19.30 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**21.35 Leikur vikunnar**

**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki við að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**19.20 Innlit / Útlit** (7:14) (e)

**20.10 What I Like About You** (16:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Holly ákveður að besta leiðin til að gera Vince afbrýðisaman sé að fara á stefnumót við yfirmann Garys en Gary hefur áhyggjur af því að þetta ráðabrugg muni kosta hann starfið.

▶**20.35 Frasier** (16:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.

**21.00 America's Next Top Model** (6:13) Paulina Porizkova sýnir stelpunum hvernig fyrirsætur geta gert óaðlaðandi föt áhugaverð. Í myndatökunni þurfa stúlkurnar að túlka „náttúruhamfarir“ sem geta gert íbúum Los Angeles lífið leitt svo sem jarðskjálfta, flóðbylgju, hitabylgju og umferðarteppu.

**21.50 How to Look Good Naked** (7:8) Núna tekst Gok Wan á við risavaxið verkefni. Lydia Rullow er 23 ára stúlka með stóran barm. Henni var strítt í skóla fyrir stóru brjóstin og enn í dag reynir hún að fela vöxtinn bak við of stór föt. Gok er staðráðinn í að frelsa þessa kynbombu úr fjötrum hugans.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Law & Order** (6:24) (e)

**00.20 Eureka** (13:13) (e)

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

### Grey's Anatomy



Fimmta sería Grey's Anatomy er hafin á Stöð 2 og spennan nú þegar orðin mikil. Derek og Meredith hafa ákveðið að byrja að búa saman, að hann flytji til hennar. En hún veit ekki alveg hvernig hún á að bregðast við þegar hann vill fara að breyta íbúðinni. Á meðan er George að fara yfir um af prófstressi og má því ekki við ástandinu sem skapast á spítalanum þegar pípulagnir springa og allt fer á flot. Þættirnir eru endursýndir á Stöð 2 Extra klukkan 22 á fimmtudögum og á sunnudögum kl. 23.20.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Bráðavaktin (ER)**

**Sjónvarpið kl. 20.05**

Sjónvarpið sýnir nú fjórtándu syrpuna af Bráðavaktinni sem notið hefur mikilla vinsælda allt frá upphafi en fyrstu þættir voru framleiddir árið 1994. Þeir hafa unnið til fjölda verðlauna, m.a. Golden Globe og Emmy. Hér segir frá starfsfólki og sjúklingum á sjúkrahúsi í bandarískri stórborg þar sem annríki er mikið og ákvarðanir teknar upp á líf og dauða.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**11.45** Í mótbyr
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Heimur óperunnar
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bókaþing
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (52:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (53:260)
**17.00 Seinfeld** (7:24)
**17.30 The Dresden Files** (11:13)
**18.15 Skins** (10:10)
**19.00 Hollyoaks** (52:260)
**19.30 Hollyoaks** (53:260)
**20.00 Seinfeld** (7:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
▶ **20.30 The Dresden Files** (11:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína til að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
**21.15 Skins** (10:10) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**22.00 Chuck** (10:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**22.45 Prison Break** (5:22) Michael Scofield braust út úr fangelsi með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
**23.30 Twenty Four 3** (24:24)
**00.15 Magick** (4:4)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Vangaveltur um heilsu, lífsviðhorf og heilbrigði. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta til leiks.
**21.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson ræðir um kosningar í USA en hann er staddur í Flórída.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.10** Aftenshowet 2. del **12.40** Nationen **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Hannah Montana **15.55** Svampebob Firkant **16.20** F for Får **16.30** Skæg med tal **16.55** Gurli Gris **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.50** Horisont Ekstra **21.15** SportNyt **21.25** En sag for Frost **23.00** Onsdags Lotto **23.05** OBS **23.10** Seinfeld **23.30** Plan dk

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Barmeny **13.30** ‚Allo, ‚Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Fabrikken **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** Hannah Montana **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 70-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Höök **21.30** Berserk gjennom Nordvestpassasjen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Kodenavn Hunter **23.45** Diamantenes verden

## SVT 1

**11.55** Bröllopsfesten **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Hannah Montana **15.30** Mega **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Mitt språk **16.15** Alfons Åberg **16.25** Den itusågade kaninen **16.40** Hemska Henry **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Plus **20.30** Carin 21:30 **21.00** The Tudors **22.00** Livet i Fagervik **22.45** Kulturnyheterna **23.00** Svensson, Svensson **23.30** Robins **00.00** Sändningar från SVT24




## KREPPAN



*„Það er allt að verða dýrara, segir kærastan mín. Annars nenni ég ekkert að pæla í þessu. Ekki alveg strax allavega.“*

Bjarni Hall, söngvari Jeff Who?

# Varalitshaldari frá Truman á uppboði

Athyglisverður munur hefur nú skotið upp kollinum á uppboðsvef danska uppboðshaldarans Bruun Rasmussen sem snertir sögu landsins. Um er að ræða Cartier-úr sem jafnframt er varalitshylki úr 14 karata gulli. Hluturinn er, á uppboðsvefnum, sagður gjöf til Georgíu Björnsson, konu Sveins Björnssonar fyrsta forseta landsins, og er gefandinn enginn annar en Harry S. Truman, fyrrverandi Bandaríkjaforseti. Hinir dönsku uppboðshaldarar meta það sem svo að þessi hlutur sé frá um 1950. Hann er 70 x 12 sentimetrar á stærð og fylgir upprunaleg askja með.

Þrátt fyrir að þarna virðist um dvergasmíð að ræða og sögulega í þokkabót er hluturinn ekki metinn á mikið eða sex til átta þúsund krónur danskar sem eru nú um 130 til 180 þúsund krónur – miðað við gengi dagsins í gær. En uppboðið stendur frá 12. til 26. nóvember þannig að ómögulegt er að segja til um á hvað munurinn fer þegar uppboðinu lýkur.

- jbg



**EINSTAKUR MUNUR** Gjöf frá Truman til Georgíu konu Sveins Björnssonar forseta er nú að finna á dönskum uppboðsvef.



**SVEINN BJÖRNSSON** Fyrsti forseti Íslands og kona hans voru greinilega í hávegum höfð hjá Bandaríkjaforseta.



**LÁRÉTT**
**2.** jurt, **6.** í röð, **8.** í viðbót, **9.** árkvíslir, **11.** gelt, **12.** skipulag, **14.** miðja, **16.** skóli, **17.** soðningur, **18.** drulla, **20.** mun, **21.** litlaus.

**LÓÐRÉTT**
**1.** jarðsprungur, **3.** guð, **4.** brá, **5.** hallandi, **7.** torfærur, **10.** skel, **13.** þakbrún, **15.** innyfli, **16.** starfsgrein, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gras, **6.** jk, **8.** auk, **9.** ála, **11.** gá, **12.** röðun, **14.** nafli, **16.** fg, **17.** soð, **18.** aur, **20.** ku, **21.** grár.

**LÓÐRÉTT: 1.** gjár, **3.** ra, **4.** augnlok, **5.** ská, **7.** klöngur, **10.** aða, **13.** ufs, **15.** iður, **16.** fag, **19.** rá.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Fjóra milljarða norskra króna, um 75 milljarða íslenskra króna.
2. C-deild.
3. Ragnar Bragason.


Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is




**ALLT BÚIÐ** Guðfinnur Halldórsson, einn reyndasti bílasali landsins, segir engan markað fyrir notaða Range Rovera. Það eigi bara eftir að daga uppi á Íslandi. Hann hætti sjálfur við að endurnýja eigin Range Rover. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GUFFI BÍLASALI: ÆTLA EKKI AÐ ENDURNÝJA MINN RANGE ROVER

# Geim óver fyrir Range Rover

„Það er bara geim óver fyrir Range Rover,“ segir Guðfinnur Halldórsson, einn reyndasti og þekktasti bílasali landsins. Áttatíu og fjórir notaðir Range Roverar af árgerðinni 2006 til 2009 hafa verið settir á söluskrá síðustu 30 daga. Fréttablaðið greindi frá því í lok síðasta árs að 200 notaðir Range Rover-bílar væru til sölu á Íslandi. Verðmæti þeirra væri samtals tveir milljarðar en áhvílandi væri hálfur milljarður. Í kjölfar hruns bankanna og krónunnar má gera ráð fyrir að þær afborganir hafi rokið upp úr öllu valdi. „Níutíu prósent af þessum bílum eiga ekki eftir að seljast,“ segir Guðfinnur og sparar ekki stóru orðin. „Menn eru bara að eyða tíma bílasala og sínum eigin í slíkar vangaveltur. Eigendur notaðra Range Rovera sitja bara uppi með þá.“

Sjálfur á Guðfinnur Range Rover-jeppa og íhugaði að yngja aðeins upp fyrir skömmu. Hann, sjálfur bílasalinn, hætti snögglega við. Fannst of mikið að borga fimm milljónir á milli. „Verðgildi notaðs Range Rover rýrnar kannski um þrjár milljónir á einu ári. Og það gleymdist kannski að taka það tap með í reikninginn.“ Hann bætir því við að það færist sífellt í vöxt að menn bjóði peninga með bílunum. Fjármögnunarfyrirtækin séu hins vegar á varðbergi gagnvart slíkum gjörningi og stoppi hann. Í Fréttablaðinu á laugardaginn var einmitt Range Rover af árgerðinni 2003 auglýstur til sölu. Með í kaupunum fylgdu þúsund lítrar af bensíni og 200 þúsund krónur í reiðufé. Fréttablaðið hafði samband við umræddan aðila sem vildi ekkert tjá sig við fjölmiðla. Guðfinnur reyndi sjálfur að selja umræddan bíl en það strandaði á því að kaupandinn vildi fá meira reiðufé fyrir að yfirtaka lánið.

Guðfinnur óttast það jafnframt að menn kunni að grípa til örþrifaráða. „Hér áður fyrr var talað um litlu stúlkuna með eldspýturnar í bókhaldinu. En nú er hún bara komin með bílpróf,“ útskýrir Guðfinnur og vísar þar til óvenjumargra bílabruna að undanförnu. Hann gefur jafnframt lítið fyrir þær hugmyndir að flytja bílaflota landsmanna út. „Halda menn virkilega að það sé einhver meiri markaður fyrir bíla úti í löndum en hérna heima?“ Hann segist þó sjálfur ekki vera á þeim buxunum að leggja upp laupana. Til að mynda vanti bíla hjá honum sem metnir séu á undir einni milljón. „Maður er bara að skrapa botninn á þeim markaði.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Á krepputímum fer lítið fyrir stórum og flottum galapartíum sem voru algeng hér á landi síðustu ár. **Jón Gunnar Geirdal** og félagar hjá Senu láta þó kreppuljal ekki stoppa sig og hyggjast fagna frumsýningu nýju James Bond-myndarinnar með glæsiveislu á laugardagskvöldið. Fjölmörg þekkt andlit úr fjölmiðla- og skemmtibransanum hafa fengið boðskort og verður um lokað einkasamkvæmi á B5 að ræða. Plötusnúðurinn **Margeir Ingólfsson** sér um tónlistina og meðal þeirra sem fengið hafa boð í veisluna eru **Auðunn Blöndal**, **Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir**, **Pétur Jóhann Sigfússon**, **Logi Bergmann Eiðsson**, **Svanhildur Hólm**, **Embla Grétarsdóttir** og allar stelpurnar í kvennalandsliðinu auk **Birgittu Haukdal**, **Ásgeirs Kolbeinssonar** og **Heiðars Austmann**.



Heldur þótti þeim **Pálma Gestssyni** og félögum hans í Spaugstofunni súrt í broti að fá ekki tilnefningu til Eddu-verðlauna fyrir leik sinn í þessum vinsælu þáttum. Enn er gengið fram hjá þeim og nú þegar allt stefnir í að þetta verði síðasti vetur þessara ástsælu grínara. **Ragna Fossberg** fékk reyndar tilnefningu fyrir förðun og þá er **Atli Geir Grétarsson**, sem sér um leikmuni Spaugstofunnar, einnig tilnefndur en það er fyrir leikmyndina í Brúðgumanum. Nú er leikurunum núið því um nasir að það sé ekki innihaldið heldur umbúðirnar sem haldi þáttunum uppi.



Nýtt lag er komið í spilun með Heimilistónum, „Verum bara hress“. Lagið er eftir **Ólafíu Hrönn Jónsdóttur** og hún syngur það sjálf. Lolla gefur þessi ráð í kreppunni: „Förum bara fetið, verum bara hress, við skulum hlæja, tralla og hugsa um að spara. Því enginn skilur ástandið og allir segja að ástæðan sé bara... ba.“ Ólafía fer auðvitað sjálf eftir boðskapnum og dvelur nú í góðu yfirlæti í Egyptalandi, fjarri kreppu og öðrum leiðindum.- hdm, drg




FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

Úrval fiskrétta

í ofninn eða pönnuna.

Veljum íslenskt



opið

mán-fös 10-18:15

og lau 11-14:00


# Norðmenn leita að ódýru dóti

Tæplega tíu þúsund heimsóknir hafa komið frá hinum Norðurlöndunum inn á uppboðssíðuna Selt.is eftir efnahagshrunið hér á landi. Lítið hefur þó verið um að útlendingar hafi keypt hluti á síðunni heldur virðist sem eingöngu sé um forvitni að ræða.

Flestir útlendinganna eru Norðmenn og spilar þar væntanlega inn í frétt á hinni vinsælu norsku síðu Hegnar.no um íslensku síðuna þar sem greint er frá því hversu hagstætt sé að kaupa hluti hér á landi vegna lágs gengis krónunnar. Finnar hafa einnig verið duglegir að skoða síðuna.

„Ég held að þeir séu fyrst og fremst að sjá hvað er í boði,“ segir Björgvin Guðmundsson hjá Selt.is, sem fagnar auknum áhuga að utan. „Við erum að reyna að vekja meiri athygli á síðunni, sérstaklega á þessum tímum þegar fólk vantar pening. Það á kannski fullt af dóti í geymslu sem það vill koma út,“ segir hann. „Við erum að hvetja notendur til að skrifa lýsingar á ensku því þar eru miklir möguleikar.“

Hann segir að Íslendingar hafi verið duglegir að nota síðuna. Er skemmst frá því að segja að nýlega seldist þar landslagsmálverk eftir Kjarval fyrir 300 þúsund krónur. Dýrasti hluturinn sem hefur verið seldur á síðunni er samt mótorhjól sem var slegið á tæpa milljón. „Það hafa verið Porsche-bílar og jeppar til sölu á fleiri milljónir en þeir hafa ekki selst,“ bætir Björgvin við.

- fb



**EIGENDUR** Björgvin Guðmundsson, Sindri Bergmann og Óli Haukur Valtýsson reka Selt.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# GLÆSILEGT STÓRVIRKI




Ítarleg leiðsögn í máli og myndum um dýr jarðar, frá stærstu spendýrum til smæstu hryggleysingja.

Fegurð og fjölbreytileiki dýraríkisins birtist hér í einstæðum ljósmyndum, glöggum skýringarmyndum og greinargóðum texta. Hrífandi lesning fyrir alla sem unna náttúrunni og vandaðri umfjöllun um hana.

- Yfir 600 blaðsíður í stóru broti
- Lýsing meira en 2.000 dýrategunda
- Þróunarsaga dýranna
- Aragrúi einstæðra ljósmynda
- Kort yfir heimkynni




**GUÐNI KOLBEINSSON** þýddi og **ÖRNÓLFUR THORLACIUS** var faglegur ritstjóri íslensku útgáfunnar.

Í sama flokki og **JÖRÐIN og MAÐURINN**







JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## *Blóð Busi Davi Dóri*

Sama dag og síðustu fjöldamótmæli voru haldin á Austurvelli vegna hins hörmulega efnahagsástands átti ég leið um Langholtsveginn. Á horninu við Holtaveg stóð einmitt Helgi Hóseasson, mótmælandi Íslands, með prikið sitt og spjaldið. Óhagganlegur, friðsamur og svo dásamlega ómótstæðilegur að mig langaði mest að stökkva út úr bílnum og taka mér stöðu þarna hjá honum. Líklega hefði hann alls ekki kært sig um félagsskap minn, því líka þennan dag var ég – eins og svo margir – full gremju og andúðar á óréttlæti heimsins. Auk þess hef ég ekki nokkra þjálfun í pólitískum mótmælum að ráði, heldur hafa þau hingað til einskorðast við kátar fjöldagöngur á kvennafrídaginn niður Skólavörðustíg. Ég hefði enst svona fimm mínútur þarna á Langholtsveginum, þrátt fyrir göfugan málstað.

**EFTIR** að hafa prófað ýmis upphlaup og læti í gegnum tíðina til að fá rétt sinn viðurkenndan minnir Helgi Hóseasson orðið mest á pönkaralega útgáfu af Gandhi. Staðfastlega mættur á mótmælastaðinn sinn í bítið með misjafnlega dularfull skilaboð á prikinu. Stundum mynd af brennandi kirkju eða áleitnar og óþægilegar spurningar um sýkla og guð. Eða náttúrulega hið fræga ljóð í knöppum stíl. Svo skreppur hann kannski heim í mat en mætir svo svikalaust aftur til að berjast fyrir réttlætinu.

**ÞRJÓSKA** embættismanna í garð þessa gamla manns er merkileg ráðgáta. Það er ekki eins og hann sé að biðja um mikið. Bara aggalitla riftun á sáttmála sem gerður var við guð í hans nafni án minnsta samráðs. Svolítið eins og að íslenska þjóðin þarf að standa skil á skuldum sem gerðar voru í hennar nafni án þess að spurt hafi verið um leyfi. Í tilfelli Helga snýst gjörningurinn ekki einu sinni um peninga heldur ungbarnaskírn og fermingu sem hvergi er kveðið á um nema í hefðum íslensku þjóðkirkjunnar. Hvorki geistleg né veraldleg yfirvöld telja sig hins vegar hafa heimild til að græja þetta smotterí, kannski af ótta við að móðga guð.

**ÉG** hef hins vegar fulla trú á að guð myndi sýna málinu ágætan skilning. Hann hefur fyrirgefið margt annað verra. Það væri líka hvetjandi fyrir okkur öll hin að sjá mótmæli skila árangri.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 5. nóvember, 310. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.25 | 13.11 | 16.57 |
| Akureyri | 9.21 | 12.56 | 16.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

